

# Lýsing Greiðslumiðlunarinnar Hrings ehf.

Gefin út í tengslum við töku skuldabréfa í floknum HARP 46 0217 til viðskipta á Aðalmarkaði  
NASDAQ OMX Iceland hf.

**Lýsing þessi er dagsett 19. september 2014**

Umsjónaraðili með töku HARP 46 0217 til viðskipta:  
Landsbankinn hf.



Þessi síða er vísitandi höfð auð.

Greiðslumiðlunin Hringur ehf.

# Samantekt

19. september 2014

Þessi síða er vísitandi höfð auð.

# SAMANTEKT

Samantektin er í fimm hlutum sem merktir eru með bókstöfunum A-E. Hver hluti samanstendur af upplýsingaliðum sem eru númeraðir frá A.1-E.7.

Samantektin er útbúin í samræmi við viðauka XXII við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 809/2004 með síðari breytingum. Samantektin inniheldur alla þá upplýsingaliði sem fram skulu koma í samantekt skv. fyrrgreindri reglugerð fyrir lýsingar sem unnar eru í samræmi við viðauka IV og V við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 809/2004, sem varðar lágmarkskröfur um upplýsingar sem koma eiga fram í lýsingu fyrir skuldabréf. Númeraröð upplýsingaliðanna getur verið slitin, en ástæða þess er að ekki er gerð krafa um birtingu ákveðinna upplýsingaliða í samantekt vegna lýsinga sem unnar eru í samræmi við viðauka IV og V.

Þrátt fyrir að samantektin skuli innihalda tiltekinn upplýsingalið þá er mögulegt að upplýsingaliðurinn eigi ekki við í tilviki útgefanda og þeirra verðbréfa sem lýsingin tekur til. Í því tilviki er sett inn í samantektina stutt lýsing á upplýsingaliðnum ásamt textanum „á ekki við“.

## A. Inngangur og fyrirvarar

Liður	Upplýsingakrafa	Upplýsingar
A.1	Fyrirvari	<p>Samantektin skal lesin sem kynning á lýsingu Greiðslumiðlunarinnar Hrings ehf. (hér eftir „Hringur“, „útgefandinn“ eða „félagið“) sem samanstendur af þessari samantekt, útgefandalýsingu og verðbréfalýsingu dagsettum 19. september 2014.</p> <p>Fjárfestir skal taka ákvörðun um að fjárfesta í verðbréfum Hrings á grundvelli lýsingarinnar í heild sinni.</p> <p>Ef farið er fyrir dómstóla með kröfu sem varðar upplýsingar í lýsingunni gæti fjárfestir sem stefnir þurft að greiða kostnað af þýðingu á lýsingunni áður en málarekstur hefst.</p> <p>Einkaréttarábyrgð fellur eingöngu á þá aðila sem útbúið hafa samantektina þ.m.t. þýðingu á henni, en eingöngu ef hún er villandi, ónákvæm eða í ósamræmi við aðra hluta lýsingarinnar, eða ef hún veitir ekki, þegar hún er lesin með öðrum hlutum lýsingarinnar, lykilupplýsingar til að aðstoða fjárfesta við mat á því hvort fjárfesta skuli í viðkomandi verðbréfum.</p>
A.2	Heimild til notkunar á lýsingu	Á ekki við, útgefandi veitir fjármálafyrirtækjum ekki heimild til notkunar á lýsingunni vegna sölu verðbréfa síðar meir.

## B. Útgefandi

Liður	Upplýsingakrafa	Upplýsingar
B.1	Lögformlegt heiti og	Lögformlegt heiti og viðskiptaheiti félagsins er Greiðslumiðlunin Hringur

	viðskiptaheiti	ehf.
B.2	Lögheimili og félagiform	Austurbakki 2, 101 Reykjavík, Ísland. Hringur er skráð einkahlutafélag í samræmi við lög nr. 138/1994, um einkahlutafélög.
B.4b	Upplýsingar um þekkta þróun sem áhrif hefur á útgefanda og atvinnugrein hans	Á ekki við, útgefandi er sérstakt félag um fjárskuldbindingar vegna tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu við Austurhöfnina í Reykjavík.
B.5	Skipulag	Hringur er dótturfélag Hörpu TR, sem er 54% í eigu Ríkissjóðs Íslands og 46% í eigu Reykjavíkurborgar. Neðangreind mynd sýnir samstæðuna sem Hringur er hluti af og stöðu Hrings innan hennar. . <pre> graph TD     A["Harpa tónlistar- og ráðstefnuhús ehf. (Ríkissjóður Íslands 54% og Reykjavíkurborg 46%)"]     B["Greiðslumiðlunin Hringur ehf. (100%)"]     C["Rekstarfélagið Staði s.hf. (77%)"]     D["Rekstarfélagið Hörpustrengir ehf. (100%)"]     A --- B     A --- C     A --- D </pre>
B.9	Rekstraráætlun	Á ekki við.
B.10	Fyrirvarar í endurskoðunarskýrslum	Endurskoðendur hafa ekki sett fyrirvara í endurskoðunarskýrslur vegna sögulegra fjárhagsupplýsinga sem settar eru fram í lýsingunni.
B.12	Samandregnar fjárhagsupplýsingar og verulegar breytingar á fjárhagsstöðu	<p>Rekstrartap Hrings á fyrstu sex mánuðum ársins 2014 nam 1.908 m.kr. til samanburðar við 588 m.kr. tap á sama tímabili árið 2013. Fjármagnsgjöld á fyrstu sex mánuðum ársins 2014 námu 14 m.kr. til samanburðar 9 m.kr. á sama tímabili árið 2013. Tap fyrstu sex mánaða ársins 2014 nam 1.923 m.kr. til samanburðar við 597 m.kr. tap á sama tímabili árið 2013.</p> <p>Rekstrartap Hrings nam 1.296 m.kr. á árinu 2013 samanborið við 1.069 m.kr. á árinu 2012. Fjármunatekjur námu 1.092 m.kr. á árinu 2013 samanborið við 564 m.kr. á árinu 2012. Heildartap ársins 2013 nam 204 m.kr. samanborið við 796 m.kr. hagnað á árinu 2012.</p> <p>Heildareignir Hrings námu 19.672 m.kr. þann 30. júní 2014 og til samanburðar 19.652 m.kr. í lok árs 2013 og 17.347 m.kr. í lok árs 2012. Eigið fé þann 30. Júní 2014 var neikvætt um 2.949 m.kr. og til samanburðar var það neikvætt um 1.026 m.kr. í árslok 2013 og um 822 m.kr. í árslok 2012.</p> <p>Ekki hafa átt sér stað mikilvægar breytingar á fjárhags- eða viðskiptastöðu Hrings frá því að félagið birti niðurstöður fyrir síðasta fjárhagstímabil sem lauk þann 30. júní 2014.</p> <p>Ekki hafa átt sér stað verulegar óæskilegar breytingar á framtíðarhorfum félagsins frá því að síðustu endurskoðuðu reikningsskil félagsins voru birt.</p>
B.13	Upplýsingar um hvers kyns atburði sem hafa nýlega átt sér stað og skipta máli við mat á	Á ekki við

	gjaldhæfi útgefanda.	
B.14	Upplýsingar um hvort útgefandi er háður öðrum aðilum innan samstæðunnar.	Á ekki við.
B.15	Helsta starfsemi	<p>Starfsemi Hrings felst í að taka lán til byggingar tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu við Austurhöfnina í Reykjavík og annast greiðslumiðlun lánsins. Lántakan var upphaflega í formi sambankaláns við Arion Banka hf., Íslandsbanka hf. og NBI hf. (nú Landsbankinn hf.) sem Hringur endurlánaði Hörpu TR á sömu kjörum. Í apríl 2013 var sambankalánið endurfjármagnað með útgáfu Hrings á skuldabréfaflokknum HARP 46 0217. Í kjölfar skuldabréfaútgáfunnar uppfærði Hringur kjör vegna lánsins sem Hringur hafði lánað móðurfélagi sínu, Hörpu TR, og eru kjör á milli félaganna þau sömu og á skuldabréfaflokknum. Eignir Hrings felast í langtímakröfu á móðurfélagið og skuldir í skuldabréfaútgáfu félagsins.</p> <p>Hringur fær framlag frá Ríkissjóði Íslands og Reykjavíkurborg sem gengur til greiðslu á skuldabréfaflokknum og er framlagið veðsett á móti skuldabréfunum. Framlagið byggir á samningi um rekstur og starfsemi tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu þar sem Ríkissjóður Íslands og Reykjavíkurborg hafa skuldbundið sig til að greiða mánaðarlegt framlag í 35 ár vegna rekstrar og starfsemi Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss. Fyrsta greiðsla framlagsins fór fram í mars 2011 og síðasta greiðsla þess verður 15. febrúar 2046.</p> <p>Markmið Hrings við stjórnun fjármögnunar er að tryggja að framlög ríkisins og Reykjavíkurborgar standi undir skuldbindingum félagsins. Ekki er ætlast til að félagið skili arðsemi til hluthafa. Gert er ráð fyrir að Hring verði slitið þegar skuldabréfaflokkurinn HARP 46 0217 hefur verið greiddur upp, sem mun eiga sér stað 17. febrúar 2046. Rekstur Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss fer alfarið fram innan Hörpu TR og hefur þannig engin áhrif á rekstur Hrings.</p>
B.16	Hluthafar	<p>Harpa TR á allt hlutafé og atkvæðisrétt í Hring. Harpa TR er í eigu Ríkissjóðs Íslands (54%) og Reykjavíkurborgar (46%), sem eru um leið endanlegir eigendur Hrings.</p> <p>Eitt atkvæði fylgir hverri krónu hlutafjár. Samkvæmt 5. gr. samþykktá félagsins er heimilt að veðsetja hlutina í félaginu til tryggingar efnidum á skuldabréfaflokki með auðkenni HARP 46 0217, sem gefinn var út vegna byggingar tónlistar- og ráðstefnuhúss Hörpu við Austurhöfnina í Reykjavík og hafa hlutirnir verið veðsettir í samræmi við framangreinda heimild. Óheimilt er að framselja hluti í félaginu nema þegar eigendaskipti verða að hlutum í félaginu vegna fullnustuaðgerða veðhafa sem eiga veðréttindi yfir hlutum félagsins.</p>
B.17	Lánshæfismat útgefanda eða skuldabréfa hans ef útgefandinn hefur farið fram á matið eða tekið þátt í matsferlinu.	Á ekki við.

### C. Verðbréfin

Liður	Upplýsingakrafa	Upplýsingar
C.1	Tegund og flokkar verðbréfa sem boðin eru til kaups og/eða óskað hefur verið eftir að tekin verði til viðskipta í Kauphöllinni	Verðbréf þau sem óskað verður eftir að tekin verði til viðskipta hjá NASDAQ OMX Iceland hf. ( hér eftir „Kauphöllin“) eru skuldabréf útgefin af Hringi í flokknum HARP 46 0217. Skuldabréfin eru jafngreiðslubríf, verðtryggt og með föstum vöxtum. Höfuðstóll og vextir greiðast með 394 jöfnum greiðslum (annuitet), auk verðtryggingar. Gjald dagar eru tólf sinnum á ári, 17. hvers mánaðar. Fyrsti gjalddagi afborgana og vaxta var 17. maí 2013.  Skuldabréfin eru nafnbref og rafrænt skráð hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf. og er auðkenni þeirra HARP 46 0217 og ISIN númer IS0000023166.
C.2	Gjaldmiðill verðbréfanna	Skuldabréfin eru gefin út í íslenskum krónum.
C.5	Lýsing á hvers kyns takmörkunum á frjálsu framsali á verðbréfunum.	Einungis er heimilt að framselja skuldabréfin til nafngreinds aðila. Skuldabréfin eru gefin út með rafrænum hætti í kerfi Verðbréfaskráningar Íslands og er reikningsstofnunum, eins og þær eru skilgreindar samkvæmt lögum nr. 131/1997, um rafræna eignaskráningu verðbréfa, einum heimilt að annast milligöngu um framsal á þeim.
C.8	Lýsing á réttindum tengdum verðbréfunum þ.m.t. hvers kyns takmarkanir á þessum réttindum og forgangsörðun verðbréfanna.	Skuldabréfin eru í sama flokki og njóta jafnar stöðu innbyrðis. Engin hlunnindi eru tengd skuldabréfunum.  Útgefandinn hefur tekið á sig sérstakar skuldbindingar vegna skuldabréfaflokksins. Heimilt er að gjaldfella eftirstöðvar skuldarinnar komi til þess að brotið sé gegn þeim sérstöku skuldbindingum.  Þær sérstöku skuldbindingar sem útgefandi hefur tekið á sig vegna skuldabréfaflokksins eru eftirfarandi:  a) Að stofna ekki til frekari skuldbindinga, hvort sem er í formi lána eða ábyrgða, en þeirra sem tengjast útgáfu skuldabréfaflokksins.  b) Að breyta ekki samþykktum félagsins eða takast á hendur nýja starfsemi nema að fengnu fyrirfram samþykki 75% eigenda skuldabréfaflokksins á hverjum tíma.  c) Að hækka hvorki né lækka hlutfé sitt, né gefa út áskriftarréttindi eða breytanleg skuldabréf nema að fengnu fyrirfram samþykki 75% eigenda skuldabréfaflokksins á hverjum tíma.  d) Að sameinast ekki öðru félagi eða félögum, skipta félaginu upp í tvö eða fleiri sjálfstæð félög eða breyta rekstrarformi sínu nema að fengnu fyrirfram samþykki 75% eigenda skuldabréfaflokksins á hverjum tíma.  e) Að taka hvorki ákvörðun um, né inna af hendi, nokkrar greiðslur til hluthafa vegna hlutfjáreignar þeirra, hvorki í formi arðs, lækkunar hlutfjár, kaupa á eigin bréfum, né með öðrum sambærilegum eða svipuðum hætti, nema að fengnu fyrirfram samþykki 75% eigenda skuldabréfaflokksins á hverjum tíma.  f) Kröfur skuldabréfaeigenda samkvæmt skuldabréfaflokknum skulu ávallt vera jafnréttáar (e. pari passu) innbyrðis. Óheimilt skal að veita öðrum jafnréttáum skuldbindingum sérstakar tryggingar fyrir greiðslu þeirra.  g) Útgefanda er óheimilt að veðsetja eignir sínar í öðrum tilgangi en að



		<p>tryggja efndir skuldabréfaflokksins.</p> <p>h) Útgefandi skal ráðstafa mánaðarlegu framlagi íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar í samræmi við samning um rekstur og starfsemi Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss sem dagsettur er 16. apríl 2013. Í samningnum er skuldbinding íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar til greiðslu framlagsins ítrekuð og staðfest. Framlagið greiðist inn á veðsettan bankareikning útgefanda og verður ávallt fyrst nýtt til að greiða mánaðarlegar afborganir á skuldabréfum í skuldabréfaflokknum. Ekki er heimilt að nýta fjármuni á veðsettum bankareikningi útgefanda til rekstrar tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu fyrr en mánaðarlegar afborganir af skuldabréfum í skuldabréfaflokknum hafa verið inntar af hendi að fullu. Í lok hvers mánaðar, eftir að mánaðarleg afborgun af skuldabréfum í skuldabréfaflokknum hefur verið greidd að fullu, skal útgefanda heimilt að óska eftir því við umsýslu- og veðvörsluaðila að sú fjárhæð sem eftir stendur á veðsetta bankareikningnum verði millifærð inn á annan bankareikning sem útgefandi tilgreinir, háð því skilyrði að engin vanefndatilvik séu til staðar og að hinni millifærðu fjárhæð verði ráðstafað í rekstur tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu. Umsýslu- og veðvörsluaðili skal samþykkja slíka millifærslubeiðni svo framarlega sem hann hafi ekki fengið vitneskju um að vanefndatilvik séu til staðar.</p> <p>i) Útgefanda er óheimilt samkvæmt samningnum, að samþykkja breytingar á þeim ákvæðum samningsins sem varða framlag íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar með einhverjum hætti nema með fyrirframgefnu skriflegu samþykki allra eigenda skuldabréfaflokksins á hverjum tíma. Þrátt fyrir framangreint er ekki þörf á að aflað sé fyrirframgefins skriflegs samþykkis eigenda skuldabréfaflokksins á hverjum tíma þegar gerðar eru breytingar á ákvæðum 4. kafla samningsins, sem varða framlag íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar, sem í engu skerða möguleika útgefanda til að standa skil á afborgunum eða öðrum greiðslum sem honum ber að reida af hendi vegna útgáfu skuldabréfanna, þ.e. leiðir ekki til skerðingar á réttindum eigenda skuldabréfanna eða lækkunar á framlaginu. Hér er m.a. átt við breytingar á framlaginu til hækkunar, fjölgun verðleiðréttinga á gildistíma samningsins og hvert annað tilvik sambærilegs eðlis.</p> <p>j) Útgefandi skal upplýsa um fjárhagsstöðu sína samkvæmt reglum Kauphallarinnar um útgefendur skuldabréfa á hverjum tíma. Þar til skuldabréfaflokkurinn hefur verið tekinn til viðskipta hjá Kauphöllinni skal upplýsingagjöfin vera til umsýslu- og veðvörsluaðila.</p> <p>k) Útgefandi skuldbindur sig til að upplýsa umsýslu- og veðvörsluaðila vegna skuldabréfaútgáfunnar um sérhver vanskil sem eiga sér stað eða eru yfirvofandi og ef brotið er gegn þeim sérstökum skuldbindingum sem tilgreindar eru hér að ofan og/eða veðsamningum á milli Hörpu TR og Hrings sem veðsala og Landsbankans sem veðvörsluaðila vegna skuldabréfaflokksins.</p> <p>Í tengslum við útgáfu skuldabréfaflokksins tók Landsbankinn að sér að vera umsýslu- og veðvörsluaðili Umsýslu- og veðvörsluaðili annast m.a. innheimtu á skuldabréfunum, þ.m.t. innheimtu vanskila og ráðstafar afborgunum til eigenda skuldabréfanna. Við ákvarðanatöku gætir umsýslu- og veðvörsluaðili hagsmuna allra eigenda skuldabréfa í skuldabréfaflokknum. Eigendur skuldabréfa í skuldabréfaflokknum hafa viðurkennt og samþykkt með eignarhaldi sínu og að þeir séu bundnir af þeim ákvörðunum sem umsýslu- og veðvörsluaðili tekur til að uppfylla</p>
--	--	--

		<p>skyldur sínar vegna skuldabréfaútgáfunnar.</p> <p>Umsýslu- og veðvörsluaðili mun upplýsa eigendur skuldabréfanna um þau atvik og aðstæður sem hann fær vitneskju um og eru líkleg til að takmarka möguleika útgefanda og veðsala til að standa við skuldbindingar sínar. Umsýslu- og veðvörsluaðili mun því m.a., fá hann um það vitneskju, upplýsa eigendur skuldabréfanna um veruleg vanskil útgefanda, brot gegn sérstökum skuldbindingum og ef heimild til gjaldfellingar verður virk.</p> <p>Ákvörðun um gjaldfellingu eða veiting heimildar til uppgreiðslu verður ekki tekin nema að fyrir liggji samþykki meirihluta eigenda skuldabréfanna á hverjum tíma. Ákvörðun um breytingu á skilmálum skuldabréfanna, t.d. hvað varðar endurgreiðslu eða tryggingar, verður ekki tekin nema að fyrir liggji samþykki allra eigenda skuldabréfanna á hverjum tíma.</p> <p>Skuldabréfaeigendur hafa veitt umsýslu- og veðvörsluaðila fullt og ótakmarkað umboð til að framkvæma allar þær aðgerðir sem nauðsynlegar eru að mati umsýslu- og veðvörsluaðila til að tryggja sameiginlega hagsmuni skuldabréfaeigendanna. Umsýslu- og veðvörsluaðili hefur þó ekki heimild til að höfða dómsmál, vegna atvika sem snerta hinar veðsettu eignir eða veðsamninga sem gerðir eru í tengslum við skuldabréfaútgáfuna, fyrir hönd skuldabréfaeigendanna án samþykkis meirihluta skuldabréfaeigenda.</p> <p>Umsýslu- og veðvörsluaðili ber ekki ábyrgð gagnvart skuldabréfaeigendum á tjóni sem þeir kunna að verða fyrir vegna aðgerða eða aðgerðaleyfis umsýslu- og veðvörsluaðila, nema slíkt sé vegna ásetnings eða stórkostlegs gáleysis umsýslu- og veðvörsluaðila. Umsýslu- og veðvörsluaðili ber ekki ábyrgð á óbeinu tjóni sem skuldabréfaeigendur kunna að verða fyrir vegna aðgerða umsýslu- og veðvörsluaðila.</p>
C.9	<p>Nafnvextir, fyrsti vaxtadagur, gjalddagar vaxta, upplýsingar um undirliggjandi þætti ef vextir eru ekki fastir, gjalddagi og fyrirkomulag á niðurgreiðslu lánsins, þ.m.t. hvernig endurgreiðslur fara fram, vísbending um ávöxtun og nafn þess aðila sem er í fyrirsvari fyrir skuldabréfaeigendur.</p>	<p>Skuldabréfin bera 3,55% fasta, flata vexti og eru verðtryggð með vísitölu neysluverðs með grunnildi 409,9 stig. Skuldabréfin voru gefin út 26. apríl 2013. Fyrsti vaxtadagur skuldabréfanna var 26. apríl 2013.</p> <p>Höfuðstóll og vextir greiðast með 394 jöfnum greiðslum (e. annuity), auk verðtryggingar. Gjalddagar eru tólf sinnum á ári, 17. hvers mánaðar. Fyrsti gjalddagi afborgana og vaxta var 17. maí 2013 og var fyrsta vaxtatímabilið því styttra en önnur vaxtartímabil og heildargreiðsla þess lægri. Lokagjalddagi skuldabréfanna er 17. febrúar 2046.</p> <p>Skuldabréfin voru gefin út á ávöxtunarkröfunni 3,55% á útgáfudegi þann 26. apríl 2013.</p> <p>Landsbankinn er í fyrirsvari fyrir skuldabréfaeigendur.</p>
C.10	<p>Ef vaxtagreiðslur af verðbréfunum byggja á afleiðuþætti skal gefa ítarlega skýringu á hvernig virði undirliggjandi þáttar hefur áhrif á virði fjárfestingarinnar.</p>	<p>Á ekki við.</p>
C.11	<p>Upplýsingar um hvort sótt hafi verið eða sótt verði um töku verðbréfanna til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði eða aðra</p>	<p>Stjórn Hrings mun óska eftir því að öll útgefin skuldabréf í flokknum HARP 46 0217 verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf.</p>

	sambærilega markaði ásamt upplýsingum um viðkomandi markað.	
--	---	--

#### D. Áhætta

Liður	Upplýsingakrafa	Upplýsingar
D.2	Helstu áhættuþættir sem eiga við um útgefanda	<p><b>Áhætta tengd almennu efnahagsumhverfi</b></p> <p>Þróun efnahagsmála á Íslandi, hefur áhrif á fjárhagsstöðu fyrirtækja á Íslandi, auk þess sem þróun efnahagsmála erlendis hefur áhrif á efnahagsástand á Íslandi. Umfang starfsemi Hrings er lítið, skuldabréfaútgáfa félagsins er verðtryggð, á föstum vöxtum, sem á einnig við um framlag Ríkissjóðs Íslands og Reykjavíkurborgar sem rennur til Hrings og stendur straum af greiðslum af skuldabréfaútgáfunni. Áhrif þróunar efnahagsmála á Íslandi og erlendis eru því hverfandi á rekstur og efnahag Hrings og getu félagsins til að standa við skuldbindingar sínar en geta aftur á móti haft áhrif á greiðslugetu Ríkissjóðs Íslands og Reykjavíkurborgar til að standa við skuldbindingar sínar.</p> <p><b>Markaðsáhætta</b></p> <p><i>Verðtryggingaáhætta</i></p> <p>Skuldir Hrings eru skuldabréf útgefin af félaginu og eru þau verðtryggð miðað við vísitölu neysluverðs. Langtímakrafa Hrings á Hörpu TR er á sömu kjörum og skuldabréfin, auk þess sem framlag Ríkissjóðs Íslands og Reykjavíkurborgar til Hrings vegna fjármögnunar Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss er verðtryggt miðað við vísitölu neysluverðs. Engin verðtryggingaráhætta er því til staðar í félaginu</p> <p><b>Mótaðilaáhætta</b></p> <p>Lánsáhætta Hrings er einkum vegna langtímakröfu á móðurfélagið, Hörpu TR. Greiðsla kröfunnar tengist að öllu leyti greiðslu framlagsins frá Ríkissjóði Íslands og Reykjavíkurborg vegna reksturs og starfsemi Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss á grundvelli sammings, sem dagsettur er 16. apríl 2013. Mótaðilaáhætta Hrings er því gagnvart Ríkissjóði Íslands og Reykjavíkurborg vegna framlagsins, þ.e. hættan á því að Ríkissjóður Íslands og Reykjavíkurborg standi ekki við skuldbindingar sínar.</p> <p><b>Lausafjár- og fjármögnunaráhætta</b></p> <p>Lausafjáraáhætta er hættan á því að félagið geti ekki staðið við fjárskuldbindingar sínar þegar þær gjaldfalla. Fjárskuldbindingar Hrings eru vegna skuldabréfaútgáfu félagsins, en til að mæta þeim fær Hringur framlag frá Ríkissjóði Íslands og Reykjavíkurborg. Ríkissjóður Íslands og Reykjavíkurborg hafa skuldbundið sig, með óafturkræfum hætti, skilyrðislaust og algjörlega óháð öllum öðrum atvikum, til að greiða framlagið til Hörpu TR., með þeim hætti að framlagið er lagt inn á veðsettan bankareikning í eigu Hrings.</p> <p>Markmið Hrings við stjórnun fjármögnunar er að tryggja að framlag Ríkissjóðs Íslands og Reykjavíkurborgar standi undir skuldbindingum félagsins.</p> <p>Í tengslum við skuldabréfaútgáfuna skuldbatt Hringur sig til að stofna ekki til frekari skuldbindinga, hvort sem er í formi lána eða ábyrgða, en þeirra</p>

		<p>sem tengjast útgáfu skuldabréfaflokksins. Félagið hefur fjármagnað skuldbindingar sínar og þarfnast ekki frekari fjármögnunar</p> <p><b>Rekstraráhætta</b></p> <p>Félagið býr við áhættu vegna mismunandi þátta í rekstri þess sem geta leitt til beins eða óbeins taps. Þessir þættir varða útvistunar-, upplýsingakerfi-, stjórnunar- og starfsmannaáhættu. Jafnframt býr félagið yfir rekstraráhættu vegna orðspors, pólitískra þátta og þátta tengdum reikningsskilaaðferðum.</p>
D.3	Helstu áhættuþættir sem eiga við um skuldabréf útgefanda.	<p><b>Almenn áhætta skuldabréfa</b></p> <p>Fjárfesting í skuldabréfum felur í sér áhættu. Fjárfestar geta tapað verðmæti allrar fjárfestingar sinnar í skuldabréfunum eða eftir atvikum, hluta hennar.</p> <p>Skuldabréf bera markaðsáhættu sem felst í því að virði þeirra getur sveiflast ef ávöxtunarkrafa skuldabréfa sveiflast almennt á mörkuðum. Skuldabréfum fylgir lagaleg og pólitísk áhætta en fjármála- og hlutabréfamarkaðir eru háðir því umhverfi sem stjórnvöld skapa á hverjum tíma. Fjárfestar ættu ætíð að byggja ákvörðun sína um fjárfestingu í skuldabréfaflokknum á eigin skoðun eða óháðri ráðgjöf sem þeir telja viðeigandi.</p> <p><i>Markaðsáhætta</i></p> <p>Helsti markaðsáhættuþátturinn í tengslum við skuldabréfin eru breytingar á vöxtum á viðkomandi markaði. Markaðsvirði skuldabréfa lækkar, að öllu öðru óbreyttu, ef almennir vextir hækka og öfugt. Vaxtaáhætta er meiri á lengri skuldabréfum.</p> <p><i>Verðtrygging</i></p> <p>Skuldabréfin eru verðtryggð og tengd vísitölu neysluverðs (VNV). Verðtryggingin hefur þau áhrif að höfuðstóll skuldabréfanna breytist í samræmi við breytingar á grunnvísitölu bréfanna og gildi VNV á hverjum afborgunar- og vaxtagjalddaga. Breytingar á VNV hafa einnig áhrif á greidda vexti af skuldabréfunum enda er höfuðstóll uppreiknaður miðað við gildi VNV áður en vextir eru reiknaðir.</p> <p><i>Eftirmarkaður</i></p> <p>Ekki er víst að skilvirkur markaður hafi myndast með skuldabréfin við töku þeirra til viðskipta og ekki er öruggt að slíkur markaður myndist. Ekki hefur verið samið um viðskiptavakt með skuldabréfin og er viðskiptavakt ekki fyrirhuguð fyrir tilstuðlan útgefandans.</p>

## E. Útboðið

Liður	Upplýsingakrafa	Upplýsingar
E.2b	Ástæður útboðs og ráðstöfun söluandvirðis	Þann 26. apríl 2013 gaf Hringur út verðtryggðan skuldabréfaflokk, HARP 46 0217, að fjárhæð 19.5 ma.kr. og var andvirðið nýtt til að greiða upp sambankalán við Arion Banka hf., Íslandsbanka hf. og NBI hf. (nú Landsbankinn hf). Sótt verður um töku skuldabréfaflokksins HARP 46 0217 til viðskipta hjá Kauphöllinni.
E.3	Skilmálar og skilyrði útboðsins	Á ekki við.
E.4	Lýsing á hvers kyns	Athygli fjárfesta er vakin á hagsmunum Hrings og Landsbankans vegna

	<p>hagsmunum, þ.m.t. ósamrýmanlegir hagsmunir sem skipta máli fyrir útgáfunu.</p>	<p>töku skuldabréfa Hrings til viðskipta hjá Kauphöllinni:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Landsbankinn er viðskiptabanki Hrings.</li> <li>• Landsbankinn á 13,4 ma.kr. að nafnvirði í skuldabréfaflokknum HARP 46 0217.</li> <li>• Markaðsviðskipti Landsbankans önnuðust frumsölu skuldabréfanna í flokknum HARP 46 0217 og Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans er umsjónaraðili vegna töku skuldabréfanna til viðskipta hjá Kauphöllinni. Markaðsviðskipti og Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans fá greidda þóknun frá Hring vegna þessa.</li> <li>• Í tengslum við skuldabréfaútgáfunu hefur Landsbankinn tekið að sér að vera umsýslu- og veðvörsluaðili vegna útgáfunnar samkvæmt sérstökum samningi þar um við útgefanda og Hörpu TR.</li> <li>• Í gildi er samningur á milli Landsbankans og Hörpu TR um kauprétt Hörpu TR að skuldabréfum í flokknum HARP 46 0217. Samningurinn gildir til og með 31. desember 2015 og samkvæmt honum er Hörpu TR heimilt að kaupa og Landsbankanum er skylt að selja, skuldabréf í skuldabréfaflokknum HARP 46 0217 að nafnverði 750 m.kr. Engin skylda hvílir á Hörpu TR að nýta kauprétt sinn samkvæmt samningnum. Kaupverð skuldabréfanna skal vera uppgreiðsluverðmæti nafnverðsfjárhæðar þeirra skuldabréfa sem kaupréttur er nýttur að.</li> </ul>
E.7	<p>Áætlaður kostnaður sem umsjónaðili eða útgefandi leggur á fjárfesta vegna útboðsins eða útgáfunnar</p>	<p>Á ekki við. Öll skuldabréf í flokknum hafa verið gefin út og ekki er um að ræða útboð á skuldabréfunum.</p>

Þessi síða er vísitandi höfð auð.

Greiðslumiðlunin Hringur ehf.

# Verðbréfalýsing

19. september 2014

Þessi síða er vísitandi höfð auð.



## Efnisyfirlit

1	Áhættuþættir .....	2
1.1	Áhætta tengd útgefanda.....	2
1.2	Almenn áhætta skuldabréfa.....	3
1.2.1	Markaðsáhætta.....	3
1.2.2	Verðtrygging.....	3
1.2.3	Lagabreytingar.....	3
1.2.4	Taka skuldabréfanna til viðskipta.....	3
1.2.5	Eftirmarkaður.....	4
2	Tilkynning til fjárfesta.....	5
2.1	Yfirlýsingar stjórnar og framkvæmdastjóra útgefanda.....	6
2.2	Umsjónaraðili.....	6
2.3	Hugsanlegir hagsmunaárekstrar.....	6
2.4	Tilgangur útgáfu skuldabréfaflokksins og framkvæmd útgáfunnar.....	7
2.5	Skilgreiningar.....	7
2.6	Skammstafanir og hugtök.....	8
3	Upplýsingar um skuldabréfin og töku þeirra til viðskipta.....	9
3.1	Umsýslu og veðvörsluaðili.....	10
3.2	Sérstakar skuldbindingar.....	11
3.3	Tryggingar.....	13
3.4	Forgangsröðun skuldabréfanna.....	13
3.5	Greiðsluskylda útgefanda og vanskil.....	13
3.6	Gjaldfellingarákvæði.....	14
3.7	Skattar.....	15
3.8	Lög.....	15
3.9	Rafræn skráning og framsal.....	16
3.10	Afskráning.....	16
3.11	Taka skuldabréfanna til viðskipta hjá Kauphöllinni.....	16
4	Útgáfulýsing HARP 46 0217.....	17

# 1 ÁHÆTTUÞÆTTIR

Greiðslumiðlunin Hringur ehf., kt. 470110-0740, Austurbakka 2, 101 Reykjavík, Íslandi (hér eftir „Hringur“, „útgefandinn“ eða „félagið“) er sérstakt félag um fjárskuldbindingar vegna tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu við Austurhöfnina í Reykjavík. Tilgangur Hrings er að gefa út skuldabréfaflokk vegna byggingar tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu við Austurhöfnina í Reykjavík og annast mánaðarlegar afborganir af útgefnum skuldabréfum í samræmi við ákvæði samnings um rekstur og starfsemi Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss, sem er dagsettur 16. apríl 2013. Nánari umfjöllun um samninginn er í útgefandalýsingu Hrings dagsettri 19. september 2014.

Hringur er í fullri eigu Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf., kt. 660805-1250, Austurbakka 2, 101 Reykjavík, Íslandi (hér eftir „Harpa TR“), en endanlegir eigendur Hrings eru Ríkissjóður Íslands (54%) og Reykjavíkurborg (46%), í gegnum eignarhald fyrrgreindra aðila á Hörpu TR.

Í samræmi við tilgang sinn gaf Hringur út skuldabréfaflokkinn HARP 46 0217 að fjárhæð 19,5 milljarðar króna þann 26. apríl 2013. Ekki er ætlast til að Hringur skili arðsemi til hlutahafa sinna og gert er ráð fyrir því að félaginu verði slitið þegar skuldabréfaflokkurinn hefur verið greiddur upp á árinu 2046.

Í þessum kafla er fjallað um þá áhættuþætti sem Hringur er kunnugt um og skipta máli varðandi skuldabréfaflokkinn HARP 46 0217 (hér eftir „skuldabréfin“, „skuldabréfaútgáfan“ eða „skuldabréfaflokkurinn“), sem útgefinn er af félaginu, svo meta megi markaðsáhættuna sem tengist honum. Kafli 1 um áhættuþætti í útgefandalýsingu Hrings dagsettri 19. september 2014 sem eiga við um félagið og þá atvinnugrein sem það starfar innan, ásamt þessum kafla inniheldur að bestu vitund útgefanda tæmandi upptalningu á þeim áhættuþáttum sem máli kunna að skipta við að meta áhættu af fjárfestingu í skuldabréfum útgefnum af félaginu.

Afmörkun á áhættuþáttum getur verið með ýmsu móti og til eru ýmsar aðferðir við að flokka þá. Hér er reynt eftir fremsta megni að kortleggja alla þekkta áhættuþætti sem áhrif hafa á skuldabréf útgefin af félaginu og afmarka þá þannig að skörun þeirra sé sem minnst. Áhrifa fleiri en eins áhættuþáttar getur gætt samtímis. Áhrifin felast stundum í einum tímabundnum atburði en í öðrum tilvikum er um langvinn áhrif að ræða. Flestir áhættuþættirnir geta komið fram í litlum eða rísum mæli, áhrif þeirra eru oft á tíðum ekki einhlít og innbyrðis tengsl flókin. Ekki er hægt að setja fram með neinni vissu líkur á því hvort einstakur áhættuþáttur geti haft keðjuverkandi áhrif og hrindi af stað fleiri áhættuþáttum. Hafa þarf í huga að ómögulegt getur reynst að spá fyrir um hversu mikil áhrif áhættuþátta verða og að áhrifin geta komið mjög seint fram. Ekki er því mögulegt að meta töluleg áhrif einstakra áhættuþátta skuldabréfa útgefna af félaginu.

Ekki er víst að hér sé fjallað um alla áhættuþætti sem gætu haft áhrif á skuldabréf útgefin af félaginu í framtíðinni, því áhættuþættir sem álitnir eru óverulegir í dag gætu þróast á þann veg að þeir hefðu veruleg áhrif síðar og eins gætu komið fram nýir áhættuþættir í framtíðinni sem ekki eru þekktir í dag.

Framsetning og uppröðun þeirra áhættuþátta sem hér er fjallað um fer ekki eftir mikilvægi eða líkum á því að viðkomandi áhættuþáttur hafi áhrif á skuldabréf útgefin af félaginu.

## 1.1 Áhætta tengd útgefanda

Athygli er vakin á áhættuþáttum sem eiga sérstaklega við um útgefandann og þá atvinnugrein sem hann starfar innan en um þá er fjallað í útgefandalýsingu félagsins dagsettri 19. september 2014. Þar er einnig að finna fjárhagsupplýsingar sem lýsa afkomu og stöðu útgefandans, ársreikninga árána 2012 og 2013 og árschlutareikning fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2014.

## 1.2 Almenn áhætta skuldabréfa

Fjárfesting í skuldabréfum felur í sér áhættu. Fjárfestar geta tapað verðmæti allrar fjárfestingar sinnar í skuldabréfunum eða eftir atvikum, hluta hennar. Skuldabréf bera markaðsáhættu sem felst í því að virði þeirra getur sveiflast ef ávöxtunarkrafa skuldabréfa sveiflast almennt á mörkuðum. Ef ávöxtunarkrafa hækkar þá lækkar virði bréfanna og ef ávöxtunarkrafa lækkar þá eykst virði bréfanna. Margvísleg atriði geta orðið til þess að lækkanir verða á mörkuðum með fjármálagerninga og á verð skuldabréfa, s.s. ófyrirséðir atburðir og almennt efnahagsástand. Slíkir atburðir eru utan áhrifasviðs útgefanda. Skuldabréfum fylgir lagaleg og pólitísk áhætta en fjármála- og hlutabréfamarkaðir eru háðir því umhverfi sem stjórnvöld skapa á hverjum tíma. Miklar breytingar á því regluumhverfi sem stjórnvöld setja mörkuðum kunna að vera skaðlegar og skapa óróa á mörkuðum sem gæti leitt til verðbreytinga verðbréfa. Sótt hefur verið um töku skuldabréfanna til viðskipta hjá Kauphöllinni. Nánar er vikið að lagaumhverfi því sem gildir um verðbréfin og útgefanda þeirra í kafla 3.8. Fjárfestar ættu ætíð að byggja ákvörðun sína um fjárfestingu í skuldabréfaflokknum á eigin skoðun eða óháðri ráðgjöf sem þeir telja viðeigandi. Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér vel starfsemi Hringa áður en ákvörðun er tekin um að fjárfesta í skuldabréfum sem tilheyra skuldabréfaflokknum. Fjárfestar eru enn fremur hvattir til að kynna sér vel eftirfarandi umfjöllun um áhættuþætti sem og umfjöllun um áhættuþætti sem er að finna í kafla 1 í útgefandalýsingu dagsettri 19. september 2014.

### 1.2.1 Markaðsáhætta

Helsti markaðsáhættuþátturinn í tengslum við skuldabréfin eru breytingar á vöxtum á viðkomandi markaði. Markaðsvirði skuldabréfa lækkar, að öllu öðru óbreyttu, ef almennir vextir hækka og öfugt. Vaxtaáhætta er meiri á lengri skuldabréfum. Fjárfestum er ráðlagt að kynna sér markaðsáhættu skuldabréfa og meta áhrif vaxtabreytinga á markaðsvirði skuldabréfanna.

### 1.2.2 Verðtrygging

Skuldabréfin eru verðtryggð miðað við vísitölu neysluverðs (VNV). Verðtryggingin hefur þau áhrif að höfuðstóll skuldabréfanna breytist í samræmi við breytingar á grunnvísitölu bréfanna og gildi VNV á hverjum afborgunar- og vaxtagjalddaga. Breytingar á VNV hafa einnig áhrif á greidda vexti af skuldabréfunum enda er höfuðstóll uppreiknaður miðað við gildi VNV áður en vextir eru reiknaðir.

### 1.2.3 Lagabreytingar

Um skuldabréfin gilda íslensk lög sem í gildi eru við dagsetningu verðbréfalýsingarinnar. Úrskurðir dómstóla, breytingar á íslenskum lögum eða stjórnisýslufrákvæmd, sem eiga sér stað eftir dagsetningu verðbréfalýsingarinnar, geta leitt til breytinga á skilmálunum.

### 1.2.4 Taka skuldabréfanna til viðskipta

Hringur þarf að fylgja lögum, reglugerðum og reglum sem gilda um útgefendur verðbréfa sem tekin hafa verið til viðskipta hjá Kauphöllinni eins og þau eru á hverjum tíma, m.a. lögum nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti og reglugerðum settum á grundvelli laganna, reglum Fjármálaeftirlitsins nr. 1050/2012, um meðferð innherjaupplýsinga og víðskipti innherja og reglum Kauphallarinnar fyrir útgefendur fjármálagerninga.

Brot á framangreindum lögum, reglugerðum settum á grundvelli þeirra og reglum Kauphallarinnar og Fjármálaeftirlitsins geta haft neikvæð fjárhagsleg og ímyndarleg áhrif á Hring. Viðurlög við brotum á reglum Kauphallarinnar fyrir útgefendur fjármálagerninga geta meðal annars falist í áminningu sem Kauphöllin hefur heimild til að birta opinberlega, tímabundinni stöðvun á víðskiptum, viðurlögum í formi févítis og/eða að Kauphöllin taki verðbréf útgefanda úr víðskiptum. Um viðurlög við brotum á lögum nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti fer eftir XV. kafla laganna.

Fyrirhuguð taka skuldabréfa í flokknum HARP 46 0217 til víðskipta hjá Kauphöllinni byggir á íslenskum lögum og reglugerðum sem eru í gildi við dagsetningu lýsingarinnar. Engin ábyrgð er tekin á áhrifum lagabreytinga, reglugerðarbreytinga eða ákvarðana dómstóla, sem átt geta sér stað eftir dagsetningu lýsingarinnar.

### 1.2.5 Eftirmarkaður

Ekki er víst að skilvirkur markaður hafi myndast með skuldabréfin við töku þeirra til viðskipta og ekki er öruggt að slíkur markaður myndist. Ekki hefur verið samið um viðskiptavakt með skuldabréfin og er viðskiptavakt ekki fyrirhuguð fyrir tilstuðlan útgefandans.

Ef markaður myndast er ekki víst að um mikla veltu verði að ræða. Því munu fjárfestar ef til vill ekki geta selt skuldabréf sín jafn auðveldlega eða á eins góðu verði og ef um væri að ræða svipaðar fjárfestingar með þróaðan eftirmarkað.

Allir sem fjárfesta í skuldabréfunum verða að meta hentugleika fjárfestingarinnar út frá eigin aðstæðum. Sér í lagi ættu allir fjárfestar að:

- a) Búa yfir nægilegri þekkingu og reynslu til að leggja marktækt mat á skuldabréfin.
- b) Skilja mismunandi eiginleika skuldabréfa sem fjárfestingarkosts og skilja kosti og galla þess að fjárfesta í skuldabréfum.
- c) Kynna sér vel og skilja allar upplýsingar í lýsingu Hrings sem er dagsett 19. september 2014 og samanstendur af útgefandalýsingu dagsettri 19. september 2014, verðbréfalýsingunni, og samantekt dagsettri 19. september 2014.
- d) Hafa aðgang að og búa yfir þekkingu á viðeigandi greiningartækjum til að meta, út frá eigin fjárhag, fjárfestingu í skuldabréfunum og áhrifin sem slík fjárfesting hefði á heildar fjárfestingasafn viðkomandi.
- e) Hafa nægilega sterka fjárhags- og lausafjárstöðu til að geta staðið undir allri þeirri áhættu sem er samfara fjárfestingu í skuldabréfunum.
- f) Vera í stakk búnir til að bera þá áhættu sem tengist skuldabréfunum og hafa fullan skilning á þeim skilmálum sem gilda um bréfin og geta metið (hvort sem er sjálfstætt eða með aðstoð fjármálaráðgjafa) mögulega þróun efnahags-, vaxta- og annarra þátta sem kunna að hafa áhrif á fjárfestinguna.

## 2 TILKYNNING TIL FJÁRFESTA

Verðbréfalýsing þessi er hluti af lýsingu Hrings dagsettri 19. september 2014 sem varðar beiðni stjórnar Hrings um töku útgefina skuldabréfa af félaginu, í flokki HARP 46 0217, til viðskipta hjá Kauphöllinni. Framangreint fer fram í samræmi við íslensk lög og reglugerðir, meðal annars lög nr. 108/2007, um verðbréfaviðskipti og reglugerð nr. 243/2006 um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 809/2004 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB, sem hefur verið innleidd í íslensk lög. Lýsingin hefur verið yfirfarin og staðfest af Fjármálaeftirlitinu. Lýsingin samanstendur af þremur aðskildum skjölum; verðbréfalýsingu þessari, útgefandalýsingu dagsettri 19. september 2014 og samantekt dagsettri 19. september 2014.

Hringur hefur óskað eftir að skuldabréf í flokki HARP 46 0217 verði tekin til viðskipta hjá Kauphöllinni en útgefandi uppfyllir öll skráningarskilyrði Kauphallarinnar, sem tilgreind eru í kafla 3.1 í reglum Kauphallarinnar fyrir útgefendur fjármálagerninga útgefnar 17. desember 2013.

Fyrsti viðskiptadagur með skuldabréf í flokki HARP 46 0217 hjá Kauphöllinni verður tilkynntur af Kauphöllinni með minnst eins viðskiptadags fyrirvara. Fyrsti dagur viðskipta verður í fyrsta lagi þann 1. október 2014.

Lýsingin inniheldur þær upplýsingar sem eru nauðsynlegar fjárfestum til þess að þeir geti metið eignir og skuldir, fjárhagsstöðu, afkomu og framtíðarhorfur Hrings sem og þau réttindi sem fylgja skuldabréfum í flokki HARP 46 0217. Fjárfestum er bent á að fjárfesting í skuldabréfum felur í sér áhættu og áður en ákvörðun er tekin um fjárfestingu í skuldabréfunum ættu fjárfestar að fara yfir allar upplýsingar í lýsingunni. Fjárfestum er sér í lagi ráðlagt að kynna sér þá áhættu- og óvissuþætti sem geta haft veruleg áhrif á Hring og virði skuldabréfanna, en þeim er lýst í kafla 1 í verðbréfalýsingu þessari og í kafla 1 í útgefandalýsingu dagsettri 19. september 2014. Fjárfestum er bent á að gera eigin sjálfstæðar kannanir á þeim þáttum sem sérstaklega geta átt við fjárfestingu þeirra í skuldabréfunum. Hver fjárfestir verður að byggja ákvörðun um fjárfestingu í skuldabréfunum á eigin athugunum og greiningu á þeim upplýsingum sem fram koma í lýsingunni. Fjárfestum er bent á að hægt er að leita ráðgjafar sérfræðinga, svo sem hjá bönkum, verðbréfafyrirtækjum og sparisjóðum, til aðstoðar við mat á skuldabréfunum sem fjárfestingakosti. Fjárfestum er einnig ráðlagt að kynna sér eigin réttarstöðu, þ.m.t. skattaleg atriði sem kunna að snerta fjárfestingu þeirra í skuldabréfunum og leita óháðrar ráðgjafar í því tilliti.

Verðbréfalýsingunni eða öðrum skjölum sem tilheyra lýsingu útgefanda dagsettri 19. september 2014 skal ekki dreifa, senda eða miðla á annan hátt til landa eða í löndum þar sem birting krefst frekari skráningaraðgerða eða annarra aðgerða en þeirra sem íslensk lög og reglugerðir krefjast eða þar sem slíkt bryti í bága við lög eða reglugerðir í viðkomandi landi.

Í sumum lögsagnarumdæmum kunna lög að setja skorður við dreifingu verðbréfalýsingarinnar eða annarra skjala sem tilheyra lýsingu útgefanda dagsettri 19. september 2014. Því gerir Hringur kröfu um að allir viðtakendur kynni sér og hagi athöfnum sínum í samræmi við slík lög og skorður. Hringur og umsjónaraðili með töku skuldabréfa Hrings til viðskipta í Kauphöllinni eru ekki skaðabótaskyld vegna dreifingar þriðja aðila á verðbréfalýsingunni eða öðrum skjölum sem tilheyra lýsingu útgefanda dagsettri 19. september 2014 í neinni lögsögu.

Verðbréfalýsingin og önnur skjöl sem tilheyra lýsingu útgefanda dagsettri 19. september 2014 eru einungis birt á íslensku og má nálgast með rafrænum hætti á *Adobe Acrobat* sniði á vefsíðu Hrings ([www.greidslumidluninhringur.is/skjl](http://www.greidslumidluninhringur.is/skjl)).

Upplýsingar í lýsingunni byggja á aðstæðum og staðreyndum á þeim degi sem lýsingin er undirrituð. Komi fram mikilvægar nýjar upplýsingar, veigamikil mistök eða ónákvæmni er varða upplýsingar í lýsingum, sem máli geta skipt við mat á verðbréfunum og koma fram á tímabilinu frá því að lýsingin var staðfest, sbr. 46. gr. laga nr.

108/2007, um verðbréfavíðskipti, og þar til viðskipti á skipulegum verðbréfamarkaði hefjast, skal útbúa viðauka við lýsingu þar sem greint er frá viðkomandi atvörðum. Viðaukinn skal staðfestur af Fjármálaeftirlitinu innan sjö virkra daga og birtur á sama hátt og upprunalega lýsingin. Einnig skal, ef nauðsyn krefur, gera viðauka við samantektina og þýðingu hennar og skal þar tekið mið af viðbótarupplýsingum þeim sem fram koma í viðaukanum.

## 2.1 Yfirlýsingar stjórnar og framkvæmdastjóra útgefanda

Stjórnarmaður og framkvæmdastjóri Greiðslumiðlunarinnar Hrings ehf., kt. 470110-0740, Austurbakka 2, 101 Reykjavík, Íslandi, lýsa hér með yfir að samkvæmt okkar bestu vitund eru upplýsingarnar sem lýsingin hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum er sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hennar.

Reykjavík, 19. september 2014

Fyrir hönd Greiðslumiðlunarinnar Hrings ehf.

---

Halldór Guðmundsson,  
stjórnarmaður

---

Auður Árnadóttir,  
framkvæmdastjóri

## 2.2 Umsjónaraðili

Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans hf. (hér eftir „Landsbankinn“) er umsjónaraðili með töku skuldabréfa í flokki HARP 46 0217 til viðskipta hjá Kauphöllinni.

Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans hefur verið stjórn og stjórnendum Hrings til ráðgjafar við gerð lýsingarinnar og er hún byggð á upplýsingum frá Hring, þar á meðal á upplýsingum úr ársreikningum félagsins fyrir árin 2012, 2013 og úr árshlutareikningi fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2014.

## 2.3 Hugsanlegir hagsmunaárekstrar

Athygli fjárfesta er vakin á hagsmunum Hrings og Landsbankans vegna töku skuldabréfa Hrings til viðskipta hjá Kauphöllinni:

Landsbankinn á 13,4 ma.kr. að nafnvirði í skuldabréfaflokknum HARP 46 0217.

Landsbankinn er viðskiptabanki Hrings.

Markaðsviðskipti Landsbankans önnuðust frumsölu skuldabréfa í flokknum HARP 46 0217 og Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans er umsjónaraðili með töku skuldabréfanna til viðskipta hjá Kauphöllinni. Markaðsviðskipti og Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans fá greidda þóknun frá Hring vegna þessa.

Í tengslum við skuldabréfaútgáfuna hefur Landsbankinn tekið að sér að vera umsýslu- og veðvörsluaðili vegna útgáfunnar samkvæmt sérstökum samningi þar um við útgefanda og Hörpu TR. Landsbankinn fær greidda þóknun frá Hring vegna þessa. Nánari upplýsingar um skyldur og hlutverk umsýslu- og veðvörsluaðila er að finna í kafla 3.1.

Í gildi er samningur á milli Landsbankans og Hörpu TR um kauprétt Hörpu TR að skuldabréfum í flokknum HARP 46 0217. Samningurinn gildir til og með 31. desember 2015 og samkvæmt honum er Hörpu TR heimilt að kaupa og Landsbankanum er skylt að selja, skuldabréf í skuldabréfaflokknum HARP 46 0217 að nafnverði 750 m.kr. Engin skylda hvílir á Hörpu TR að nýta kauprétt sinn samkvæmt samningnum. Kaupverð skuldabréfanna skal vera uppgreiðsluverðmæti nafnverðsfjárhæðar þeirra skuldabréfa sem kaupréttur er nýttur að.

## 2.4 Tilgangur útgáfu skuldabréfaflokksins og framkvæmd útgáfunnar

Tilgangur útgáfu skuldabréfaflokksins HARP 46 0217 var að endurfjármagna sambankalán frá árinu 2010 sem Arion banki hf., Íslandsbanki og NBI hf. (nú Landsbankinn) veittu Hring til að fjármagna byggingu Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss við Austurbakka í Reykjavík. Heildarfjárhæð skuldabréfaflokksins er að hámarki 19,5 milljarðar króna og þann 26. apríl 2013 voru gefin út skuldabréf í flokknum að fjárhæð 19,5 milljarðar króna og seld fjárfestum. Söluandvirði skuldabréfanna var nýtt til greiðslu fyrrgreinds sambankaláns og til greiðslu uppsafnaðra rekstrarskulda.

Kostnaður við skuldabréfaútgáfuna nam 176 m.kr. og nettósöluandvirði skuldabréfaútgáfunnar nam því 19,3 mö.kr.

## 2.5 Skilgreiningar

Í verðbréfalýsingunni vísa hugtökin;

„eigendur skuldabréfaflokksins“ og „skuldabréfaeigendur“ til eigenda skuldabréfa í skuldabréfaflokknum HARP 46 0217,

„framlagið“ til framlags sem Hringur fær greitt frá Ríkissjóði Íslands og Reykjavíkurborg í samræmi við ákvæði samnings um rekstur og starfsemi Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf. á milli milli íslenska ríkisins, Reykjavíkurborgar, Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf. og Greiðslumiðlunarinnar Hrings ehf., dagsettur 16. apríl 2013,

„Harpa TR“ til Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf., kt. 660805-1250, Austurbakka 2, 101 Reykjavík, Íslandi,

„Hringur“, „útgefandinn“ og „félagið“ til Greiðslumiðlunarinnar Hrings ehf., kt. 470110-0740, Austurbakka 2, 101 Reykjavík, Íslandi,

„Kauphöllin“ til NASDAQ OMX Iceland hf., kt. 681298-2829, Laugavegi 182, 105 Reykjavík, Íslandi,

„Landsbankinn“ til Landsbankans hf., kt. 471008-0280, Austurstræti 11, 155 Reykjavík, Íslandi,

„lýsingin“ til lýsingar Hrings dagsettrar 19. september 2014 sem samanstendur af verðbréfalýsingu þessari, útgefendalýsingu dagsettri 19. september 2014 og samantekt dagsettri 19. september 2014,

„samningur um rekstur og starfsemi Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss“ og „samningurinn“ til samnings um rekstur og starfsemi Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss á milli íslenska ríkisins, Reykjavíkurborgar, Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf. og Greiðslumiðlunarinnar Hrings ehf., dagsettur 16. apríl 2013,

„skuldabréfin“, „skuldabréfaútgáfan“, „skuldabréfaflokkurinn“ til skuldabréfaflokksins HARP 46 0217,

„umsjónaraðili“ til Fyrirtækjaráðgjafar Landsbankans hf., kt. 471008-0280, Austurstræti 11, 155 Reykjavík, Íslandi,

„umsýslu- og veðvörsluaðili“ til Landsbankans hf., kt. 471008-0280, Austurstræti 11, 155 Reykjavík, Íslandi,

„verðbréfalýsingin“ til verðbréfalýsingar þessarar, dagsettrar 19. september 2014,

„Verðbréfaskráning Íslands“ til Verðbréfaskráningar Íslands hf., kt. 500797-3209, Laugavegi 182, 105 Reykjavík, Íslandi.

nema annað megi skilja af samhenginu eða sé tekið fram í textanum.

Þegar vísað er til tímasetninga í verðbréfalýsingunni skal það túlkað sem tilvísun til tímasetninga að íslenskum staðartíma.

Þegar vísað er til laga og reglugerða í verðbréfalýsingunni er vísað til íslenskra laga og reglugerða, með áorðnum breytingum.

## 2.6 Skammstafanir og hugtök

a.m.k.	að minnsta kosti
ehf.	einkahlutafélag
f.h.	fyrir hönd
gr.	grein
hf.	hlutafélag
ISK	íslenskar krónur
kr.	íslenskar krónur
kt.	kennitala
m.a.	meðal annars
ma.kr.	milljarðar króna
mgr.	málgrein
m.kr.	milljónir króna
nr.	númer
ohf.	opinbert hlutafélag
sbr.	samanber
skv.	samkvæmt
s.s.	svo sem
t.d.	til dæmis
tl.	töluliður
VNV	Vísitala neysluverðs, reiknuð skv. Hagstofu Íslands
VS reikningur	VS reikningur er rafrænn eignarreikningur. Þegar viðskipti eiga sér stað með verðbréf sem búið er að skrá rafrænt, er opnaður reikningur í nafni eiganda verðbréfanna í kerfi Verðbréfaskráningar Íslands til að hægt sé að eiga viðskipti með rafbréf. Bankar, sparisjóðir og aðrir viðskiptaaðilar hafa umsjón með öllum VS-reikningum fyrir viðskiptavini sína. Öll meðferð rafbréfa fer fram fyrir milligöngu þessara aðila sem annast alla þjónustu og umsjón með verðbréfaeign viðskiptavina sinna.
þ.e.	það er
þ.m.t.	þar með talið



### 3 UPPLÝSINGAR UM SKULDABRÉFIN OG TÖKU ÞEIRRA TIL VIÐSKIPTA

Útgefandi:	Greiðslumiðlunin Hringur ehf., kt. 470110-0740, Austurbakka 2, 101 Reykjavík, Íslandi.
Tegund bréfs:	Skuldabréfin eru verðtryggð, jafngreiðslubríf.
Flokkur:	Skuldabréfin eru í sama flokki og njóta jafnrar stöðu innbyrðis.
Útgáfudagur:	26. apríl 2013.
Lokagjalddagi:	17. febrúar 2046.
Heildarheimild flokks:	kr. 19.500.000.000,-
Útgefið nú:	kr. 19.500.000.000,-
Nafnverðseiningar:	kr. 10.000.000,-
Gjaldmiðill:	ISK
Nafnvextir:	3,55% fastir flatir vextir. Af verðtryggðum höfuðstól skuldarinnar eins og hann er á hverjum tíma greiðast 3,55% fastir flatir vextir. Vaxtaregla er 30/360 ( <i>modified following adjusted</i> )
Verðtrygging:	Visitala neysluverðs – grunnildi 409,9 stig.  Skuldabréfin eru verðtryggð með vísitölu neysluverðs sem Hagstofa Íslands reiknar út og birtir, með grunnvísitölu sem gildir til verðtryggingar í apríl 2013 og er 409,9 stig. Höfuðstóll skuldarinnar breytist í hlutfalli við breytingar á vísitölu neysluverðs frá grunnvísitölu til fyrsta gjalddaga og síðan í hlutfalli við breytingar á vísitölu milli gjalddaga. Skal höfuðstóll skuldarinnar breytast á hverjum gjalddaga, áður en vextir og afborgun eru reiknuð út.
Fyrsti vaxtadagur:	26. apríl 2013.
Fyrsti gjalddagi vaxta:	Höfuðstóll og vextir greiðast með 394 jöfnum greiðslum ( <i>annuitet</i> ), auk verðtryggingar. Gjalddagar eru tólf sinnum á ári, 17. hvers mánaðar. Fyrsti gjalddagi afborgana og vaxta var 17. maí 2013 og var fyrsta vaxtatímabilið því styttra en önnur vaxtartímabil og heildargreiðsla þess lægri.
Dagaregla:	30/360 ( <i>modified following adjusted</i> ).
Vísbending um ávöxtun:	Skuldabréfin voru gefin út á ávöxtunarkröfunni 3,55% á útgáfudegi þann 26. apríl 2013.
Uppgreiðsluákvæði:	Skuldabréfin eru án uppgreiðsluheimildar
ISIN:	IS0000023166
Auðkenni:	HARP 46 0217
Heimild til útgáfu:	Á stjórnarfundum þann 16. apríl 2013 samþykkti stjórn Greiðslumiðlunarinnar Hrings ehf. að gefa út verðtryggðan skuldabréfaflokk, að fjárhæð allt að ISK 19.500.000.000,- með þeim kjörum sem lýst er í þessum kafla.

Hlunnindi:	Engin hlunnindi eru tengd skuldabréfunum.
Útreikningsaðili:	Landsbankinn hf., kt. 471008-0280, Austurstræti 11, 155 Reykjavík, Íslandi.
Greiðsluaðili:	Landsbankinn hf., kt. 471008-0280, Austurstræti 11, 155 Reykjavík, Íslandi.
Vörsluaðili:	Verðbréfaskráning Íslands hf., kt. 500797-3209, Laugavegi 182, 105 Reykjavík, Íslandi.
Umsýslu og veðvörsluaðili:	Landsbankinn hf., kt. 471008-0280, Austurstræti 11, 155 Reykjavík, Íslandi.
Stimpilgjald:	Útgefandi hefur greitt stimpilgjald af skuldabréfunum.
Ágreiningsmál:	Rísi mál út af skuldabréfum þessum má reka þau fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, skv. ákvæðum XVII. kafla laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála.

### 3.1 Umsýslu og veðvörsluaðili

Í tengslum við útgáfu skuldabréfaflokksins tók Landsbankinn að sér að vera umsýslu- og veðvörsluaðili Umsýslu- og veðvörsluaðili annast m.a. innheimtu á skuldabréfunum, þ.m.t. innheimtu vanskila og ráðstafar afborgunum til eigenda skuldabréfanna. Við ákvarðanatöku gætir umsýslu- og veðvörsluaðili hagsmuna allra eigenda skuldabréfa í skuldabréfaflokksnum. Eigendur skuldabréfa í skuldabréfaflokksnum hafa viðurkennt og samþykkt með eignarhaldi sínu og að þeir séu bundnir af þeim ákvörðunum sem umsýslu- og veðvörsluaðili tekur til að uppfylla skyldur sínar vegna skuldabréfaútgáfunnar. Skyldur umsýslu- og veðvörsluaðila koma fram í útgáfulýsingu vegna rafrænnar útgáfu HARP 46 0217 sem er í kafla 4.

Umsýslu- og veðvörsluaðili mun upplýsa eigendur skuldabréfanna um þau atvik og aðstæður sem hann fær vitneskju um og eru líkleg til að takmarka möguleika útgefanda og veðsala til að standa við skuldbindingar sínar. Umsýslu- og veðvörsluaðili mun því m.a., fá hann um það vitneskju, upplýsa eigendur skuldabréfanna um veruleg vanskil útgefanda, brot gegn sérstökum skuldbindingum og ef heimild til gjaldfellingar verður virk.

Ákvörðun um gjaldfellingu eða veiting heimildar til uppgreiðslu verður ekki tekin nema að fyrir liggi samþykki meirihluta eigenda skuldabréfanna á hverjum tíma. Ákvörðun um breytingu á skilmálum skuldabréfanna, t.d. hvað varðar endurgreiðslu eða tryggingar, verður ekki tekin nema að fyrir liggi samþykki allra eigenda skuldabréfanna á hverjum tíma.

Ef nauðsynlegt er að leita samþykkis eigenda skuldabréfanna mun umsýslu- og veðvörsluaðili boða til fundar með skuldabréfaeigendum til ákvörðunartöku. Þegar krafist er samþykkis tiltekins hlutfalls eigenda skuldabréfanna er átt við hlutfall eignar skuldabréfaeiganda af heildarfjárhæð skuldabréfaflokksins. Þegar krafist er samþykkis meirihluta skuldabréfaeigenda skuldabréfaflokksins er átt við samþykki eigenda 50,1% af heildarfjárhæð skuldabréfaflokksins nema annað sé sérstaklega tekið fram. Ákvarðanir um að skuldabréfaeigendur veiti samþykki sitt verða aðeins teknar fyrir milligöngu umsýslu- og veðvörsluaðila og eru þær bindandi fyrir alla skuldabréfaeigendur.

Til að umsýslu- og veðvörsluaðili geti rækt skyldur sínar er honum heimilt að afla upplýsinga frá Verðbréfaskráningu Íslands um skráða skuldabréfaeigendur í skuldabréfaflokksnum á hverjum tíma.

Sem veðvörsluaðili allra veðhafa fer Landsbankinn, til hagsbóta fyrir sérhvern og alla skuldabréfaeigendur, með öll réttindi og skyldur þeirra samkvæmt þeim tryggingarskjölum sem standa að baki skuldabréfaútgáfunni.

Skuldabréfaeigendur hafa veitt umsýslu- og veðvörsluaðila fullt og ótakmarkað umboð til að framkvæma allar þær aðgerðir sem nauðsynlegar eru að mati umsýslu- og veðvörsluaðila til að tryggja sameiginlega hagsmuni skuldabréfaeigendanna. Umsýslu- og veðvörsluaðili hefur þó ekki heimild til að höfða dómsmál, vegna atvika sem snerta hinar veðsettu eignir eða veðsamninga sem gerðir eru í tengslum við skuldabréfaútgáfuna, fyrir hönd skuldabréfaeigendanna án samþykkis meirihluta skuldabréfaeigenda.

Ef umsýslu- og veðvörsluaðili verður þess áskynja að yfirvofandi séu atburðir eða framkvæmdir sem muni leiða til þess að verðmæti hinna veðsettu eigna rýrni verulega, getur umsýslu- og veðvörsluaðili gripið til þeirra

aðgerða sem hann telur nauðsynlegar til að vernda hagsmuni skuldabréfaeigendanna, þrátt fyrir að ekki liggi fyrir ákvörðun meirihluta þeirra, skv. Útgáfulýsingu dagsettri 24. apríl 2013. Skal slík aðgerð binda alla skuldabréfaeigendur með sama hætti og ef ákvörðun tilskilins meirihluta skuldabréfaeigendanna hefði legið fyrir. Umsýslu- og veðvörsluaðila er þó óheimilt að ganga gegn vilja meirihluta skuldabréfaeigenda, sem honum hefur verið tilkynnt um með skriflegum og sannanlegum hætti, nema hann telji framkvæmdina ekki vera í samræmi við lög og reglur.

Við innlausn á veðsettum eignum skal umsýslu- og veðvörsluaðili hefja sölufurli innleysta eigna svo fljótt sem verða vill, með hverjum þeim hætti sem hann telur best í hvert og eitt skipti. Umsýslu- og veðvörsluaðili hefur heimild til að hafna eða samþykkja tilboð eftir sinni eigin sannfæringu en þó ávallt í samræmi við ákvæði þeirra veðsamninga sem gerðir eru í tengslum við skuldabréfaútgáfu þessa. Umsýslu- og veðvörsluaðili getur leitað afstöðu skuldabréfaeiganda til framkominna tilboða. Vilji meirihluta skuldabréfaeigenda skal þá ráða hvort tilboðum sé hafnað eða þau samþykkt.

Ef fyrirhugaðar aðgerðir umsýslu- og veðvörsluaðila fela í sér að umsýslu- og veðvörsluaðili þurfi að leggja út kostnað getur hann ákveðið að hefja ekki aðgerðir fyrr en hann hefur mótttekið greiðslu eða tryggingu frá skuldabréfaeigendum sem hann krefst vegna sérhvers kostnaðar, mögulegs tjóns eða skaðabótaskyldu (ásamt virðisaukaskatti) sem hann getur orðið fyrir við að framfylgja fyrirmælum skuldabréfaeigenda.

Að því leyti sem greiðsla berst ekki frá útgefanda skulu skuldabréfaeigendur endurgreiða umsýslu- og veðvörsluaðila allan útlagðan kostnað og útgjöld hans, eða þess aðila sem skipaður hefur verið af honum, að skaðlausu (þ.m.t. lögfræðikostnað), svo sem vegna fullnustu eða verndunar á eignum og réttindum sem standa til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu á skuldbindingum útgefanda samkvæmt skuldabréfafloknum, vegna innlausnar veðs, eða kostnaðar við sölu hinna veðsettu eigna.

Umsýslu- og veðvörsluaðili ber ekki ábyrgð gagnvart skuldabréfaeigendum á tjóni sem þeir kunna að verða fyrir vegna aðgerða eða aðgerðaleyfis umsýslu- og veðvörsluaðila, nema slíkt sé vegna ásetnings eða stórkostlegs gáleysis umsýslu- og veðvörsluaðila. Umsýslu- og veðvörsluaðili ber ekki ábyrgð á óbeinu tjóni sem skuldabréfaeigendur kunna að verða fyrir vegna aðgerða umsýslu- og veðvörsluaðila samkvæmt útgáfulýsingu sem dagsett er 24. apríl 2013 og finna má í kafla 4 í veðbréfalýsingu.

Skuldabréfaeigendurnir skulu halda umsýslu- og veðvörsluaðila skaðlausum vegna tjóns sem hann kann að verða fyrir vegna aðgerða, eða aðgerðaleyfis, sem hann grípur til sem umsýslu- og veðvörsluaðili, verði tjón ekki rakið til ásetnings eða stórkostlegs gáleysis umsýslu- og veðvörsluaðila.

Umsýslu- og veðvörsluaðili getur sagt af sér með tilkynningu til skuldabréfaeigenda og útgefanda. Hafi nýr umsýslu- og veðvörsluaðili ekki verið skipaður innan 30 daga frá þeim tíma, skal umsýslu- og veðvörsluaðili, að höfðu samráði við útgefanda, skipa nýjan umsýslu- og veðvörsluaðila.

Ákvörðun meirihluta skuldabréfaeigenda þarf til að afturkalla umboð umsýslu- og veðvörsluaðila enda sé samhlíða skipaður nýr umsýslu- og veðvörsluaðili að höfðu samráði við útgefanda.

Uppsögn umsýslu- og veðvörsluaðila eða afturköllun umboðs meirihluta skuldabréfaeigenda tekur einungis gildi þegar búið er að skipa nýjan umsýslu- og veðvörsluaðila sem hefur skriflega samþykkt skipun sína og nauðsynlegar breytingar hafa verið gerðar á þeim veðsamningum sem gerðir eru í tengslum við skuldabréfaútgáfuna til að tryggja skuldir samkvæmt skuldabréfunum við hinn nýja umsýslu- og veðvörsluaðila fyrir hönd skuldabréfaeigendanna.

### **3.2 Sérstakar skuldbindingar**

Útgefandinn hefur tekið á sig sérstakar skuldbindingar vegna skuldabréfaflokksins. Heimilt er að gjaldfella eftirstöðvar skuldarinnar komi til þess að brotið sé gegn þeim sérstöku skuldbindingum sem fjallað er um hér á eftir og eins og fjallað er um í kafla 3.5 um greiðsluskyldu útgefanda og vanskil.

- a) Útgefandi skuldbindur sig til að stofna ekki til frekari skuldbindinga, hvort sem er í formi lána eða ábyrgða, en þeirra sem tengjast útgáfu skuldabréfaflokksins.

- b) Útgefandi skuldbindingur sig til að breyta ekki samþykktum félagsins eða takast á hendur nýja starfsemi nema að fengnu fyrirfram samþykki 75% eigenda skuldabréfaflokksins á hverjum tíma.
- c) Útgefandi skuldbindur sig til að hækka hvorki né lækka hlutfé sitt, né gefa út áskriftarréttindi eða breytanleg skuldabréf nema að fengnu fyrirfram samþykki 75% eigenda skuldabréfaflokksins á hverjum tíma.
- d) Útgefandi skuldbindur sig til þess að sameinast ekki öðru félagi eða félögum, skipta félaginu upp í tvö eða fleiri sjálfstæð félög eða breyta rekstrarformi sínu nema að fengnu fyrirfram samþykki 75% eigenda skuldabréfaflokksins á hverjum tíma.
- e) Útgefandi skal hvorki taka ákvörðun um, né inna af hendi, nokkrar greiðslur til hluthafa vegna hlutfjáreignar þeirra, hvorki í formi arðs, lækkunar hlutfjár, kaupa á eigin bréfum, né með öðrum sambærilegum eða svipuðum hætti, nema að fengnu fyrirfram samþykki 75% eigenda skuldabréfaflokksins á hverjum tíma.
- f) Kröfur skuldabréfaeigenda samkvæmt skuldabréfaflokknum skulu ávallt vera jafnréttáar (*e. pari passu*) innbyrðis. Óheimilt skal að veita öðrum jafnréttáum skuldbindingum sérstakar tryggingar fyrir greiðslu þeirra.
- g) Útgefanda er óheimilt að veðsetja eignir sínar í öðrum tilgangi en að tryggja efndir skuldabréfaflokksins.
- h) Útgefandi skal ráðstafa mánaðarlegu framlagi íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar í samræmi við samning um rekstur og starfsemi Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss sem dagsettur er 16. apríl 2013. Í samningnum er skuldbinding íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar til greiðslu framlagsins ítrekuð og staðfest. Framlagið greiðist inn á veðsettan bankareikning útgefanda og verður ávallt fyrst nýtt til að greiða mánaðarlegar afborganir á skuldabréfum í skuldabréfaflokknum. Ekki er heimilt að nýta fjármuni á veðsettum bankareikningi útgefanda til rekstrar tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu fyrr en mánaðarlegar afborganir af skuldabréfum í skuldabréfaflokknum hafa verið inntar af hendi að fullu. Í lok hvers mánaðar, eftir að mánaðarleg afborgun af skuldabréfum í skuldabréfaflokknum hefur verið greidd að fullu, skal útgefanda heimilt að óska eftir því við umsýslu- og veðvörsluaðila að sú fjárhæð sem eftir stendur á veðsetta bankareikningnum verði millifærð inn á annan bankareikning sem útgefandi tilgreinir, háð því skilyrði að engin vanefndatilvik séu til staðar og að hinni millifærðu fjárhæð verði ráðstafað í rekstur tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu. Umsýslu- og veðvörsluaðili skal samþykkja slíka millifærslubeiðni svo framarlega sem hann hafi ekki fengið vitneskju um að vanefndatilvik séu til staðar.
- i) Útgefanda er óheimilt samkvæmt samningnum, að samþykkja breytingar á þeim ákvæðum samningsins sem varða framlag íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar með einhverjum hætti nema með fyrirframgefnu skriflegu samþykki allra eigenda skuldabréfaflokksins á hverjum tíma. Þrátt fyrir framangreint er ekki þörf á að aflað sé fyrirframgefins skriflegs samþykkis eigenda skuldabréfaflokksins á hverjum tíma þegar gerðar eru breytingar á ákvæðum 4. kafla samningsins, sem varða framlag íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar, sem í engu skerða möguleika útgefanda til að standa skil á afborgunum eða öðrum greiðslum sem honum ber að reiða af hendi vegna útgáfu skuldabréfanna, þ.e. leiðir ekki til skerðingar á réttindum eigenda skuldabréfanna eða lækkunar á framlaginu. Hér er m.a. átt við breytingar á framlaginu til hækkunar, fjölgun verðleiðréttinga á gildistíma samningsins og hvert annað tilvik sambærilegs eðlis.
- j) Útgefandi skal upplýsa um fjárhagsstöðu sína samkvæmt reglum Kauphallarinnar um útgefendur skuldabréfa á hverjum tíma. Þar til skuldabréfaflokkurinn hefur verið tekinn til viðskipta hjá Kauphöllinni skal upplýsingagjöfin vera til umsýslu- og veðvörsluaðila.
- k) Útgefandi skuldbindur sig til að upplýsa umsýslu- og veðvörsluaðila vegna skuldabréfaútgáfunnar um sérhver vanskil sem eiga sér stað eða eru yfirvofandi og ef brotið er gegn þeim sérstökum skuldbindingum sem tilgreindar eru hér að ofan og/eða veðsamningum á milli Hörpu TR og Hringa sem veðsala og Landsbankans sem veðvörsluaðila vegna skuldabréfaflokksins.

### 3.3 Tryggingar

Til að standa straum af greiðslu afborgana á þeim skuldabréfum sem mynda skuldabréfaflokkinn mun mánaðarlegu framlagi frá íslenska ríkinu og Reykjavíkurborg samkvæmt samningnum verða, á líftíma skuldabréfanna, ráðstafað til útgefanda. Samkvæmt samningnum skal framlagið greiðast mánaðarlega í 35 ár frá 15. mars 2011.

Til frekari tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu á skuldbindingum útgefanda samkvæmt skuldabréfaflokki er eigendum skuldabréfanna veittar eftirfarandi tryggingar:

- a) Fasteignin Austurbakki 2, Reykjavík, fastanúmer 200-0239 ásamt fylgifé og öllum rekstrartækjum sem tilheyrja þeim rekstri sem fram fer á fasteigninni, sbr. 24. gr. laga nr. 75/1997, um samningsveð, með tilgreindum veðrétti og uppfærslurétti. Komi til greiðslu bóta vegna tjóna á hinni veðsettu eign ber að taka tillit til 2. mgr. 39. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga, og greiða bætur einungis til umsýslu- og veðvörsluaðila fyrir hönd skuldabréfaeigenda eða í samráði við hann.
- b) Veðréttur í kröfum Hörpu TR á hendur íslenska ríkinu og Reykjavíkurborg samkvæmt 4. kafla samningsins. Í þessu felst m.a. veðréttur í mánaðarlegu framlagi íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar sem skal greitt mánaðarlega í 35 ár frá 15. mars 2011. Veðrétturinn nær því til framlagsins, réttarins til verðleiðréttingar framlagsins og leiðréttingar þess vegna skattalegra atriða auk réttarins til að krefjast dráttarvaxta.
- c) Veðréttur í öllum kröfum útgefanda á hendur Hörpu TR og/eða íslenska ríkinu og Reykjavíkurborg samkvæmt samningnum.
- d) Handveðréttur í bankareikningi útgefanda nr. 0101-26-047011 hjá Landsbankanum hf.
- e) Veðréttur í öllu hlutafé í útgefanda.

### 3.4 Forgangsröðun skuldabréfanna

Kröfur skuldabréfaeigenda samkvæmt skuldabréfaflokki skulu ávallt vera jafnréttáar (*e. pari passu*) innbyrðis. Óheimilt er að veita öðrum jafnréttáum skuldbindingum sérstakar tryggingar fyrir greiðslu þeirra.

Útgefandi hefur skuldbundið sig til að stofna ekki til frekari skuldbindinga, hvort sem er í formi lána eða ábyrgða, en þeirra sem tengjast útgáfu á skuldabréfaflokki.

### 3.5 Greiðsluskylda útgefanda og vanskil

Greiðslustaður er bankareikningur sem umsýslu- og veðvörsluaðili tilgreinir og tilkynntur er útgefanda. Útgefandi uppfyllir greiðsluskyldu sína með greiðslu til umsýslu- og veðvörsluhafa sem ráðstafar henni til einstakra eigenda skuldabréfa í skuldabréfaflokki. Eigendur skuldabréfanna skulu upplýsa umsýslu- og veðvörsluaðila um bankareikninga þá sem tengdir eru VS reikningi þeirra hjá reikningsstofnun hér á landi.

Inni útgefandi ekki greiðslu af hendi á gjalddaga afborgunar skuldabréfanna er heimilt að innheimta dráttarvexti í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu af gjaldfallinni eða gjaldfelldri upphæð. Ekki er heimilt að innheimta dráttarvexti ef gjalddagi skuldabréfanna er á degi þegar bankar á Íslandi eru ekki opnir og skuldari greiðir á næsta bankadegi.

Hafi útgefandi ekki innt greiðslu af hendi að fullu 10 dögum eftir gjalddaga til umsýslu- og veðvörsluaðila er heimilt að fella skuldina í gjalddaga fyrirvaralaust og án uppsagnar. Umsýslu- og veðvörsluaðila er heimilt fyrir hönd skuldabréfaeigenda, að undangengnu samþykki meirihluta skuldabréfaeigenda, að gjaldfella skuldabréfaflokkinn ef um greiðslufall í samræmi við framangreint er að ræða.

Berist greiðsla aðeins að hluta skal umsýslu- og veðvörsluaðili ráðstafa greiðslunni til eigenda skuldabréfanna í réttu hlutfalli við eign hvers og eins þeirra miðað við heildarfjárhæð skuldabréfaútgáfunnar.

### 3.6 Gjaldfellingarákvæði

Til viðbótar við heimild umsýslu- og veðvörsluaðila til að gjaldfella skuldabréfaflokkinn, eins og lýst er í kafla 3.5 um greiðsluskyldu útgefanda og vanskil, þá er umsýslu- og veðvörsluaðila, fyrir hönd skuldabréfaeigenda, einnig heimilt að fella skuldina í gjalddaga í eftirfarandi tilvikum að undangenginni skriflegri tilkynningu til útgefanda þar sem honum eru gefnir a.m.k. 10 dagar til að bæta úr þeim annmörkum sem til staðar eru:

- a) Ef gert er fjárnám hjá útgefanda eða Hörpu TR sem veðsala, komi fram krafa um gjaldþrotaskipti á búi einhvers þeirra, ef útgefandi eða einhver veðsala leita nauðasamninga, eignir einhvers þeirra eru auglýstar á nauðungarsölu eða ef eignir einhvers þeirra eru kyrrsettar sem hluti af fullnustuaðgerðum.
- b) Ef brotið er gegn þeim sérstöku skuldbindingum sem útgefandi og Harpa TR sem veðsali hafa undirgengist við útgáfu skuldabréfaflokksins og/eða samkvæmt veðsamningum sem gerðir voru í tengslum við skuldabréfaútgáfuna.
- c) Ef íslenska ríkið eða Reykjavíkurborg greiða ekki framlag sitt á gjalddaga samkvæmt samningnum til útgefanda.
- d) Ef fjárhagsstaða útgefanda breytist verulega, þannig að geta hans til að uppfylla skyldur sínar samkvæmt útgæfum skuldabréfum minnkar verulega að sanngjörnu mati eigenda skuldabréfa í skuldabréfaflokknum.
- e) Ef útgefandi, eða Harpa TR sem veðsali, inna ekki af hendi á gjalddaga greiðslu samkvæmt einhverjum samningi eða samningum sem leggja á þá greiðsluskyldu og hafi samningurinn verið gjaldfelldur, eða hafi orðið heimilt að gjaldfella hann, enda sé skuld sú sem gjaldfallin er, eða heimilt er að gjaldfella, hærri en 50.000.000 kr. (krónur fimmtíu milljónir).
- f) Ef verulegar líkur eru á, að sanngjörnu mati umsýslu- og veðvörsluaðila, að ekki verði hægt að koma fram fullnustu á grundvelli einhvers veðsamninga sem gerðir eru í tengslum við skuldabréfaútgáfuna eða að fullnusta er ekki lengur möguleg.
- g) Ef útgefandi er ekki lengur í fullri eigu Hörpu TR eða ef Harpa TR er ekki lengur í fullri eigu íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar og ekki hefur fengist fyrirfram samþykki 75% eigenda skuldabréfa í skuldabréfaflokknum á hverjum tíma fyrir slíkri breytingu á eignarhaldi.
- h) Ef sala eða veðsetning á hlutum í Hörpu TR eða útgefanda, önnur en sú sem tengist skuldabréfaútgáfunni, hefur átt sér stað og ekki hefur fengist fyrirfram samþykki 75% eigenda skuldabréfa í skuldabréfaflokknum á hverjum tíma, fyrir slíkri sölu eða veðsetningu.

Umsýslu- og veðvörsluaðili mun kalla saman fund skuldabréfaeigenda þegar hann hefur fengið tilkynningu um hugsanlega vanefnd útgefanda á öðrum skyldum hans samkvæmt skuldabréfunum en greiðslu höfuðstóls og/eða vaxta á gjalddaga, eða ef hann með öðrum hætti fær upplýsingar um að heimild til gjaldfellingar sé til staðar, og leggja fram tillögu um að útgefanda eða Hörpu TR sem veðsala verði veittur frestur til að bæta með fullnægjandi hætti úr þeim annmörkum sem staðar eru. Verði útgefandi eða Harpa TR sem veðsali ekki við fyrirmælum um að bæta með fullnægjandi hætti úr þeim annmörkum sem til staðar eru innan tilgreindra tímamarka, að mati meirihluta skuldabréfaeigenda, mun umsýslu- og veðvörsluaðili fyrir hönd skuldabréfaeigenda gjaldfella skuldabréfaflokkinn ef samþykki meirihluta skuldabréfaeigenda fæst fyrir þeirri ráðstöfun. Umsýslu- og veðvörsluaðili mun þá innheimta kröfur á grundvelli skuldabréfanna fyrir hönd allra skuldabréfaeigenda.

Skuldabréf þau sem mynda skuldabréfaflokkinn verða aðeins gjaldfelld í einu lagi. Einstakir skuldabréfaeigendur geta því ekki einhliða gjaldfelld skuldabréf í þeirra eigu.

Verði skuldin gjaldfelld samkvæmt framansögðu, má gera aðför hjá útgefanda til fullnustu skuldarinnar, án undangengins dóms eða réttarsáttar samkvæmt 7. tl. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989, um aðför, að undangenginni greiðsluáskorun samkvæmt 7. gr. laganna. Auk þess að ná til höfuðstóls skuldarinnar, nær aðfararheimild þessi til vaxta, verðbóta, dráttarvaxta og alls kostnaðar af innheimtuaðgerðum og frekari fullnustugerðum, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989, um aðför.

Að því marki sem kostnaður vegna innheimtu greiðist ekki af útgefanda skulu skuldabréfaeigendur bera allan kostnað af starfi umsýslu- og veðvörsluaðila sem og annan kostnað af innheimtu.

Skuldabréfaeigendur skulu halda umsýslu- og veðvörsluaðila skaðlausum gagnvart því sem hann framkvæmir (eða framkvæmir ekki) sem umsýslu- og veðvörsluaðili, verði tjón ekki rakið til ásetnings eða stórkostlegs gáleysis umsýslu- og veðvörsluaðila.

Komi til gjaldfellingar er umsýslu- og veðvörsluaðila jafnframt heimilt, einhliða og fyrirvaralaust, að nýta öll réttindi, ýmist í heild eða að hluta, samkvæmt þeim tryggingum sem útgefandi og Harpa TR sem veðsalar hafa lagt fram til tryggingar á réttum og fullum efdum á skyldum sínum samkvæmt skuldabréfaútgáfunni.

### 3.7 Skattar

Í því landi þar sem Hringur er með skráða skrifstofu og þar sem sótt er um töku skuldabréfanna til viðskipta fara allar greiðslur sem tengjast bréfunum fram af hálfu útgefanda án þess að innheimtur sé staðgreiðsluskattur eða önnur gjöld vegna núverandi eða framtíðargreiðslu hverskonar skatta eða gjalda sem lögð eru á af skattfyrvöldum í hvaða lögsagnarumdæmi sem er, nema slíkar innheimtu eða frádráttar sé krafist í samræmi við lög nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Ábyrgð á útreikningi og töku fjármagnstekjuskatts er hjá reikningsstofnun sem varsla viðkomandi skuldabréf. Við birtingu lýsingarinnar er tekjuskattur af fjármagnstekjum einstaklinga utan rekstrar 20% af þeim tekjum. Útgefandi mun ekki framreiða aukalega greiðslu vegna upphæða sem haldið var eftir vegna skatta eða frádráttar í samræmi við lög.

Um skattlagningu tekna vegna fjárfestingar í skuldabréfum fer samkvæmt íslenski skattalöggjöf á hverjum tíma, m.a. lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, sbr. lög nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, og lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda. Hér á eftir fer stutt samantekt á skattalegri meðhöndlun skuldabréfa samkvæmt núgildandi lögum. Mælt er með því að fjárfestar kynni sér íslenska og eftir atvikum erlenda skattalöggjöf og athugi að breytingar kunna að verða á lögum. Samantekt þessi er ekki tæmandi og er fjárfestum ráðlagt að leita ráðgjafar frá þriðja aðila varðandi skattalegar afleiðingar þess að fjárfesta í skuldabréfum.

Allar greiðslur tengdar skuldabréfum útgefnum af Hring þar sem skrifstofa félagsins er skráð og þar sem sótt er um töku skuldabréfanna til viðskipta, eiga sér stað án staðgreiðslu eða frádráttar vegna eða í tengslum við núverandi eða tilvonandi skatt eða álagningu hvaða nafni sem nefnist og innheimtur er af hvaða skattayfirvöldum sem er, nema þar sem lög gera kröfu um slíka staðgreiðslu eða frádrátt, sbr. lög nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur og/eða lög nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda eða önnur lög sem kunna að öðlast gildi. Í slíkum tilvikum greiðir Hringur ekki nein aukaleg gjöld af upphæðum sem haldið er eftir í samræmi við slíka staðgreiðslu eða frádrátt.

Útgefandi hefur greitt stimpilgjald af skuldabréfaflokknum.

### 3.8 Lög

Um skuldabréfin gilda íslensk lög. Rísi mál útaf skuldabréfunum skal reka málið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Um meðferð mála sem tengjast skuldabréfunum vísast til 17. kafla laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála.

Skuldabréfin bera fasta verðtryggða vexti og um þau gilda lög nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 150/2007, um fyrningu kröfuréttinda, fyrnast kröfur samkvæmt skuldabréfi og kröfur sem skráðar hafa verið með rafrænni skráningu í verðbréfamiðstöð á 10 árum frá gjalddaga. Þessi fyrningarfestur á ekki við um kröfur um vexti og verðbætur sem fyrnast á fjórum árum frá gjalddaga í samræmi við almennan fyrningarfrest kröfuréttinda sem tilgreindur er í 3. gr. sömu laga.

Skuldabréfin eru skráð rafrænt og því gilda um þau lög nr. 131/1997, um rafræna eignaskráningu verðbréfa.

Sótt hefur verið um töku skuldabréfanna til viðskipta hjá Kauphöllinni og því gilda um skuldabréfin lög nr. 108/2007, um verðbréfa viðskipti.

### **3.9 Rafræn skráning og framsal**

Einungis er heimilt að framselja skuldabréfin til nafngreinds aðila. Skuldabréfin eru gefin út með rafrænum hætti í kerfi Verðbréfaskráningar Íslands og er reikningsstofnunum, eins og þær eru skilgreindar samkvæmt lögum nr. 131/1997, um rafræna eignaskráningu verðbréfa, einum heimilt að annast milligöngu um framsal á þeim. Eignaskráning rafréfa hjá Verðbréfaskráningu Íslands veitir skráðum eiganda hennar lögformlega heimild fyrir þeim réttindum sem hann er skráður eigandi að. Engar aðrar hömlur eru á framsali með skuldabréfin.

### **3.10 Afskráning**

Skuldabréfaflokkur verður afskráður úr kerfi Verðbréfaskráningar Íslands sjö sólarhringum eftir lokagjaldþaga nema tilkynning um annað berist frá útgefanda. Útgefanda ber að tilkynna Verðbréfaskráningu Íslands um greiðslufall flokksins og skal í því tilviki senda Verðbréfaskráningu Íslands tilkynningu þar um þegar greiðsla hefur farið fram.

### **3.11 Taka skuldabréfanna til viðskipta hjá Kauphöllinni**

Sótt hefur verið um töku skuldabréfanna til viðskipta hjá Kauphöllinni, sem er skipulegur verðbréfamarkaður í skilningi íslenskra laga sem gilda hverju sinni um markaði með fjármálagerninga.

Fyrsti viðskiptadagur með skuldabréfin hjá Kauphöllinni verður tilkynntur af Kauphöllinni með minnst eins viðskiptadags fyrirvara. Áætlað er að bréfin verði í fyrsta lagi tekin til viðskipta hjá Kauphöllinni þann 1. október 2014.

Kostnaður útgefanda vegna töku bréfanna til viðskipta, þ.e. vegna gerðar og staðfestingar lýsingar og skráningargjalda til Kauphallarinnar er áætlaður um 5 m.kr. Enginn kostnaður fellur á skuldabréfaeigendur vegna töku bréfanna til viðskipta.



## **4 ÚTGÁFULÝSING HARP 46 0217**



## ÚTGÁFULÝSING

### ÚTGÁFA SKULDABRÉFA Í KERFI VERÐBRÉFASKRÁNINGAR ÍSLANDS HF

#### 1. kafli

##### *Almennar upplýsingar um útgefanda:*

*Nafn útgefanda, kennitala, heimild til útgáfu, stofndagur, skráð aðsetur og höfuðstöðvar ef þær eru aðrar en hið skráða aðsetur.*

Nafn útgefanda: Greiðslumiðlunin Hringur ehf.

Kennitala: 470110-0740.

Aðsetur: Austurbakka 2, 101 Reykjavík.

Heimild til útgáfu: Stjórn Greiðslumiðlunarinnar Hrings ehf. samþykkti þann 16. apríl 2013 að gefa út verðtryggðan skuldabréfaflokk, að fjárhæð allt að ISK 19.500.000.000,- með þeim kjörum sem nánar er lýst hér á eftir.

*Nöfn og kennitölur forsvarsmanna útgefanda.*

Halldór Guðmundsson, kt. 080256-4779.

*Lög og reglur sem útgefandi starfar eftir ef sérlög gilda um starfsemi hans.*

Engin sérlög gilda um starfsemi Greiðslumiðlunarinnar Hrings ehf.

Útgefandi er í fullri eigu Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf., kt. 660805-1250, Austurbakka 2, Reykjavík.

#### 2. kafli

##### *Upplýsingar um útgáfuna:*

- 2.1 *Viðtakandi greiðslna og annarra upplýsinga hjá útgefanda sem varða útgáfuna, nafn/nöfn, kennit. og netfang.*

Greiðslumiðlunin Hringur ehf.

Halldór Guðmundsson, kt. 080256-4779, halldor@harpa.is

Landsbankinn hf.,

HÖS  
GG  
dnh  
EFT

Hlynur Hreinsson, kt. 040169-4829, hlynur.hreinsson@landsbankinn.is.

2.2 *Auðkenni útgáfunnar, nafnverð svo og önmur skilyrði sem varða útgáfuna og skuldbinda útgefanda.*

**Auðkenni:** HARP 46 0217.

**Tegund bréfs:** Jafngreiðslubréf.

**ISIN:** IS0000023166.

**Heildarheimild samkv. samningi:** ISK 19.500.000.000,-

**Útgefið nú:** ISK 19.500.000.000,-

**Nafnverðseiningar:** 10.000.000,-

**Útgáfudagur:** 26. apríl 2013

**Gjalddagar höfuðstóls og vaxta:**

Höfuðstóll og vextir greiðast með 394 jöfnum greiðslum (annuitet), auk verðtryggingar. Gjalddagar eru tólf sinnum á ári, 17. hvers mánaðar. Fyrsti gjalddagi afborgana og vaxta er 17. maí 2013 og síðasti gjalddagi afborgana og vaxta er 17. febrúar 2046.

**Verðtrygging:**

Skuldabréfin eru verðtryggð með vísitölu neysliverðs, sem Hagstofa Íslands reiknar út og birtir, með grunnvísitölu sem gildir til verðtryggingar í apríl 2013, og er 409,9 stig.

Höfuðstóll skuldarinnar breytist í hlutfalli við breytingar á vísitölu neysliverðs frá grunnvísitölu til fyrsta gjalddaga og síðan í hlutfalli við breytingar á vísitölunni milli gjalldaga. Skal höfuðstóll skuldarinnar breytast á hverjum gjalddaga, áður en vextir og afborgun eru reiknuð út.

**Nafnvextir:**

Af verðtryggðum höfuðstól skuldarinnar eins og hann er á hverjum tíma greiðast 3,55% fastir flatir vextir. Vaxtaregla er 30/360 (modified following unadjusted).

**Fyrsti vaxtadagur:** 26. apríl 2013.

**Gjaldmiðill:** ISK.

**Uppgreiðsluákvæði:** Skuldabréfin eru án uppgreiðsluheimildar.

**Sérstakar skuldbindingar:** Útgefandi tekur á sig neðangreindar skuldbindingar:

- 1) Útgefandi skuldbindur sig til að stofna ekki til frekari skuldbindinga, hvort sem er í formi lána eða ábyrgða, en þeirra sem tengjast útgáfu skuldabréfaflokks þessa.
- 2) Útgefandi skuldbindingur sig til að breyta ekki samþykktum félagsins eða takast á hendur nýja starfsemi nema að fengnu fyrirfram samþykki 75% eigenda skuldabréfa í skuldabréfaflokki þessum á hverjum tíma.
- 3) Útgefandi skuldbindur sig til að hækka hvorki né lækka hlutfé sitt, né gefa út áskriftarréttindi eða breytanleg skuldabréf nema að fengnu fyrirfram samþykki 75% eigenda skuldabréfa í skuldabréfaflokki þessum á hverjum tíma.
- 4) Útgefandi skuldbindur sig til þess að sameinast ekki öðru félagi eða félögum, skipta félaginu upp í tvö eða fleiri sjálfstæð félög eða breyta rekstrarformi sínu nema að fengnu fyrirfram samþykki 75% eigenda skuldabréfa í skuldabréfaflokki þessum á hverjum tíma.
- 5) Útgefandi skal hvorki taka ákvörðun um, né inna af hendi, nokkrar greiðslur til hluthafa vegna hlutfjáreignar þeirra, hvorki í formi arðs, lækkunar hlutfjár, kaupa á eigin bréfum, né með öðrum sambærilegum eða svipuðum hætti, nema að fengnu fyrirfram samþykki 75% eigenda skuldabréfa í skuldabréfaflokki þessum á hverjum tíma.
- 6) Kröfur skuldabréfaeigenda samkvæmt þessum skuldabréfaflokki skulu ávallt vera jafnréttáar (*e. pari passu*) innbyrðis. Óheimilt skal að veita öðrum jafnréttáum skuldbindingum sérstakar tryggingar fyrir greiðslu þeirra.
- 7) Útgefanda er óheimilt að veðsetja eignir sínar í öðrum tilgangi en að tryggja efndir skuldabréfa sem mynda skuldabréfaflokk þennan.
- 8) Útgefandi skal ráðstafa mánaðarlegu framlagi íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar í samræmi við Samning um rekstur og starfsemi Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss. Sá samningur var gerður á milli íslenska ríkisins, Reykjavíkurborgar, Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf. og útgefanda, dags. 16. apríl 2013 (verkefnissamningurinn). Þessi verkefnissamningur kemur að öllu leyti í stað upphaflegs verkefnissamnings (*e. Project Agreement*) eins og hann var gerður þann 9. mars 2006 (upphaflegi verkefnissamningurinn) en síðar breytt þann 19. janúar

HC  
EKT 1701  
Jbkt

2010 (uppfærði verkefnissamningurinn). Í verkefnissamningnum er skuldbinding íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar til greiðslu framlagsins ítrekuð og staðfest. Framlagið var og er skilgreint í verkefnissamningnum sem greiðsla vegna kaupa á þeirri þjónustu sem felst í því annars vegar að Harpa tónlistar- og ráðstefnuhús ohf. eigi tónlistar- og ráðstefnuhús og hins vegar reki aðstöðu í tónlistar- og ráðstefnuhúsinu Hörpu. Framlagið greiðist inn á veðsettan bankareikning útgefanda og verður ávallt fyrst nýtt til að greiða mánaðarlegar afborganir á skuldabréfum í skuldabréfaflokki þessum enda er skuldabréfaútgáfan vegna endurfjármögnunar útgefanda. Ekki skal heimilt að nýta fjármuni á veðsettum bankareikningi útgefanda til rekstrar tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu fyrr en mánaðarlegar afborganir af skuldabréfum í skuldabréfaflokki þessum hafa verið inntar af hendi að fullu. Í lok hvers mánaðar, eftir að mánaðarleg afborgun af skuldabréfum í skuldabréfaflokki þessum hefur verið greidd að fullu, skal útgefanda heimilt að óska eftir því við umsýslu- og veðvörsluaðila að sú fjárhæð sem eftir stendur á veðsetta bankareikningnum verði millifærð inn á annan bankareikning sem útgefandi tilgreinir, háð því skilyrði að engin vanefndatilvik séu til staðar og að hinni millifærðu fjárhæð verði ráðstafað í rekstur tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu. Umsýslu- og veðvörsluaðili skal samþykkja slíka millifærslubeiðni svo framarlega sem hann hafi ekki fengið vitneskju um að vanefndatilvik séu til staðar.

- 9) Útgefanda er óheimilt samkvæmt verkefnissamningnum, að samþykkja breytingar á þeim ákvæðum samningsins sem varða framlag íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar með einhverjum hætti nema með fyrirframgefnu skriflegu samþykki allra eigenda skuldabréfa í skuldabréfaflokki þessum á hverjum tíma. Þrátt fyrir framangreint er ekki þörf á að afla sé fyrirframgefins skriflegs samþykkis eigenda skuldabréfa í skuldabréfaflokki þessum á hverjum tíma þegar gerðar eru breytingar á ákvæðum 4. kafla verkefnissamningsins sem varða framlag íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar sem í engu skerða möguleika útgefanda til að standa skil á afborgunum eða öðrum greiðslum sem honum ber að reiða af hendi vegna útgáfu skuldabréfa í skuldabréfaflokki þessum, þ.e. leiðir ekki til skerðingar á réttindum eigenda skuldabréfa í skuldabréfaflokki þessum eða lækkunar á framlaginu. Hér er m.a. átt við breytingar á framlaginu til hækkunar, fjölgun verðleiðréttinga á gildistíma

HLG  
EFT  
Jök

verkefnissamningsins og hvert annað tilvik sambærilegs eðlis.

- 10) Útgefandi skal upplýsa um fjárhagsstöðu sína samkvæmt reglum NASDAQ OMX Iceland um útgefendur skuldabréfa á hverjum tíma. Þar til skuldabréfaflokkurinn hefur verið tekinn til viðskipta hjá NASDAQ OMX Iceland skal upplýsingagjöfin vera til umsýslu- og veðvörsluaðila.
- 11) Útgefandi skuldbindur sig til að upplýsa umsýslu- og veðvörsluaðila vegna útgáfunnar um sérhver vanskil sem eiga sér stað eða eru yfirvofandi og ef brotið er gegn sérstökum skuldbindingum samkvæmt útgáfulýsingu þessari og/eða veðsamningum sem vísað er til í útgáfulýsingu þessari.

Heimilt er að gjaldfella eftirstöðvar skuldarinnar komi til þess að brotið sé gegn framangreindum sérstöku skuldbindingum eins og kaflinn um vanskil í útgáfulýsingu þessari gerir ráð fyrir.

#### Tryggingar:

Til að standa straum af greiðslu afborgana á þeim skuldabréfum sem mynda skuldabréfaflokk þennan mun mánaðarlegu framlagi frá íslenska ríkinu og Reykjavíkurborg samkvæmt verkefnissamningnum verða, á líftíma skuldabréfanna, ráðstafað til útgefanda. Samkvæmt verkefnissamningnum skal framlagið greiðast mánaðarlega í 35 ár frá 15. mars 2011.

Til frekari tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu á skuldbindingum útgefanda samkvæmt skuldabréfaflokki þessum er eigendum skuldabréfanna veittar eftirfarandi tryggingar:

- A) Fasteignin Austurbakki 2, Reykjavík, fastanúmer 200-0239 ásamt fylgifé og öllum rekstrartækjum sem tilheyra þeim rekstri sem fram fer á fasteigninni, sbr. 24. gr. laga nr. 75/1997, um samningsveð, með tilgreindum veðrétti og uppfærslurétti. Komi til greiðslu bóta vegna tjóna á hinni veðsettu eign ber að taka tillit til 2. mgr. 39. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga, og greiða bætur einungis til umsýslu- og veðvörsluaðila fyrir hönd skuldabréfaeigenda eða í samráði við hann.
- B) Veðréttur í kröfum Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf. á hendur íslenska ríkinu og Reykjavíkurborg samkvæmt 4. kafla verkefnissamningsins. Í þessu felst m.a. veðréttur í mánaðarlegu framlagi íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar sem skal greitt mánaðarlega í 35 ár frá 15. mars 2011. Veðrétturinn nær því til framlagsins, réttarins til verðleiðréttingar

- framlagsins og leiðréttingar þess vegna skattalegra atriða auk réttarins til að krefjast dráttarvaxta.
- C) Veðréttur í öllum kröfum útgefanda á hendur Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúsi ohf. og/eða íslenska ríkinu og Reykjavíkurborg samkvæmt verkefnis-samningnum.
  - D) Handveðréttur í bankareikningi útgefanda nr. 0101-26-047011 hjá Landsbankanum hf.
  - E) Veðréttur í öllu hlutafé í útgefanda.

**Umsýsluaðili vegna  
útgáfunnar og  
veðvörsluaðili:**

Í tengslum við skuldabréfaútgáfu þessa hefur Landsbankinn hf. tekið að sér að vera umsýslu- og veðvörsluaðili vegna útgáfunnar samkvæmt sérstökum samningi þar um við útgefanda og Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhús ohf. Í þessu felst m.a. að umsýslu- og veðvörsluaðili annast innheimtu á skuldabréfunum, þ.m.t. innheimtu vanskila og ráðstafar afborgunum til eigenda skuldabréfanna. Við ákvarðanatöku gætir umsýslu- og veðvörsluaðili hagsmuna allra eigenda skuldabréfa í skuldabréfaflokki þessum. Eigendur skuldabréfa í skuldabréfaflokki þessum viðurkenna og samþykkja með eignarhaldi sínu þetta fyrirkomulag og að þeir séu bundnir af þeim ákvörðunum sem umsýslu- og veðvörsluaðili tekur til að uppfylla skyldur sínar vegna útgáfunnar.

Umsýslu- og veðvörsluaðili vegna útgáfunnar mun upplýsa eigendur skuldabréfa í skuldabréfaflokki þessum um þau atvik og aðstæður sem hann fær vitneskju um og eru líkleg til að takmarka möguleika útgefanda og veðsala til að standa við skuldbindingar sínar. Umsýslu- og veðvörsluaðili mun því m.a., fái hann um það vitneskju, upplýsa eigendur skuldabréfanna um veruleg vanskil útgefanda, brot gegn sérstökum skuldbindingum og ef heimild til gjaldfellingar verður virk í samræmi við útgáfulýsingu þessa.

Ákvörðun um gjaldfellingu eða veiting heimildar til uppgreiðslu verður ekki tekin nema að fyrir liggi samþykki meirihluta eigenda skuldabréfanna á hverjum tíma. Ákvörðun um breytingu á skilmálum skuldabréfanna, t.d. hvað varðar endurgreiðslu eða tryggingar, verður ekki tekin nema að fyrir liggi samþykki allra eigenda skuldabréfanna á hverjum tíma.

Sé í tengslum við skuldabréfaflokk þennan nauðsynlegt að leita samþykkis eigenda skuldabréfanna mun umsýslu- og veðvörsluaðili boða til fundar með skuldabréfaeigendum til ákvörðunartöku. Þegar krafist er

6x9  
EFG MÖR  
DBH

samþykkis tiltekins hlutfalls eigenda skuldabréfa í útgáfulýsingu þessari er átt við hlutfall eignar skuldabréfaeiganda af heildarfjárhæð skuldabréfaflokksins. Þegar krafist er samþykkis meirihluta skuldabréfaeigenda í útgáfulýsingu þessari er átt við samþykki eigenda 50,1% af heildarfjárhæð skuldabréfaflokksins nema annað sé sérstaklega tekið fram. Ákvarðanir um að skuldabréfaeigendur veiti samþykki sitt í samræmi við útgáfulýsingu þessa verða aðeins teknar fyrir milligöngu umsýslu- og veðvörsluaðila og eru þær bindandi fyrir alla skuldabréfaeigendur.

Til að umsýslu- og veðvörsluaðili geti rækt skyldur sínar er honum heimilt að afla upplýsinga frá Verðbréfaskráningu Íslands hf. um skráða skuldabréfaeigendur í skuldabréfaflokki þessum á hverjum tíma.

Sem veðvörsluaðili allra veðhafa fer Landsbankinn hf., til hagsbóta fyrir sérhvern og alla skuldabréfaeigendur, með öll réttindi og skyldur þeirra samkvæmt þeim tryggingarskjöllum sem standa að baki skuldabréfaútgáfu þessari.

Með útgáfulýsingu þessari veita skuldabréfaeigendur umsýslu- og veðvörsluaðila fullt og ótakmarkað umboð til að framkvæma allar þær aðgerðir sem nauðsynlegar eru að mati umsýslu- og veðvörsluaðila til að tryggja sameiginlega hagsmuni skuldabréfaeigendanna. Umsýslu- og veðvörsluaðili hefur þó ekki heimild til að höfða dómsmál, vegna atvika sem snerta hinar veðsettu eignir eða veðsamninga sem gerðir eru í tengslum við skuldabréfaútgáfu þessa, fyrir hönd skuldabréfaeigendanna án samþykkis meirihluta skuldabréfaeigenda.

Ef umsýslu- og veðvörsluaðili verður þess áskynja að yfirvofandi séu atburðir eða framkvæmdir sem muni leiða til þess að verðmæti hinna veðsettu eigna rýrni verulega, getur umsýslu- og veðvörsluaðili gripið til þeirra aðgerða sem hann telur nauðsynlegar til að vernda hagsmuni skuldabréfaeigendanna, þrátt fyrir að ekki liggi fyrir ákvörðun meirihluta þeirra. Skal slík aðgerð binda alla skuldabréfaeigendur með sama hætti og ef ákvörðun tilskilins meirihluta skuldabréfaeigenda samkvæmt útgáfulýsingu þessari hefði legið fyrir. Umsýslu- og veðvörsluaðila er þó óheimilt að ganga gegn vilja meirihluta skuldabréfaeigenda, sem honum hefur verið tilkynnt um með skriflegum og sannanlegum hætti, nema hann telji framkvæmdina ekki vera í samræmi við lög og reglur.



Við innlausn á veðsettum eignum skal umsýslu- og veðvörsluaðili hefja söluferli innleystra eigna svo fljótt sem verða vill, með hverjum þeim hætti sem hann telur best í hvert og eitt skipti. Umsýslu- og veðvörsluaðili hefur heimild til að hafna eða samþykkja tilboð eftir sinni eigin sannfæringu en þó ávallt í samræmi við ákvæði þeirra veðsamninga sem gerðir eru í tengslum við skuldabréfaútgáfu þessa. Umsýslu- og veðvörsluaðili getur leitað afstöðu skuldabréfaeiganda til framkominna tilboða. Vilji meirihluta skuldabréfaeigenda skal þá ráða hvort tilboðum sé hafnað eða þau samþykkt.

Ef fyrirhugaðar aðgerðir umsýslu- og veðvörsluaðila fela í sér að umsýslu- og veðvörsluaðili þurfi að leggja út kostnað getur hann ákveðið að hefja ekki aðgerðir fyrr en hann hefur móttengið greiðslu eða tryggingu frá skuldabréfaeigendum sem hann krefst vegna sérhvers kostnaðar, mögulegs tjóns eða skaðabótaskyldu (ásamt virðisaukaskatti) sem hann getur orðið fyrir við að framfylgja fyrirmælum skuldabréfaeigenda.

Að því leyti sem greiðsla berst ekki frá útgefanda skulu skuldabréfaeigendur endurgreiða umsýslu- og veðvörsluaðila allan útlagðan kostnað og útgjöld hans, eða þess aðila sem skipaður hefur verið af honum, að skaðlausu (þ.m.t. lögfræðikostnað), svo sem vegna fullnustu eða verndunar á eignum og réttindum sem standa til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu á skuldbindingum útgefanda samkvæmt skuldabréfaflokki þessum, vegna innlausnar veðs, eða kostnaðar við sölu hinna veðsettu eigna.

Umsýslu- og veðvörsluaðili ber ekki ábyrgð gagnvart skuldabréfaeigendum á tjóni sem þeir kunna að verða fyrir vegna aðgerða eða aðgerðaleyxis umsýslu- og veðvörsluaðila, nema slíkt sé vegna ásetnings eða stórkostlegs gáleysis umsýslu- og veðvörsluaðila. Umsýslu- og veðvörsluaðili ber ekki ábyrgð á óbeinu tjóni sem skuldabréfaeigendur kunna að verða fyrir vegna aðgerða umsýslu- og veðvörsluaðila samkvæmt útgáfulýsingu þessari.

Skuldabréfaeigendurnir skulu halda umsýslu- og veðvörsluaðila skaðlausum vegna tjóns sem hann kann að verða fyrir vegna aðgerða, eða aðgerðaleyxis, sem hann grípur til sem umsýslu- og veðvörsluaðili, verði tjón ekki rakið til ásetnings eða stórkostlegs gáleysis umsýslu- og veðvörsluaðila.

Umsýslu- og veðvörsluaðili getur sagt af sér með tilkynningu til skuldabréfaeigenda og útgefanda. Hafi nýr umsýslu- og veðvörsluaðili ekki verið skipaður innan 30

daga frá þeim tíma, skal umsýslu- og veðvörsluaðili, að höfðu samráði við útgefanda, skipa nýjan umsýslu- og veðvörsluaðila.

Ákvörðun meirihluta skuldabréfaeigenda þarf til að afturkalla umboð umsýslu- og veðvörsluaðila enda sé samhliða skipaður nýr umsýslu- og veðvörsluaðili að höfðu samráði við útgefanda.

Uppsögn umsýslu- og veðvörsluaðila eða afturköllun umboðs meirihluta skuldabréfaeigenda tekur einungis gildi þegar búið er að skipa nýjan umsýslu- og veðvörsluaðila sem hefur skriflega samþykkt skipun sína og nauðsynlegar breytingar hafa verið gerðar á þeim veðsamningum sem gerðir eru í tengslum við skuldabréfaútgáfuna til að tryggja skuldir samkvæmt skuldabréfunum við hinn nýja umsýslu- og veðvörsluaðila fyrir hönd skuldabréfaeigendanna.

#### Vanskil:

Greiðslustaður er bankareikningur sem umsýslu- og veðvörsluaðili tilgreinir og tilkynntur er útgefanda. Útgefandi uppfyllir greiðsluskyldu sína með greiðslu til umsýslu- og veðvörsluhafa sem ráðstafar henni til einstakra eigenda skuldabréfa í skuldabréfaflokki þessum. Eigendur skuldabréfanna skulu upplýsa umsýslu- og veðvörsluaðila um bankareikninga þá sem tengdir eru VS reikningi þeirra hjá reikningsstofnun hér á landi.

Inni útgefandi ekki greiðslu af hendi á gjalddaga afborgunar skuldabréfanna er heimilt að innheimta dráttarvexti í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu af gjaldfallinni eða gjaldfelldri upphæð. Ekki er heimilt að innheimta dráttarvexti ef gjalddagi skuldabréfanna er á degi þegar bankar á Íslandi eru ekki opnir og skuldari greiðir á næsta bankadegi.

Hafi útgefandi ekki innt greiðslu af hendi að fullu 10 dögum eftir gjalddaga til umsýslu- og veðvörsluaðila er heimilt að fella skuldina í gjalddaga fyrirvaralaust og án uppsagnar. Umsýslu- og veðvörsluaðila er heimilt f.h. skuldabréfaeigenda, að undangengnu samþykki meirihluta skuldabréfaeigenda, að gjaldfella skuldabréfaflokkinn ef um greiðslufall í samræmi við framangreint er að ræða.

Berist greiðsla aðeins að hluta skal umsýslu- og veðvörsluaðili ráðstafa greiðslunni til eigenda skuldabréfanna í réttu hlutfalli við eign hvers og eins þeirra miðað við heildarfjárhæð skuldabréfaútgáfunnar.

GG  
EKT 110  
JPH

Umsýslu- og veðvörsluaðila, fyrir hönd skuldabréfaeigenda, er einnig heimilt að fella skuldina í gjalddaga í eftirfarandi tilvikum að undangenginni skriflegri tilkynningu til útgefanda þar sem honum eru gefnir a.m.k. 10 dagar til að bæta úr þeim annmörkum sem til staðar eru:

- 1) Ef gert er fjárnám hjá útgefanda eða Hörpu tónlistar og ráðstefnuhúsi ohf. sem veðsala, komi fram krafa um gjaldþrotaskipti á búi einhvers þeirra, ef útgefandi eða einhver veðsala leita nauðasamninga, eignir einhvers þeirra eru auglýstar á nauðungarsölu eða ef eignir einhvers þeirra eru kyrrsettar sem hluti af fullnustuaðgerðum.
- 2) Ef brotið er gegn þeim sérstöku skuldbindingum sem útgefandi og Harpa tónlistar- og ráðstefnuhús ohf. sem veðsali hafa undirgengist samkvæmt útgáfulýsingu þessari og/eða samkvæmt veðsamningum sem gerðir eru í tengslum við skuldabréfaútgáfu þessa.
- 3) Ef íslenska ríkið eða Reykjavíkurborg greiða ekki framlag sitt á gjalddaga samkvæmt verkefnis-samningnum til útgefanda.
- 4) Ef fjárhagsstaða útgefanda breytist verulega, þannig að geta hans til að uppfylla skyldur sínar samkvæmt útgefnum skuldabréfum minnkar verulega að sanngjörnu mati eigenda skuldabréfa í skuldabréfaflokki þessum.
- 5) Ef útgefandi, eða Harpa tónlistar- og ráðstefnuhús ohf. sem veðsali, inna ekki af hendi á gjalddaga greiðslu samkvæmt einhverjum samningi eða samningum sem leggja á þá greiðsluskyldu og hafi samningurinn verið gjaldfelldur, eða hafi orðið heimilt að gjaldfella hann, enda sé skuld sú sem gjaldfallin er, eða heimilt er að gjaldfella, hærri en 50.000.000 kr. (krónur fimmtíu milljónir).
- 6) Ef verulegar líkur eru á, að sanngjörnu mati umsýslu- og veðvörsluaðila, að ekki verði hægt að koma fram fullnustu á grundvelli einhvers veðsamninga sem gerðir eru í tengslum við skuldabréfaútgáfu þessa eða að fullnusta er ekki lengur möguleg.
- 7) Ef útgefandi er ekki lengur í fullri eigu Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf. eða ef Harpa tónlistar- og ráðstefnuhús ohf. er ekki lengur í fullri eigu íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar og ekki hefur fengist fyrirfram samþykki 75% eigenda skuldabréfa í skuldabréfaflokki þessum á hverjum tíma fyrir slíkri breytingu á eignarhaldi.
- 8) Ef sala eða veðsetning á hlutum í Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúsi ohf. eða útgefanda, önnur en sú sem tengist skuldabréfaútgáfu þessari, hefur átt sér stað og

EGJ  
11/10  
Joh

ekki hefur fengist fyrirfram samþykki 75% eigenda skuldabréfa í skuldabréfaflokki þessum á hverjum tíma, fyrir slíkri sölu eða veðsetningu.

Umsýslu- og veðvörsluaðili mun kalla saman fund skuldabréfaeigenda þegar hann hefur fengið tilkynningu um hugsanlega vanefnd útgefanda á öðrum skyldum hans samkvæmt skuldabréfunum en greiðslu höfuðstóls og/eða vaxta á gjalddaga, eða ef hann með öðrum hætti fær upplýsingar um að heimild til gjaldfellingar sé til staðar, og leggja fram tillögu um að útgefanda eða Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúsi ohf. sem veðsala verði veittur frestur til að bæta með fullnægjandi hætti úr þeim annmörkum sem staðar eru. Verði útgefandi eða Harpa tónlistar- og ráðstefnuhús ohf. sem veðsali ekki við fyrirætlunum um að bæta með fullnægjandi hætti úr þeim annmörkum sem til staðar eru innan tilgreindra tímamarka, að mati meirihluta skuldabréfaeigenda, mun umsýslu- og veðvörsluaðili f.h. skuldabréfaeigenda gjaldfella skuldabréfaflokkinn ef samþykki meirihluta skuldabréfaeigenda fæst fyrir þeirri ráðstöfun. Umsýslu- og veðvörsluaðili mun þá innheimta kröfur á grundvelli skuldabréfanna fyrir hönd allra skuldabréfaeigenda.

Skuldabréf þau sem mynda skuldabréfaflokk þennan verða aðeins gjaldfelld í einu lagi í samræmi við útgáfulýsingu þessa. Einstakir skuldabréfaeigendur geta því ekki einhliða gjaldfellt skuldabréf í þeirra eigu.

Verði skuldin gjaldfelld samkvæmt framansögðu, má gera aðför hjá útgefanda til fullnustu skuldarinnar, án undangengins dóms eða réttarsáttar samkvæmt 7. tl. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989, um aðför, að undangenginni greiðsluáskorun samkvæmt 7. gr. laganna. Auk þess að ná til höfuðstóls skuldarinnar, nær aðfararheimild þessi til vaxta, verðbóta, dráttarvaxta og alls kostnaðar af innheimtuaðgerðum og frekari fullnustugerðum, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989, um aðför.

Að því marki sem kostnaður vegna innheimtu greiðist ekki af útgefanda skulu skuldabréfaeigendur bera allan kostnað af starfi umsýslu- og veðvörsluaðila sem og annan kostnað af innheimtu.

Skuldabréfaeigendur skulu halda umsýslu- og veðvörsluaðila skaðlausum gagnvart því sem hann framkvæmir (eða framkvæmir ekki) sem umsýslu- og veðvörsluaðili, verði tjón ekki rakið til ásetnings eða stórkostlegs gáleysis umsýslu- og veðvörsluaðila.

HW  
EKJ  
JPH

Komi til gjaldfellingar er umsýslu- og veðvörsluaðila jafnframt heimilt, einhliða og fyrirvaralaust, að nýta öll réttindi, ýmist í heild eða að hluta, samkvæmt þeim tryggingum sem útgefandi og Harpa tónlistar- og ráðstefnuhús ohf. sem veðsalar hafa lagt fram til tryggingar á réttum og fullum efndum á skyldum sínum samkvæmt skuldabréfaútgáfu þessari.

- Framsal:** Einungis er heimilt að framselja skuldabréfin til nafngreinds aðila. Skuldabréfin eru gefin út með rafrænum hætti í kerfi Verðbréfaskráningar Íslands hf. og er reikningsstofnunum, eins og þær eru skilgreindar samkvæmt lögum nr. 131/1997, um rafræna eignaskráningu verðbréfa, einum heimilt að annast milligöngu um framsal á þeim. Eignaskráning rafréfa hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf. veitir skráðum eiganda hennar lögformlega heimild fyrir þeim réttindum sem hann er skráður eigandi að. Engar aðrar hömlur eru á framsali með skuldabréf þessi.
- Stimpilgjald:** Útgefandi hefur greitt stimpilgjald af skuldabréfunum.
- Ágreiningsmál:** Rísi mál út af skuldabréfum þessum má reka þau fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, skv. ákvæðum XVII. kafla laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála.
- Heimild:** Heildarheimild útgáfunnar er allt að 19.500.000.000 kr. Stjórn Greiðslumiðlunarinnar Hrings ehf. samþykkti þann 16. apríl 2013 að gefa út verðtryggðan skuldabréfaflokk, að fjárhæð allt að 19.500.000.000 kr.
- Breytingar á skilmálum:** Útgefanda ber að tilkynna Verðbréfaskráningu Íslands hf. um hvers kyns breytingar á skilmálum hinna útgefnu skuldabréfa.
- Afskráning:** Skuldabréfin verða afskráð sjö sólarhringum eftir lokagjalddaga, nema tilkynning um annað berist frá útgefanda. Útgefanda ber að tilkynna Verðbréfaskráningu Íslands hf. um greiðslufall flokksins og skal í því tilviki senda Verðbréfaskráningu Íslands hf. tilkynningu þar um þegar greiðsla hefur farið fram.
- 2.3 *Hlunnindi sem tengd eru skuldabréfunum, útreikningar þeirra og nýting.*  
Engin hlunnindi eru tengd hinum útgefnu skuldabréfum.
- 2.4 *Skattur á tekjur af skuldabréfum sem haldið er eftir til staðgreiðslu í upprunalandinu og/eða í skráningarlandinu. Greint skal frá hvort útgefandi ábyrgist að staðgreiðsluskatti sé haldið eftir.*  
Reikningsstofnanir sem hafa bréfin í vörslu bera ábyrgð á því að skila sköttum eftir því sem lög kveða á um hverju sinni.

- 2.5 Verðbréfaskráning ráðstafar útgefnum skuldabréfum á reikning á kennitölu útgefanda í umsjón Verðbréfaskráningar.
- 2.6 Aðrar upplýsingar um hina fyrirhuguðu útgáfu eða útgefendur sem Verðbréfaskráning telur nauðsynlegar.

### 3. kafli

#### **Upplýsingar um þá sem ábyrgjast útgáfulýsingu og endurskoðun ársreikninga:**

- 3.1 Nöfn, kennitölur, netföng og sími þeirra sem annast gerð útgáfulýsingar.
- Halldór Guðmundsson, stjórnarmaður Greiðslumiðlunarinnar Hrings ehf., kt. 080256-4779, [halldor.gudmundsson@harpa.is](mailto:halldor.gudmundsson@harpa.is), sími 528-5000.
- Hlynur Hreinsson, sérfræðingur í markaðsviðskiptum, kt. 040169-4829, [hlynur.hreinsson@landsbankinn.is](mailto:hlynur.hreinsson@landsbankinn.is), sími 410-7156.
- 3.2 Nöfn, kennitölur, netföng og sími löggiltra endurskoðenda útgefanda undanfarin þrjú ár.
- Ríkisendurskoðun, kt. 540269-1819, [postur@rikisend.is](mailto:postur@rikisend.is), sími 569-7100.
- Vignir Rafn Gíslason, 140467-5379, PricewaterhouseCooperes ehf., 690681-0139, [vignir.r.gislason@is.pwc.com](mailto:vignir.r.gislason@is.pwc.com), sími 550-5300
- 3.3 Nöfn, netföng og símar starfsmanna þeirrar reikningsstofnunar sem annast útgáfulýsinguna.
- Hlynur Hreinsson, [hlynur.hreinsson@landsbankinn.is](mailto:hlynur.hreinsson@landsbankinn.is), sími 410-7156.

### 4. kafli

#### **Fylgigögn með skráningar- eða útgáfulýsingu:**

- 4.1 Staðfesting opinbers skráningaraðila á tilurð útgefanda.  
Sjá meðfylgjandi gögn.
- 4.2 Staðfesting á að útgefandi hafi tekið formlega ákvörðun um hina fyrirhuguðu rafrænu útgáfu eða önnur gögn þar að lútandi svo sem staðfest afrit af fundargerð eða vísun í lög eða reglur sem gilda um útgáfuna.  
Sjá meðfylgjandi gögn.
- 4.3 Afrit af kvittun frá sýslumanni um að stimpilgjöld, þar sem við á, hafi verið greidd.  
Meðfylgjandi er staðfesting frá sýslumanni um greiðslu stimpilgjalds.
- 4.4 Nafn frumsöluaðila eins eða fleiri ef um nýja útgáfu eða viðbótarútgáfu er að ræða og afrit af samningi útgefanda við hann.  
Landsbankinn hf. er frumsöluaðili.

44  
HÖS  
EKT  
Jón

4.5 Óski Verðbréfaskráning eftir því skal leggja fram staðfesta yfirlýsingu héraðsdómara um að félag sé ekki undir gjaldþrotaskiptum.

4.6 Önnur fylgigögn vegna hinnar fyrirhuguðu útgáfu sem Verðbréfaskráning telur nauðsynleg.

Reykjavík, 24. apríl 2013

**F.h. útgefanda**  
**Greiðslumiðlunarinnar Hrings ehf.**

Hallgrímur Guðmundsson

Vottar að rétttri dagsetningu og undirskrift:

Þorreyf Þinnz Þorvaldur hdl. 156684-2429  
Nafn og kt.

Andri Snær Magnason hdl. 230483-4779  
Nafn og kt.

F.h. Landsbankans hf. sem umsjónaraðili,  
umsýslu- og veðvörsluaðili

Þorgeir Sigrímsson  
Heimur Kristjánsson  
Ólafur Sigrímsson  
Jón Þorgerður

Þessi síða er vísitandi höfð auð.



Greiðslumiðlunin Hringur ehf.

# Útgefandalýsing

19. september 2014

Þessi síða er vísitandi höfð auð.

# Efnisyfirlit

1	Áhættuþættir .....	3
1.1	Áhætta tengd almennu efnahagssumhverfi .....	4
1.2	Markaðsáhætta .....	4
1.2.1	Vaxtaáhætta .....	4
1.2.2	Verðtryggingaráhætta .....	4
1.3	Mótaðilaáhætta .....	4
1.4	Lausafjár- og fjármögnunaráhætta .....	5
1.5	Rekstraráhætta .....	5
1.5.1	Útvistunaráhætta .....	5
1.5.2	Áhætta vegna upplýsingakerfa .....	6
1.5.3	Stjórnunar- og starfsmannaáhætta .....	6
1.5.4	Orðsporsáhætta .....	6
1.5.5	Lagaleg áhætta .....	6
1.5.6	Pólítísk áhætta .....	6
1.5.7	Áhætta tengd reikningsskilaaðferðum .....	6
1.6	Dómsmál .....	7
2	Tilkynning til fjárfesta .....	8
2.1	Yfirlýsingar stjórnar og framkvæmdastjóra útgefanda .....	9
2.2	Umsjónaraðili .....	9
2.3	Hugsanlegir hagsmunaárekstrar .....	10
2.4	Gildistími og skjöl til sýnis .....	10
2.5	Skilgreiningar .....	10
2.6	Skammstafanir og hugtök .....	12
3	Upplýsingar um útgefandann .....	13
3.1	Útgefandi .....	13
3.2	Tilgangur útgefanda og lög sem hann starfar eftir .....	14
3.3	Tilurð félagsins og ágríp af sögu þess .....	14
4	Starfsemi .....	16
4.1	Mikilvægir samningar og skuldbindingar .....	17
5	Stjórn, framkvæmdastjóri og endurskoðendur .....	18
5.1	Stjórn og framkvæmdastjóri .....	18
5.1.1	Stjórn og framkvæmdastjóri Hrings .....	18
5.2	Stjórnarhættir .....	18
5.2.1	Fylgni við leiðbeiningar um stjórnarhætti .....	19
5.2.2	Endurskoðunarnefnd .....	20

5.3	Endurskoðendur .....	21
6	Fjárhagsyfirlit .....	22
6.1	Rekstrarreikningur fyrir 2012, 2013 og fyrstu sex mánuði ársins 2014 .....	22
6.2	Efnahagsreikningur í árslok 2012, 2013 og 30. júní 2014.....	23
6.3	Sjóðstreymi 2012, 2013 og á fyrstu 6 mánuðum ársins 2014 .....	24
7	Hlutfé og hluthafar .....	25
7.1	Hlutfé.....	25
7.2	Hluthafar .....	25
8	Samþykktir .....	26

# 1 ÁHÆTTUÞÆTTIR

Greiðslumiðlunin Hringur ehf., kt. 470110-0740, Austurbakka 2, 101 Reykjavík, Íslandi (hér eftir „Hringur“, „útgefandinn“ eða „félagið“) er sérstakt félag um fjárskuldbindingar vegna tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu við Austurhöfnina í Reykjavík. Tilgangur Hrings er að gefa út skuldabréfaflokk vegna byggingar tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu við Austurhöfnina í Reykjavík og annast mánaðarlegar afborganir af útgefnum skuldabréfum í samræmi við ákvæði samnings um rekstur og starfsemi Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss, sem er dagsettur 16. apríl 2013. Nánari umfjöllun um samninginn er í kafla 4.1.

Hringur er í fullri eigu Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf., kt. 660805-1250, Austurbakka 2, 101 Reykjavík, Íslandi (hér eftir „Harpa TR“), en endanlegir eigendur Hrings eru Ríkissjóður Íslands (54%) og Reykjavíkurborg (46%), í gegnum eignarhald fyrrgreindra aðila á Hörpu TR.

Í samræmi við tilgang sinn gaf Hringur út skuldabréfaflokkinn HARP 46 0217 (hér eftir „skuldabréfaflokkurinn“, „skuldabréfaútgáfan“ eða „skuldabréfin“), að fjárhæð 19,5 milljarðar króna þann 26. apríl 2013. Fjallað er um skuldabréfaflokkinn í verðbréfalýsingu Hrings dagsettri 19. september 2014. Andvirði skuldabréfaflokksins var nýtt til að greiða upp sambankalán á nafni Hrings við Arion Banka hf., Íslandsbanka hf. og NBI hf. (nú Landsbankinn) sem Hringur endurlánaði Hörpu TR á sömu kjörum. Nánari umfjöllun um sambankalánið er í kafla 3.3.

Í kjölfar skuldabréfaútgáfunnar uppfærði Hringur kjör vegna lánsins sem Hringur lánaði móðurfélagi sínu, Hörpu TR, og eru kjör á milli félaganna þau sömu og á skuldabréfaflokknum. Lánið til Hörpu TR var veitt á sama tíma og Hringur fékk umrætt sambankalán. Rekstur Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss fer alfarið fram innan Hörpu TR og hefur þannig engin áhrif á rekstur Hrings. Starfsemi Hrings felst eingöngu í að taka við framlagi Ríkissjóðs Íslands og Reykjavíkurborgar í samræmi við samning á milli íslenska ríkisins, Reykjavíkurborgar, Hörpu TR og Hrings sem er dagsettur 16. apríl 2013 (hér eftir „framlagið“, „samningurinn“ og „samningur dagsettur 16. apríl 2013“) og umsýslu í tengslum við skuldabréfaflokkinn sem útgefinn er af félaginu. Ekki er ætlast til að Hringur skili arðsemi til hlutahafa sinna og gert er ráð fyrir því að félaginu verði slitið þegar skuldabréfaflokkurinn hefur verið greiddur upp á árinu 2046.

Áhættuþættir þeir sem er lýst hér á eftir eru þeir sem Hringur er kunnugt um og sem að mati félagsins eiga sérstaklega við um það og þá atvinnugrein sem það starfar innan.

Áhættuþáttur er atriði sem getur haft neikvæð eða jákvæð áhrif á félagið, hvort sem er rekstur þess, efnahag eða framtíðarhorfur og leitt til lakari eða betri stöðu en ef áhrifanna hefði ekki gætt. Áhættuþættir geta haft áhrif á getu félagsins til að uppfylla skuldbindingar gagnvart fjárfestum sem keypt hafa verðbréf útgefin af félaginu.

Afmörkun á áhættuþáttum getur verið með ýmsu móti og til eru ýmsar aðferðir við að flokka þá. Hér er reynt eftir fremsta megni að kortleggja alla þekkta áhættuþætti í starfi félagsins og afmarka þá þannig að skörun þeirra sé sem minnst. Áhrifa fleiri en eins áhættuþáttar getur gætt samtímis. Áhrifin felast stundum í einum tímabundnum atburði en í öðrum tilvikum er um langvinn áhrif að ræða. Flestir áhættuþættirnir geta komið fram í litlum eða ríkum mæli, áhrif þeirra eru oft á tíðum ekki einhlít og innbyrðis tengsl flókin. Hafa þarf í huga að ómögulegt getur reynst að spá fyrir um hversu mikil áhrif áhættuþátta verða og að áhrifin geta komið fram mjög seint.

Ekki er víst að hér sé fjallað um alla áhættuþætti sem gætu haft áhrif á félagið í framtíðinni, því áhættuþættir sem álitnir eru óverulegir í dag gætu þróast á þann veg að þeir hefðu veruleg áhrif á félagið síðar. Eins gætu komið fram nýir áhættuþættir í framtíðinni sem ekki eru þekktir í dag.

Framsetning og uppröðun þeirra áhættuþátta sem hér er fjallað um fer ekki eftir mikilvægi eða líkum á því að viðkomandi áhættuþáttur hafi áhrif á starfsemi Hrings.

## 1.1 Áhætta tengd almennu efnahagsumhverfi

Þróun efnahagsmála á Íslandi, svo sem hagvöxtur, atvinnustig og verðbólga hefur áhrif á fjárhagsstöðu fyrirtækja á Íslandi, auk þess sem þróun efnahagsmála erlendis hefur áhrif á efnahagsástand á Íslandi. Umfang starfsemi Hringss er lítið, skuldabréfaútgáfa félagsins er verðtryggð, á föstum vöxtum, sem á einnig við um framlag Ríkissjóðs Íslands og Reykjavíkurborgar sem rennur til Hringss og stendur straum af greiðslum af skuldabréfaútgáfunni. Áhrif þróunar efnahagsmála á Íslandi og erlendis eru því hverfandi á rekstur og efnahag Hringss og getu félagsins til að standa við skuldbindingar sínar en geta aftur á móti haft áhrif á greiðslugetu Ríkissjóðs Íslands og Reykjavíkurborgar til að standa við skuldbindingar sínar, sem endurspeglast þá í mótaðilaáhættu Hringss sem fjallað er um í kafla 1.3. Þættir tengdir almennu efnahagsumhverfi innanlands og erlendis eru utan áhrifasviðs stjórnar og æðstu stjórnenda Hringss.

## 1.2 Markaðsáhætta

### 1.2.1 Vaxtaáhætta

Vaxtaberandi skuldir Hringss eru vegna skuldabréfaútgáfu félagsins, sem er á föstum vöxtum. Vaxtaberandi eignir Hringss eru vegna langtímakröfu Hringss á Hörpu TR sem er á sömu kjörum og skuldabréfaútgáfan. Hringur býr því ekki við vaxtaáhættu.

### 1.2.2 Verðtryggingaráhætta

Skuldir Hringss eru skuldabréf útgefin af félaginu og eru þau verðtryggð miðað við vísitölu neysluverðs. Langtímakrafa Hringss á Hörpu TR er á sömu kjörum og skuldabréfin, auk þess sem framlag Ríkissjóðs Íslands og Reykjavíkurborgar til Hringss vegna fjármögnunar Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss er verðtryggt miðað við vísitölu neysluverðs. Engin verðtryggingaráhætta er því til staðar í félaginu.

## 1.3 Mótaðilaáhætta

Mótaðilaáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar og tryggingar sem kunna að hafa verið teknar fyrir kröfum duga ekki fyrir eftirstöðvum þeirra. Lánsáhætta Hringss er einkum vegna langtímakröfu á móðurfélagið, Hörpu TR. Greiðsla kröfunnar tengist að öllu leyti greiðslu framlagsins frá Ríkissjóði Íslands og Reykjavíkurborg vegna reksturs og starfsemi Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss á grundvelli samnings, sem dagsettur er 16. apríl 2013. Aðild Hringss að samningnum er í þeim eina tilgangi að Hringur fái greitt framlag frá Ríkissjóði Íslands og Reykjavíkurborg í samræmi við ákvæði samningsins. Mótaðilaáhætta Hringss er því gagnvart Ríkissjóði Íslands og Reykjavíkurborg vegna framlagsins, þ.e. hættan á því að Ríkissjóður Íslands og Reykjavíkurborg standi ekki við skuldbindingar sínar.

Í samningnum er kveðið á um afleiðingar vanefnda á greiðslu framlagsins. Verði greiðslufall af hálfu Ríkissjóðs Íslands eða Reykjavíkurborgar, skal sá aðili sem vanefndi skuldbindingar sínar greiða dráttarvexti sem reiknast frá og með gjalddaga framlagsins þar til greiðsla hefur verið móttækin af Hring. Þrátt fyrir greiðslufall annars hvors eða beggja aðila á greiðslu framlagsins þá er aldrei hægt að gjaldfella kröfur á hendur þeim um greiðslur á framlaginu til framtíðar. Vanefndir á skyldum annars hvors eða beggja aðila á greiðslu framlagsins geta leitt til fullnustu á veðsamningi sem aðilar gerðu í tengslum við skuldabréfaútgáfuna, en í veðsamningnum er eigendum skuldabréfanna veitt veðréttindi í fasteigninni Austurbakka 2, veð í öllum kröfum Hörpu TR á hendur Ríkissjóði Íslands og Reykjavíkurborg vegna framlagsins, veð í öllum kröfum Hringss á hendur Hörpu TR og/eða Ríkissjóði Íslands og Reykjavíkurborg samkvæmt samningnum, handveðréttur í bankareikningi Hringss, sem framlagið er greitt inn á og veðréttindi í öllu hlutafé í Hring.

## 1.4 Lausafjár- og fjármögnunaráhætta

Lausafjárahætta er hættan á því að félagið geti ekki staðið við fjárskuldbindingar sínar eftir því sem þær gjaldfalla. Fjárskuldbindingar Hrings eru vegna skuldabréfaútgáfu félagsins, en til að mæta þeim fær Hringur framlag frá Ríkissjóði Íslands og Reykjavíkurborg samkvæmt samningi dagsettum 16. apríl 2013. Í samningnum skuldbinda Ríkissjóður Íslands og Reykjavíkurborg sig, með óafturkræfum hætti, skilyrðislaust og algjörlega óháð öllum öðrum atvikum, til að greiða framlagið til Hörpu TR með þeim hætti að framlagið er lagt inn á veðsettan bankareikning í eigu Hrings.

Markmið Hrings við stjórnun fjármögnunar er að tryggja að framlag Ríkissjóðs Íslands og Reykjavíkurborgar standi undir skuldbindingum félagsins. Greiðslur framlagsins hófust 15. mars 2011 og eiga sér stað 15. hvers mánaðar frá þeim tíma í 35 ár, sem er í fullu samræmi við greiðslur vaxta og afborgana vegna skuldabréfaútgáfunnar, sem fara þó fram tveimur dögum síðar, eða 17. hvers mánaðar. Samkvæmt fyrrgreindum samningi skal framlagið ávallt fyrst nýtt til að greiða mánaðarlegar afborganir vegna skuldabréfaútgáfu Hrings, sem er eina verulega fjárskuldbinding Hrings.

Í tengslum við skuldabréfaútgáfuna skuldbatt Hringur sig til að stofna ekki til frekari skuldbindinga, hvort sem er í formi lána eða ábyrgða, en þeirra sem tengjast útgáfu skuldabréfaflokksins. Félagið hefur fjármagnað skuldbindingar sínar og þarfnast ekki frekari fjármögnunar.

## 1.5 Rekstraráhætta

Starfsemi Hrings er takmörkuð og afmarkast af umsýslu í tengslum við skuldabréfaútgáfu félagsins. Hringur hefur engan starfsmann ef frá er talinn framkvæmdastjóri félagsins. Hringur hefur útvistað hluta af verkefnum sem tengjast starfsemi félagsins og sér Harpa TR um bókhalds- og skrifstofuþjónustu fyrir Hring samkvæmt þjónustusamningi sem gerður var á milli fyrrgreindra aðila og dagsettur er 26. maí 2014 (hér eftir „þjónustusamningurinn“). Samningurinn er tímabundinn og gildir hann til 31.12.2014. Ef samningnum er ekki sagt upp með minnst þriggja mánaða fyrirvara framlengist hann um eitt ár í senn og er þá uppsegjanlegur til lausnar um hver áramót. Nánari umfjöllun um þjónustusamninginn er í kafla 4.1.

Hringur hefur einnig gert samning við Landsbankann hf., sem dagsettur er 24. apríl 2013, um að Landsbankinn hf. taki að sér að vera umsýslu- og veðvörsluaðili vegna skuldabréfaútgáfunnar. Umsýslu- og veðvörsluaðili sér m.a. um samskipti við skuldabréfaeigendur, innheimtu á skuldabréfunum, þ.m.t. innheimtu vanskila og ráðstafar afborgunum til eigenda skuldabréfanna. Nánar er fjallað um hlutverk umsýslu- og veðvörsluaðila vegna skuldabréfaútgáfunnar í verðbréfalýsingu Hrings dagsettri 19. september 2014.

### 1.5.1 Útvistunaráhætta

Útvistunaráhætta er áhætta tengd stjórnleysi og hugsanlegum auknum kostnaði í tengslum við útvistun hluta verkefna Hrings til þriðja aðila eða að útvistuð þjónusta muni ekki vera í samræmi við gerða útvistunarsamninga.

Eins og fram kemur að framan hefur Hringur útvistað hluta af verkefnum sem tengjast starfsemi félagsins. Verkefnum er eingöngu útvistað samkvæmt samningum þar um þar sem þau verkefni sem útvistunaraðilar taka að sér eru skýrt tilgreind. Þjónustusamningur við Hörpu TR er tímabundinn og gildir til 31. desember 2014. Samningurinn er uppsegjanlegur með minnst þriggja mánaða fyrirvara og ef honum er ekki sagt upp framlengist hann um eitt ár og er þá uppsegjanlegur til lausnar um hver áramót. Þar sem Harpa TR er móðurfélag Hrings og eini eigandi eru það sameiginlegir hagsmunir Hörpu TR og Hrings að framkvæmd þjónustusamningsins sé með fullnægjandi hætti.

Samningur Hrings við Landsbankann hf. um að vera umsýslu- og veðvörsluaðili vegna skuldabréfaútgáfunnar er ótímabundinn og samningurinn er uppsegjanlegur af hálfu umsýslu- eða veðvörsluaðila eða ef meirihluti skuldabréfaeigenda afturkallar umboð umsýslu- og veðvörsluaðila í samræmi við ákvæði skuldabréfaútgáfunnar og fjallað er um í verðbréfalýsingu Hrings dagsett 19. september 2014. Sú þjónusta sem umsýslu- og veðvörsluaðili innir að hendi snýr fyrst og fremst að þjónustu við skuldabréfaeigendur sem geta þá einnig sagt samningnum upp ef

hún er ekki fullnægjandi. Ef til þess kæmi að samningi um umsýslu- og veðvörslu yrði sagt upp er ekki gert ráð fyrir að það hefði veruleg áhrif á fjárhagslega stöðu Hrings vegna breytinga á kostnaði.

### **1.5.2 Áhætta vegna upplýsingakerfa**

Hringur hefur aðgang að öllum nauðsynlegum upplýsingakerfum til að sinna starfsemi sinni í gegnum þjónustusamning við Hörpu TR og í gegnum samning við Landsbankann hf. sem umsýslu- og veðvörsluaðila vegna skuldabréfaútgáfunnar. Bilanir í upplýsingakerfum, tölvubúnaði og tengingum, ásamt tölvuvírusum og árásum tölvuþrjóta geta haft áhrif á starfsemi félagsins og getu þess til að birta réttar upplýsingar á réttum tíma. Hringur hefur aðgang að öllum nauðsynlegum upplýsingakerfum í gegnum þjónustusamning sinn við Hörpu TR sem hefur aftur gert samning við Nýherja hf. um viðhald, bilanir og eftirlit með tölvu- og hugbúnaði Hörpu TR og dótturfélaga. Þrátt fyrir að leitast sé við að lágmarka áhættu vegna upplýsingakerfa er ekki hægt að útiloka að upp komi aðstæður sem valdi félaginu tjóni.

### **1.5.3 Stjórnunar- og starfsmannaáhætta**

Stjórnunar- og starfsmannaáhætta er sú áhætta sem fólgin er í að stjórnun, skipulag og þekking innan félagsins nægi ekki á hverjum tíma til að takast á við þau viðfangsefni sem þarf að leysa. Framkvæmdastjóri starfar hjá félaginu en engir starfsmenn starfa hjá því þar sem félagið kaupir þjónustu af móðurfélagi sínu, samkvæmt þjónustusamningi. Þrátt fyrir að rekstur og stjórnun Hrings sé einföld er ekki hægt að útiloka að t.d. brotthvarf starfsmanna sem sinna verkefnum Hrings hjá Hörpu TR samkvæmt samningi á milli aðila geti ekki haft áhrif á félagið.

### **1.5.4 Orðsporsáhætta**

Orðsporsáhætta felur í sér hættu á því að slæm umfjöllun um Hring valdi félaginu fjárhagslegu tjóni. Rangar ákvarðanir í starfsemi félagsins eða ef félagið eða aðilar því tengdir fara ekki eftir lögum og reglum eru dæmi um orsakir neikvæðrar umfjöllunar. Félagið starfar ekki á neytendamarkaði og er ekki með eiginlega viðskiptavinum. Orðsporsáhætta Hrings er einkum gagnvart fjárfestum sem hafa fjárfest í skuldabréfum útgefnum af félaginu og getur t.d. skapast af því að Hringur uppfylli ekki þær kröfur sem fjárfestar gera varðandi upplýsingagjöf eða fari ekki að lögum og reglum sem gilda um félagið og félög sem fengið hafa verðbréf tekin til viðskipta í kauphöll. Ekki er því hægt að útiloka að slæm umfjöllun um Hring geti ekki valdið félaginu tjóni.

### **1.5.5 Lagaleg áhætta**

Hringur starfar samkvæmt lögum nr. 138/1994, um einkahlutafélög. Engin sérlög gilda um félagið.

Um reikningsskil og bókhald félagsins gilda lög nr. 3/2006, um ársreikninga og lög nr. 145/1994, um bókhald. Skattalög svo sem lög nr. 90/2003, um tekjuskatt og lög nr. 50/1988, um virðisaukaskatt og reglugerðir settar á grundvelli fyrrgreindra laga gilda einnig um félagið.

Hringur mun óska eftir því að skuldabréf útgefin af félaginu verði tekin til viðskipta í Kauphöllinni og mun því þurfa að fylgja lögum, reglugerðum og reglum sem gilda um útgefendur verðbréfa sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, eins og þau eru á hverjum tíma, m.a. lögum nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti og reglugerðum settum á grundvelli laganna, reglum Fjármálaeftirlitsins nr. 1050/2012, um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja og reglum NASDAQ OMX Iceland hf. fyrir útgefendur fjármálagerninga.

Ekki er hægt að útiloka að gerðar verði lagabreytingar sem gætu haft áhrif á rekstur félagsins. Brot á framangreindum lögum, reglugerðum settum á grundvelli þeirra og reglum NASDAQ OMX Iceland hf. og Fjármálaeftirlitsins geta valdið félaginu tjóni sem áhrif gæti haft á rekstur, efnahag og framtíðarhorfur þess.

### **1.5.6 Pólitísk áhætta**

Breytingar á lögum, reglum og stjórnsýsluframkvæmd, t.d. sköttum og eftirliti, gætu haft jákvæð eða neikvæð áhrif á félagið.

### **1.5.7 Áhætta tengd reikningsskilaaðferðum**

Ársreikningar félagsins eru í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu. Gerð ársreikninga Hrings, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (hér eftir „IFRS“),



krefst þess að notað sé tiltekið reikningshaldslegt mat. Einnig er gerð sú krafa til stjórnenda að þeir leggi mat á ákveðin atriði í reikningsskilaaðferðum félagsins. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati. Breytingar á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum eða túlkunum á þeim geta haft áhrif á niðurstöður ársreikninga Hrings.

## **1.6 Dómsmál**

Engin stjórnslu-, dóms- eða gerðardómsmál eru í gangi nú hjá útgefanda, né hafa verið í gangi á sl. 12 mánuðum, sem hafa, eða kunna að hafa haft veruleg áhrif á fjárhagsstöðu eða arðsemi útgefanda.

## 2 TILKYNNING TIL FJÁRFESTA

Útgefandalýsing þessi er hluti af lýsingu Hrings dagsettri 19. september 2014, sem varðar beiðni stjórnar Hrings um töku skuldabréfa útgefna af félaginu, í flokki HARP 46 0217 til viðskipta hjá NASDAQ OMX Iceland hf., kt. 681298-2829, Laugavegi 182, 105 Reykjavík, Íslandi (hér eftir „Kauphöllin“). Framangreint fer fram í samræmi við íslensk lög og reglugerðir, meðal annars lög nr. 108/2007, um verðbréfiðskipti og reglugerð nr. 243/2006, um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 809/2004 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB, sem hefur verið innleidd í íslensk lög. Lýsingin hefur verið yfirfarin og staðfest af Fjármálaeftirlitinu, kt. 541298-3209, Höfðatúni 2, 105 Reykjavík (hér eftir „Fjármálaeftirlitið“). Lýsingin samanstendur af þremur aðskildum skjölum; útgefandalýsingu þessari, verðbréfalýsingu dagsettri 19. september 2014 og samantekt dagsettri 19. september 2014.

Þann 26. apríl 2013 gaf Hringur út verðtryggðan skuldabréfaflokk, HARP 46 0217, að fjárhæð 19,5 milljarða króna. Andvirði skuldabréfanna var nýtt til að greiða upp sambankalán í nafni Hrings við Arion Banka hf, Íslandsbanka hf og NBI hf. (nú Landsbankinn hf.).

Stjórn Hrings hefur óskað eftir að skuldabréfaflokkurinn verði tekinn til viðskipta hjá Kauphöllinni, en útgefandi uppfyllir öll skráningarskilyrði Kauphallarinnar, sem tilgreind eru í kafla 3.1 í reglum Kauphallarinnar fyrir útgefendur fjármálagerna frá 17. desember 2013.

Fyrsti viðskiptadagur með skuldabréfaflokkinn hjá Kauphöllinni verður tilkynntur af Kauphöllinni með minnst eins viðskiptadags fyrirvara. Fyrsti dagur viðskipta verður í fyrsta lagi þann 1. október 2014.

Lýsingin inniheldur þær upplýsingar sem eru nauðsynlegar fjárfestum til þess að þeir geti metið eignir og skuldir, fjárhagsstöðu, afkomu og framtíðarhorfur Hrings sem og þau réttindi sem fylgja skuldabréfunum. Fjárfestum er bent á að fjárfesting í skuldabréfum felur í sér áhættu og áður en ákvörðun er tekin um fjárfestingu í skuldabréfunum ættu fjárfestar að fara yfir allar upplýsingar í lýsingunni. Fjárfestum er sér í lagi ráðlagt að kynna sér þá áhættu- og óvissuþætti sem geta haft veruleg áhrif á Hring og virði skuldabréfanna, en þeim er lýst í kafla 1 í útgefandalýsingu þessari og í kafla 1 í verðbréfalýsingu Hrings dagsettri 19. september 2014. Fjárfestum er bent á að gera eigin sjálfstæðar kannanir á þeim þáttum sem sérstaklega geta átt við fjárfestingu þeirra í skuldabréfunum. Hver fjárfestir verður að byggja ákvörðun um fjárfestingu í skuldabréfunum á eigin athugunum og greiningu á þeim upplýsingum sem fram koma í lýsingunni. Fjárfestum er bent á að hægt er að leita ráðgjafar sérfræðinga, svo sem hjá bönkum, verðbréfafyrirtækjum og sparisjóðum, til aðstoðar við mat á skuldabréfunum sem fjárfestingakosti. Fjárfestum er einnig ráðlagt að kynna sér eigin réttarstöðu, þ.m.t. skattaleg atriði sem kunna að snerta fjárfestingu þeirra í skuldabréfunum og leita óháðrar ráðgjafar í því tilliti.

Útgefandalýsingunni eða öðrum skjölum sem tilheyra lýsingu útgefanda dagsettri 19. september 2014 skal ekki dreifa, senda eða miðla á annan hátt til landa eða í löndum þar sem birting krefst frekari skráningaraðgerða eða annarra aðgerða en þeirra sem íslensk lög og reglugerðir krefjast eða þar sem slíkt bryti í bága við lög eða reglugerðir í viðkomandi landi.

Í sumum lögsagnarumdæmum kunna lög að setja skorður við dreifingu útgefandalýsingarinnar eða annarra skjala sem tilheyra lýsingu útgefanda dagsettri 19. september 2014. Því gerir Hringur kröfu um að allir viðtakendur kynni sér og hagi athöfnum sínum í samræmi við slík lög og skorður. Hringur og Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans hf., sem er umsjónaraðili með töku skuldabréfaflokksins til viðskipta í Kauphöllinni, eru ekki skaðabótaskyld vegna dreifingar þriðja aðila á útgefandalýsingunni eða öðrum skjölum sem tilheyra lýsingu útgefanda dagsettri 19. september 2014 í neinni lögsögu.

Hringur mun birta opinberlega upplýsingar vegna viðvarandi upplýsingaskyldu útgefanda skuldabréfa sem tekin hafa verið til viðskipta í Kauphöll þegar skuldabréfaflokkurinn hefur verið tekinn til viðskipta í Kauphöllinni.

Útgefandalýsingin og önnur skjöl sem tilheyra lýsingu útgefanda dagsettri 19. september 2014 eru einungis birt á íslensku og má nálgast með rafrænum hætti á Adobe Acrobat sniði á vefsíðu Hrings ([www.greidslumidluninhringur.is/skjl/](http://www.greidslumidluninhringur.is/skjl/)).

Upplýsingar í lýsingunni byggja á aðstæðum og staðreyndum á þeim degi sem lýsingin er undirrituð. Komi fram mikilvægar nýjar upplýsingar, veigamikil mistök eða ónákvæmni er varða upplýsingar í lýsingum, sem máli geta skipt við mat á verðbréfunum og koma fram á tímabilinu frá því að lýsingin var staðfest, sbr. 46. gr. laga nr. 108/2007, um verðbréfiðskipti, og þar til útboði lýkur eða, ef við á, þegar viðskipti á skipulegum verðbréfamarkaði hefjast, skal útbúa viðauka við lýsingu þar sem greint er frá viðkomandi atriðum. Viðaukinn skal staðfestur af Fjármálaeftirlitinu innan sjö virkra daga og birtur á sama hátt og upprunalega lýsingin. Einnig skal, ef nauðsyn krefur, gera viðauka við samantektina og þýðingu hennar og skal þar tekið mið af viðbótarupplýsingum þeim sem fram koma í viðaukanum.

## 2.1 Yfirlýsingar stjórnar og framkvæmdastjóra útgefanda

Stjórnarmaður og framkvæmdastjóri Greiðslumiðlunarinnar Hrings ehf., kt. 470110-0740, Austurbakka 2, 101 Reykjavík, Íslandi, lýsa hér með yfir að samkvæmt okkar bestu vitund eru upplýsingarnar sem útgefandalýsingin hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum er sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hennar.

Reykjavík, 19. september 2014

Fyrir hönd Greiðslumiðlunarinnar Hrings ehf.

---

Halldór Guðmundsson,  
stjórnarmaður

---

Auður Árnadóttir,  
framkvæmdastjóri

## 2.2 Umsjónaraðili

Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans hf. er umsjónaraðili með töku skuldabréfa í flokki HARP 46 0217 til viðskipta hjá Kauphöllinni.

Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans hf. hefur verið stjórn og stjórnendum Hrings til ráðgjafar við gerð lýsingarinnar og er hún byggð á upplýsingum frá Hring, þar á meðal upplýsingum úr ársreikningum félagsins fyrir árin 2012 og 2013 og árschlutareikningi fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2014.

## 2.3 Hugsanlegir hagsmunaárekstrar

Athygli fjárfesta er vakin á hagsmunum Hrings og Landsbankans hf., kt. 471008-0280, Austurstræti 11, 155 Reykjavík, Íslandi (hér eftir „Landsbankinn“) vegna töku skuldabréfa Hrings til viðskipta hjá Kauphöllinni:

Landsbankinn á 13,4 ma.kr. að nafnvirði í skuldabréfaflokknum HARP 46 0217.

Landsbankinn er viðskiptabanki Hrings.

Markaðsviðskipti Landsbankans önnuðust frumsölu skuldabréfa í flokknum HARP 46 0217 og Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans er umsjónaraðili vegna töku skuldabréfanna til viðskipta hjá Kauphöllinni. Markaðsviðskipti og Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans fá greidda þóknun frá Hring vegna þessa.

Í tengslum við skuldabréfaútgáfuna hefur Landsbankinn tekið að sér að vera umsýslu- og veðvörsluaðili vegna útgáfunnar samkvæmt sérstökum samningi þar um við útgefanda og Hörpu TR. Í þessu felst m.a. að umsýslu- og veðvörsluaðili annast innheimtu á skuldabréfunum, þ.m.t. innheimtu vanskila og ráðstafar afborgunum til eigenda skuldabréfanna. Við ákvarðanatöku gætir umsýslu- og veðvörsluaðili hagsmuna allra eigenda skuldabréfa í skuldabréfaflokknum. Fjallað er nánar um hlutverk umsýslu- og veðvörsluaðila í verðbréfalýsingu Hrings dagsettri 19. september 2014.

Í gildi er samningur á milli Landsbankans og Hörpu TR um kauprétt Hörpu TR að skuldabréfum í flokknum HARP 46 0217. Samningurinn gildir til og með 31. desember 2015 og samkvæmt honum er Hörpu TR heimilt að kaupa og Landsbankanum er skylt að selja, skuldabréf í skuldabréfaflokknum HARP 46 0217 að nafnvirði 750 m.kr. Engin skylda hvílir á Hörpu TR að nýta kauprétt sinn samkvæmt samningnum. Kaupverð skuldabréfanna skal vera uppgreiðsluverðmæti nafnvirðisfjárhæðar þeirra skuldabréfa sem kaupréttur er nýttur að.

## 2.4 Gildistími og skjöl til sýnis

Lýsingin, sem samanstendur af þremur skjölum, útgefandalýsingu þessari, verðbréfalýsingu dagsettri 19. september 2014 og samantekt dagsettri 19. september 2014 er gild í 12 mánuði frá staðfestingu lýsingarinnar að því tilskildu að útbúinn sé viðauki við lýsinguna eins og kveðið er á um í 46. gr. laga nr. 108/2007, komi fram mikilvægar nýjar upplýsingar, veigamikil mistök eða ónákvæmni er varða upplýsingar í lýsingunni, sem máli geta skipt við mat á verðbréfunum og koma fram á tímabilinu frá því að lýsingin var staðfest og þar til útboði lýkur, eða ef við á, þegar viðskipti á skipulegum verðbréfamarkaði hefjast.

Eftirfarandi skjöl eru hluti af útgefandalýsingunni og má finna í kafla 8 og 9:

- Endurskoðaður ársreikningur Hrings fyrir árið 2013.
- Endurskoðaður ársreikningur Hrings fyrir árið 2012.
- Kannað árschlutauppgjör fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2014.
- Samþykktir Hrings dagsettar 16. apríl 2013<sup>1</sup>.

Á meðan lýsingin er í gildi má nálgast hana, ásamt fyrrnefndum skjölum, á rafrænu formi á vefsíðu Hrings, [www.greidslumidluninhringur.is/skjil](http://www.greidslumidluninhringur.is/skjil) og á pappirsformi á skrifstofu félagsins að Austurbakka 2, 101 Reykjavík.

## 2.5 Skilgreiningar

Í útgefandalýsingunni vísa hugtökin;

„Ago“ til Rekstrarfélagsins Ago ehf., kt. 501105-1120, Austurstræti 17, 101 Reykjavík, Íslandi, sem hefur verið brottfellt samkvæmt Fyrirtækjaskrá Ríkisskattstjóra,

---

<sup>1</sup> Samþykktir Hrings undirritaðar 16. apríl 2013 öðluðust gildi 22. apríl 2013 þegar þær voru skráðar hjá hlutafélagaskrá.

„Austurhöfn“ til félagsins Austurhafnar-TR ehf., kt. 490703-3220, Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík, Íslandi, sem hefur verið brottfellt samkvæmt Fyrirtækjaskrá Ríkisskattstjóra,

„Custos“ til Custos ehf., kt. 501105-1630, Austurstræti 17, 101 Reykjavík, sem hefur verið brottfellt samkvæmt Fyrirtækjaskrá Ríkisskattstjóra,

„Fjármálaeftirlitið“ til Fjármálaeftirlitsins, kt. 541298-3209, Höfðatúni 2, 105 Reykjavík, Íslandi,

„framlagið“ til framlags sem Hringur fær greitt frá Ríkissjóði Íslands og Reykjavíkurborg í samræmi við ákvæði samnings um rekstur og starfsemi Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf. á milli milli íslenska ríkisins, Reykjavíkurborgar, Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf. og Greiðslumiðlunarinnar Hrings ehf., dagsettur 16. apríl 2013,

„Harpa TR“ til Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf., kt. 660805-1250, Austurbakka 2, 101 Reykjavík, Íslandi,

„Hospes“ til Hospes ehf., kt. 501105-0900, Austurstræti 17, 101 Reykjavík, Íslandi, sem hefur verið brottfellt samkvæmt Fyrirtækjaskrá Ríkisskattstjóra,

„Hringur“, „útgefandinn“ og „félagið“ til Greiðslumiðlunarinnar Hrings ehf. kt. 470110-0740, Austurbakka 2, 101 Reykjavík, Íslandi,

„Kauphöllin“ til NASDAQ OMX Iceland hf., kt. 681298-2829, Laugavegi 182, 105 Reykjavík, Íslandi,

„Landsbankinn“ til Landsbankans hf., kt. 471008-0280, Austurstræti 11, 155 Reykjavík, Íslandi,

„lýsingin“ til lýsingar Hrings dagsettrar 19. september 2014 sem samanstendur af útgefandalýsingu þessari, verðbréfalyýsingu dagsettri 19. september 2014 og samantekt dagsettri 19. september 2014,

„Portus“ til Eignarhaldsfélagsins Portusar ehf., kt. 660805-1250, Austurbakka 2, 101 Reykjavík Íslandi, félaginu var síðar nafnabreytt og heitir nú Harpa tónlistar- og ráðstefnuhús ohf.,

„samningur um rekstur og starfsemi Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss“, „samningurinn“ og „samningur dagsettur 16. apríl 2013“ til samnings um rekstur og starfsemi Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss á milli íslenska ríkisins, Reykjavíkurborgar, Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf. og Greiðslumiðlunarinnar Hrings ehf., dagsettur 16. apríl 2013,

„Situs“ til Situsar ehf., kt. 490306-0640, Austurbakka 2, 101 Reykjavík, Íslandi,

„skuldabréfaflokkurinn“, „skuldabréfin“, „skuldabréfaútgáfan“ til skuldabréfaflokksins HARP 46 0217,

„Totus“ til Totusar ehf., kt. 501105-1390, Austurstræti 17, 101 Reykjavík, Íslandi, sem hefur verið brottfellt samkvæmt Fyrirtækjaskrá Ríkisskattstjóra,

„umsjónaraðili“ til Fyrirtækjaráðgjafar Landsbankans hf., kt. 471008-0280, Austurstræti 11, 155 Reykjavík, Íslandi,

„útgefandalýsingin“ til útgefandalýsingar þessarar, dagsettrar 19. september 2014,

„þjónustusamningurinn“ til samnings á milli Hörpu TR og Hrings dagsettur 26. maí 2014, um að Harpa TR taki að sér bókhalds- og skrifstofuþjónustu fyrir Hring,

nema annað megi skilja af samhenginu eða sé tekið fram í textanum.

Þegar vísað er til tímasetninga í útgefandalýsingunni skal það túlkað sem tilvísun til tímasetninga að íslenskum staðartíma.

Þegar vísað er til laga og reglugerða í útgefandalýsingunni er vísað til íslenskra laga og reglugerða, með áorðnum breytingum.

## 2.6 Skammstafanir og hugtök

ehf.	einkahlutafélag
f.h.	fyrir hönd
gr.	grein
hdl.	héraðsdómslögmaður
hf.	hlutafélag
kt.	kennitala
m.a.	meðal annars
mgr.	málgrein
nr.	númer
ohf.	opinbert hlutafélag
sbr.	samanber
skv.	samkvæmt
slhf.	samlagshlutafélag
t.d.	til dæmis
tl.	töluliður
u.þ.b.	um það bil
þ.e.	það er
þ.m.t.	þar með talið
VNV	Vísitala neysluverðs, reiknuð út af Hagstofu Íslands

## 3 UPPLÝSINGAR UM ÚTGEFANDANN

Hringur er sérstakt félag um fjárskuldbindingar vegna tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu við Austurhöfnina í Reykjavík.

Hringur er í fullri eigu Hörpu TR og er hluti af samstæðu Hörpu TR. Endanlegir eigendur Hrings eru Ríkissjóður Íslands (54%) og Reykjavíkurborg (46%), í gegnum eignarhald fyrrgreindra aðila á Hörpu TR.

Á árinu 2013 gaf Hringur út skuldabréfaflokkinn HARP 46 0217 að fjárhæð 19,5 milljarðar króna. Fjallað er um skuldabréfaflokkinn í verðbréfalýsingu Hrings dagsettri 19. september 2014.

Hringur endurlánaði móðurfélagi sínu, Hörpu TR andvirði skuldabréfaflokksins og eru kjör á milli félaganna þau sömu og á skuldabréfafloknum. Rekstur Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss fer alfarið fram innan Hörpu TR og hefur þannig engin áhrif á rekstur Hrings. Starfsemi Hrings felst eingöngu í umsýslu í tengslum við skuldabréfaflokkinn sem útgefinn er af félaginu. Ekki er ætlast til að Hringur skili arðsemi til hlutahafa sinna og samkvæmt 11. grein samþykka félagsins frá 22. apríl 2013 er gert ráð fyrir því að félaginu verði slitið þegar framlag Ríkissjóðs Íslands og Reykjavíkurborgar til tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu rennur undir lok. Síðasta greiðsla framlagsins mun fara fram 15. febrúar 2046 og síðasta greiðsla skuldabréfaflokksins HARP 46 0217 á sér stað tveimur dögum síðar eða 17. febrúar 2046.

### 3.1 Útgefandi

Lögformlegt heiti:	Greiðslumiðlunin Hringur ehf.
Viðskiptaheiti:	Greiðslumiðlunin Hringur ehf.
Félagaform:	Skráð einkahlutafélag í samræmi við lög nr. 138/1994, um einkahlutafélög
Kennitala:	470110-0740
Stofndagur og rekstrartími:	Stofndagur útgefanda er 22. desember 2009. Samkvæmt 11. gr. samþykka útgefanda, sem dagsettar eru 22. apríl 2013, er gert ráð fyrir að útgefanda verði slitið þegar Ríkissjóður Íslands og Reykjavíkurborg hætta að greiða framlag vegna byggingar og rekstrar tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu. Síðasta greiðsla framlagsins er 15. febrúar 2046 og síðasta greiðsla skuldabréfaflokks útgefanda, HARP 46 0217, fer fram 17. febrúar 2046
Höfuðstöðvar og heimilisfang:	Austurhöfn 2, 101 Reykjavík, Íslandi
Vefsíða:	<a href="http://www.greidslumidluninhringur.is">www.greidslumidluninhringur.is</a>
Símanúmer:	+354 528 5000

### 3.2 Tilgangur útgefanda og lög sem hann starfar eftir

Samkvæmt 3. grein samþykktu Hrings, sem dagsettar eru 22. apríl 2013, er tilgangur félagsins að gefa út skuldabréflokki vegna byggingar tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu við Austurhöfnina í Reykjavík og annast mánaðarlegar afborganir af útgefnum skuldabréfum í samræmi við ákvæði samnings um rekstur og starfsemi Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss, dagsettur 16. apríl 2013.

Hringur er íslenskt einkahlutafélag og starfar samkvæmt lögum nr. 138/1994, um einkahlutafélög. Engin sérlög gilda um starfsemi Hrings.

### 3.3 Tilurð félagsins og ágríp af sögu þess

Árið 2003 stofnuðu íslenska ríkið og Reykjavíkurborg félagið Austurhöfn-TR ehf. (hér eftir „Austurhöfn“), til að vinna að undirbúningi byggingar tónlistarhúss og ráðstefnumiðstöðvar við Austurhöfnina í Reykjavík. Ríkiskaup, fyrir hönd Austurhafnar, bauð verkefnið út sem einkaframkvæmd og 9. mars 2006 var samið við Eignarhaldsfélagið Portus ehf. (hér eftir „Portus“) um byggingu og rekstur tónlistar- og ráðstefnumiðstöðvar. Gert var ráð fyrir að tvö félög önnuðust verkefnið, annars vegar Portus sem annaðist tónlistar- og ráðstefnuhúsið Hörpu og hins vegar Situs ehf. (hér eftir „Situs“) er skyldi hafa með höndum byggingarétt á öðrum nálægum reitum við Austurhöfnina í Reykjavík, m.a. reit sem ætlaður var fyrir hótél. Situs og Portus voru í eigu sömu aðila.

Af skattalegum ástæðum var starfsemi Portusar skipt í tvö dótturfélög og voru þau nefnd Totus ehf. (hér eftir „Totus“) og Rekstrarfélagið Ago ehf. (hér eftir „Ago“). Totus var fasteignafélag og eigandi fasteignarinnar Hörpu en Ago leigði fasteignina Hörpu af Totusi og annaðist starfsemina.

Situs stofnaði tvö dótturfélög, Hospes ehf. (hér eftir „Hospes“) og Custos ehf. (hér eftir „Custos“). Hospes var ætlað að vinna að uppbyggingu hótels en Custos að eiga og sjá um rekstur bílastæða. Engin starfsemi hefur verið í þessum dótturfélögum Situsar og hafa þau verið lögð niður.

Í mars 2009, í kjölfar fjárhagserfiðleika eigenda Portusar og Situsar, tóku íslenska ríkið og Reykjavíkurborg yfir byggingu og rekstur tónlistar- og ráðstefnumiðstöðvar við Austurhöfnina í Reykjavík. Farin var sú leið að Austurhöfn keypti félagin Portus og Situs.

Austurhöfn stofnaði Hring 22. desember 2009 í tengslum við sambankalán sem Arion banki hf., Íslandsbanki hf. og Landsbankinn hf. (þá NBI hf.) veittu til byggingar og rekstrar Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss. Samkvæmt samningi á milli íslenska ríkisins, Reykjavíkurborgar, Austurhafnar og Hrings fær Hringur greitt framlag frá íslenska ríkinu og Reykjavíkurborg í 35 ár inn á veðsettan reikning. Íslenska ríkið og Reykjavíkurborg hafa skuldbundið sig til að greiða með óafturkræfum og skilyrðislausum hætti og algjörlega óháð öllum öðrum atvikum fyrrgreint framlag í 35 ár frá árinu 2011. Hlutverk Hrings er að halda utan um framlag íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar og að tryggja forgang lánveitenda að framlaginu áður en fê er veitt til rekstrar Austurhafnar.


Í maí 2011 opnaði tónlistar- og ráðstefnuhúsið Harpa.

Á árinu 2012 ákváðu íslenska ríkið og Reykjavíkurborg að einfalda eigendastefnu sína gagnvart Portusi og Sítusi. Situs var skilið frá Austurhöfn og er nú í eigu íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar. Í desember 2012 lauk samrunaferli Portusar við dótturfélög sín, Ago og Totus og samhliða því var nafni Portusar breytt í Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhús hf. Í desember 2012 hófst einnig samrunaferli Austurhafnar og Hörpu tónlistar og ráðstefnuhúss hf., þar sem Harpa tónlistar- og ráðstefnuhús hf. yfirtók Austurhöfn. Um leið var féлагаformi Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss hf. breytt úr hlutafélagi í opinbert hlutafélag. Þann 26. apríl 2013 gaf Hringur út skuldabréfaflokkinn HARP 46 0217 og greiddi upp fyrrgreint sambankalán.

Hringur er hluti af samstæðu Hörpu TR. Meðfylgjandi mynd sýnir samstæðuna og stöðu Hrings innan hennar.



Mynd 3.1 Samstæða Hörpu TR



## 4 STARFSEMI

Starfsemi Hrings felst í að taka lán til byggingar tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu við Austurhöfnina í Reykjavík og annast greiðslumiðlun lánsins. Lántakan var upphaflega í formi sambankaláns við Arion Banka hf., Íslandsbanka hf. og NBI hf. (nú Landsbankinn hf.), sem Hringur endurlánaði Hörpu TR á sömu kjörum. Í apríl 2013 var sambankalánið á nafni Hrings endurfjármagnað með útgáfu Hrings á skuldabréfaflokknum HARP 46 0217, sem fjallað er um í Verðbréfalýsingu Hrings dagsettri 19. september 2014. Í kjölfar skuldabréfaútgáfunnar uppfærði Hringur kjör vegna lánsins sem Hringur lánaði móðurfélagi sínu, Hörpu TR, og eru kjör á milli félaganna þau sömu og á skuldabréfaflokknum. Lánið til Hörpu var veitt á sama tíma og Hringur fékk umrætt sambankalán. Eignir Hrings felast í langtímakröfu á móðurfélagið og skuldir í skuldabréfaútgáfu félagsins.

Rekstur Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss fer alfarið fram innan Hörpu TR og hefur þannig engin áhrif á rekstur Hrings. Starfsemi Hrings felst eingöngu í umsýslu í tengslum við skuldabréfaflokkinn sem útgefinn er af félaginu.

Hringur fær framlag frá Ríkissjóði Íslands og Reykjavíkurborg sem gengur til greiðslu á skuldabréfaflokknum og er framlagið veðsett á móti skuldabréfunum. Framlagið byggir á samningi um rekstur og starfsemi tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu þar sem Ríkissjóður Íslands og Reykjavíkurborg hafa skuldbundið sig til að greiða mánaðarlegt framlag í 35 vegna rekstrar og starfsemi Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss. Fyrsta greiðsla framlagsins fór fram í mars 2011 og síðasta greiðsla þess verður 15. febrúar 2046.

Markmið Hrings við stjórnun fjármögnunar er að tryggja að framlög ríkisins og Reykjavíkurborgar standi undir skuldbindingum félagsins. Ekki er ætlast til að félagið skili arðsemi til hluthafa. Gert er ráð fyrir að Hring verði slitíð þegar skuldabréfaflokkurinn HARP 46 0217 hefur verið greiddur upp, sem mun eiga sér stað 17. febrúar 2046.

Framkvæmdastjóri er starfandi hjá Hring en félagið hefur enga aðra starfsmenn. Hringur hefur gert þjónustusamning við Hörpu TR. Samkvæmt þjónustusamningnum annast Harpa TR bókhalds- og skrifstofuþjónustu fyrir Hring. Í því felst að hafa eftirlit með samþykktum, greiðslum á öllum reikningum, þ.e. kostnaðar- og innkaupareikningum. Umsjón með innheimtu, greiðslu og afstemmingum á lánardrottnum og viðskiptamönnum félagsins, ásamt uppgjöri á virðisaukaskatti, sköttum og öðrum opinberum gjöldum. Einnig hefur Harpa TR umsjón með fjárhagsbókhaldi og umsjón með uppgjörum og skýrslugerð til framkvæmdastjóra og stjórnar Hrings, ásamt uppgjöri til samstæðureikningsskila. Harpa TR hefur yfirumsjón með áætlunargerð og annarri mánaðarlegri skýrslugerð, svo sem eftirliti og samanburði á áætlun við rauntölur, umsjón með samskiptum við endurskoðendur félagsins og yfirumsjón með upplýsingakerfi félagsins ásamt fundarritun fyrir Hring. Auk þess sér Harpa TR um þjónustu tengda lánaumsýslu og skuldabréfaútgáfu. Þjónustusamningurinn er í gildi í 12 mánuði frá og með 1. janúar 2014. Ef samningnum er ekki sagt upp með minnst þriggja mánaða fyrirvara framlengist hann um eitt ár í senn og er þá uppsegjanlegur til lausnar um hver áramót.

Hringur hefur gert samning við Tómas M. Þórhallsson, hdl. og fulltrúa hjá BBA Legal ehf. að vera regluvörður félagsins. Staðgengill regluvarðar er Auður Árnadóttir, framkvæmdastjóri félagsins.

Hringur hefur gert samning við Landsbankann um að vera umsýslu- og veðvörsluáðili vegna skuldabréfaútgáfunnar. Í því felst m.a. að Landsbankinn annast innheimtu á skuldabréfunum og ráðstafar afborgunum til eigenda þeirra. Í því felst einnig að sjá um vörslu veðsetts bankareiknings Hrings sem framlag Ríkissjóðs Íslands og Reykjavíkurborgar er lagt inn á og sér um útborganir til greiðslu skuldabréfanna og Hörpu TR í samræmi við samning, á milli Ríkissjóðs Íslands, Reykjavíkurborgar, Hörpu TR og Hrings, dagsettan 16. apríl 2013. Ítarlegar upplýsingar um verkefni umsýslu- og veðvörsluáðila vegna skuldabréfaflokksins er að finna í verðbréfalýsingu Hrings sem dagsett er 19. september 2014.

## 4.1 Mikilvægir samningar og skuldbindingar

Grundvöllur skuldabréfaútgáfu Hrings er framlag Ríkissjóðs Íslands og Reykjavíkurborgar, sem fyrrgreindir aðilar skuldbundu sig til að greiða í 35 ár frá árinu 2011. Heimildir Ríkissjóðs Íslands og Reykjavíkurborgar til greiðslu framlagsins er að finna í fjárukalögum íslenska ríkisins fyrir árið 2005 og fundargerð borgarráðs Reykjavíkurborgar frá 21. desember 2004.

Í gildi er samningur undirritaður 16. apríl 2013 á milli íslenska ríkisins, Reykjavíkurborgar, Hörpu TR og Hrings um rekstur og starfsemi Hörpu tónlistar og ráðstefnuhúss. Hringur er aðili að samningnum í þeim eina tilgangi að fá greitt framlag, eins og það er skilgreint í samningnum, frá íslenska ríkinu og Reykjavíkurborg, inn á veðsettan bankareikning og samþykkir Hringur samkvæmt samningnum að framlagið verði notað til að greiða mánaðarlegar afborganir af skuldabréfaútgáfu Hrings, HARP 46 0217.

Framlagið er skilgreint sem greiðsla vegna kaupa á þeirri þjónustu sem felst í því annars vegar að Harpa TR eigi tónlistar- og ráðstefnuhús og hins vegar reki aðstöðu í tónlistar- og ráðstefnuhúsinu Hörpu. Ríkissjóður Íslands og Reykjavíkurborg skuldbinda sig í samningnum með óafturkræfum hætti og skilyrðislaust til að greiða framlagið. Samkvæmt samningnum hófust greiðslur framlagsins 15. mars 2011 og skal þeim framhaldið 15. hvers mánaðar frá þeim tíma í 35 ár, algjörlega óháð öllum öðrum atvikum.

Í samningnum heimila Ríkissjóður Íslands og Reykjavíkurborg sérstaklega að framlagið verði ávallt fyrst nýtt til að greiða mánaðarlegar afborganir vegna skuldabréfaútgáfu Hrings, HARP 46 0217 og að ekki sé heimilt að nýta fjármuni á veðsetta bankareikningi Hrings, sem framlagið er greitt inn á, til rekstrar ráðstefnu- og tónlistarhússins Hörpu, fyrr en mánaðarleg afborgun af skuldabréfunum hefur verið innt af hendi að fullu. Í lok hvers mánaðar er Hring heimilt að óska eftir millifærslu til Hörpu TR á þeirri fjárhæð sem eftir stendur á veðsetta bankareikningnum, eftir að mánaðarleg afborgun af skuldabréfunum hefur verið greidd að fullu.

Framlagið er fyrirfram ákveðin árleg fjárhæð, 595.000.000 króna, sem leiðréttist á hverjum gjalddaga framlagsins miðað við vísitölu neysluverðs (hér eftir „VNV“) með grunninn 237,4 stig sem var VNV í október 2004. Aðilar að samningnum geta óskað eftir leiðréttingu á fjárhæð framlagsins ef breytingar verða á kostnaði sem ekki er gert ráð fyrir í ákvæðum samningsins sem kveða á um verðleiðréttingu. Slík ósk um leiðréttingu er aðeins heimil ef álitid er að slíkar breytingar séu óumflýjanlegar og að þær hafi ekki neikvæð áhrif á afborganir skuldabréfanna. Leiðréttingar á fjárhæð framlagsins skulu ekki vera fleiri en fjórar á gildistíma samningsins, óháð því hver hvatinn er á bak við ósk um leiðréttingu í hvert sinn. Minnst 6 ár skulu líða milli þess sem unnt er að bera upp ósk um leiðréttingu á fjárhæð framlagsins á grundvelli fyrrgreinds. Leiði leiðrétting framlagsins til þess að fjárhæð þess lækki, er slík leiðrétting háð því skilyrði að skuldabréfaeigendur samþykki þá breytingu fyrirfram skriflega.

Í samningnum er kveðið á um afleiðingar vanefnda á greiðslu framlagsins, en verði greiðslufall af hálfu Ríkissjóðs Íslands eða Reykjavíkurborgar, skal sá aðili sem vanefndi skuldbindingar sínar greiða dráttarvexti sem reiknast frá og með gjalddaga framlagsins þar til greiðsla hefur verið móttækin af Hring. Þrátt fyrir greiðslufall annars hvors eða beggja aðila á greiðslu framlagsins þá er aldrei hægt að gjaldfella kröfur á hendur þeim um greiðslur á framlaginu til framtíðar. Vanefndir á skyldum annars hvors eða beggja aðila á greiðslu framlagsins geta leitt til fullnustu á veðsamningi sem aðilar gerðu í tengslum við skuldabréfaútgáfuna, en í veðsamningnum er eigendum skuldabréfanna veitt veðréttindi í fasteigninni Austurbakka 2, veð í öllum kröfum Hörpu TR á hendur Ríkissjóði Íslands og Reykjavíkurborg vegna framlagsins, veð í öllum kröfum Hrings á hendur Hörpu TR og/eða Ríkissjóði Íslands og Reykjavíkurborg samkvæmt samningnum, handveðréttur í bankareikningi Hrings, sem framlagið er greitt inn á og veðréttindi í öllu hlutfé í Hring. Ítarlegri útlístan er á tryggingum í tengslum við skuldabréfaútgáfuna í verðbréfalýsingu Hrings sem dagsett er 19. september 2014.

Hringur hefur skuldbundið sig til þess að stofna ekki til frekari skuldbindinga, en þeirra sem félagið hefur stofnað til í tengslum við útgáfu á skuldabréfaflokki HARP 46 0217, hvort sem er í formi lána eða ábyrgða. Engar fjárfestingar eru því yfirstandandi né fyrirhugaðar hjá Hring.

# 5 STJÓRN, FRAMKVÆMDASTJÓRI OG ENDURSKOÐENDUR

## 5.1 Stjórn og framkvæmdastjóri

Stjórn félagsins er skipuð einum manni sem er kjörinn á aðalfundi til eins árs í senn. Jafnframt er á aðalfundi kjörinn einn varamaður til sama tíma. Stjórnarmaður getur skuldbundið félagið.

Stjórn Hrings hefur ráðið framkvæmdastjóra, sem annast daglegan rekstur félagsins. Endurskoðandi er kosinn á aðalfundi félagsins. Samkvæmt samþykktum Hrings má ekki kjósa endurskoðanda úr hópi stjórnarmanna eða starfsmanna félagsins.

### 5.1.1 Stjórn og framkvæmdastjóri Hrings

#### **Halldór Guðmundsson, stjórnarmaður**

Halldór hefur verið forstjóri Hörpu TR frá árinu 2012. Á árunum 1984-2000 var Halldór útgáfustjóri Máls og menningar og frá árinu 2000-2003 var hann framkvæmdastjóri og útgefandi Eddu útgáfu. Hann var framkvæmdastjóri verkefnisins Ísland – heiðursgestur bókasýningarinnar í Frankfurt á árunum 2009-2012. Halldór er stjórnarmaður í dótturfélögum Hörpu TR, en þar að auki er hann meðstjórnandi í Forlaginu ehf. og hjá Máli og menningu - Heimskringlu ehf. Halldór útskrifaðist árið 1984 frá Kaupmannahafnarháskóla með mag.art. gráðu í almennri bókmenntafræði.

#### **Auður Árnadóttir, framkvæmdastjóri og varamaður í stjórn**

Auður hefur verið fjármálastjóri Hörpu TR og framkvæmdastjóri í dótturfélögum Hörpu TR frá árinu 2011. Auður er jafnframt varamaður í stjórn Hrings og staðgengill regluvarðar Hrings. Á árunum 2008-2012 var Auður fjármálastjóri Geysis Green Energy ehf. ásamt því að sitja í stjórn dótturfélaga Geysis Green Energy ehf., en þau voru HS Orka hf., Enex-Kína ehf., og Geysir Green Investment Fund slhf. Á árunum 2007-2012 var hún fjármálastjóri Enex ehf og á árunum 2006-2007 var hún fjármálastjóri AT Toolcentre Ltd. í Bretlandi. Auður er varamaður í stjórn Lífeyrissjóðs verslunarmanna. Auður útskrifaðist árið 2000 frá Háskóla Íslands með Bsc. gráðu í viðskiptafræði.

Stjórnarmaður Hrings er háður félaginu og eiganda þess, vegna starfa sinna sem framkvæmdastjóri Hörpu TR, sem er móðurfélag Hrings. Varamaður í stjórn Hrings sem einnig er framkvæmdastjóri Hrings er háður félaginu og eiganda þess, vegna starfa sinna sem fjármálastjóri Hörpu TR, móðurfélags Hrings. Að öðru leyti eru engir hagsmunaárekstrar á milli skyldustarfa aðila að stjórn og framkvæmdastjóra Hrings og persónulegra hagsmuna þeirra og/eða annarra skyldustarfa.

Heimilisfang vinnustaða ofangreindra aðila er að Austurbakka 2, 101 Reykjavík, Íslandi.

## 5.2 Stjórnarhættir

Stjórnarhættir Hrings eru markaðir af lögum nr. 138/1994, um einkahlutafélög, samþykktum félagsins og leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja útgefnunum af Viðskiptaráði Íslands, Kauphöllinni og Samtökum atvinnulífsins, eins og þær eru á hverjum tíma. Gildandi samþykktir Hrings eru dagsettar 16. apríl 2013 og eru þær í heild sinni í kafla 8.

### 5.2.1 Fylgni við leiðbeiningar um stjórnarhætti

Vegna eðlis og umfangs starfsemi Hrings fylgir félagið ekki að öllu leyti leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem Viðskiptaráð Íslands, Kauphöllin og Samtök atvinnulífsins gáfu út í mars 2012 (hér eftir „leiðbeiningar um stjórnarhætti“ eða „leiðbeiningarnar“). Félagið er einkahlutafélag með einn stjórnarmann. Framkvæmdastjóri er starfandi í félaginu en engir starfsmenn. Ekki eru uppi áform um að breyta stjórnarháttum félagsins frá því sem hér er lýst þannig að þeir samræmist að fullu leiðbeiningunum nema það sé tekið sérstaklega fram hér að neðan. Frávik Hrings frá leiðbeiningunum eru eftirfarandi:

- Grein 1.1 kveður á um að þegar tími og dagsetning aðalfundar hefur verið ákveðin, helst eigi síðar en tveimur mánuðum fyrir lok reikningsárs félagsins, er mælt til þess að upplýst sé um það á vefsíðu þess ásamt lokadagsetningu fyrir hluthafa til að leggja fram mál og/eða tillögur sem taka á til meðferðar á fundinum. Hringur hefur aðeins einn hluthafa, móðurfélag sitt og þær upplýsingar sem veittar voru í tengslum við aðalfund vegna ársins 2013 voru veittar hluthafanum með beinum hætti en hvorki á vefsíðu félagsins né innan þeirra tímamarka sem fram koma í grein 1.1 í leiðbeiningunum.
- Grein 1.2. kveður á um að stjórn félagsins skuli gera tilteknar upplýsingar um aðila í framboði til stjórnar aðgengilegar á vefsíðu félagsins eins fljótt og kostur er, en að lágmarki tveimur virkum dögum fyrir aðalfund. Þessar upplýsingar voru ekki gerðar aðgengilegar á vefsíðu Hrings fyrir síðasta aðalfund félagsins þar sem eingöngu einn hluthafi er í félaginu.
- Grein 1.5 kveður á um að eintök af hlutaskrá félagsins skuli vera aðgengileg hluthöfum á hluthafafundum. Hlutaskrá Hrings hefur ekki verið lögð fram á hluthafafundum, enda eingöngu einn hluthafi í félaginu.
- Grein 2.1 fjallar um meginhlutverk stjórnar, þ. á m. að stjórn eigi að hafa forystu, ásamt framkvæmdastjóra, um að móta stefnu, setja markmið og áhættuviðmið félagsins til skemmri og lengri tíma. Starfsemi Hrings er takmörkuð af tilgangi félagsins ásamt þeim skorðum sem félaginu eru settar í tengslum við skuldabréfaútgáfu þess. Því hefur stefnumótun, markmiðssetning og setning áhættuviðmiða takmarkað gildi fyrir félagið. Í grein 2.1 er fjallað um að stjórn beri að setja sér starfsreglur og leggja reglubundið mat á eigin störf. Stjórn Hrings hefur hvorki sett sér starfsreglur né lagt reglubundið mat á eigin störf þar sem eingöngu einn stjórnarmaður er í félaginu. Í grein 2.1 kemur einnig fram að upplýsa skuli um fjölda stjórnarfunda og funda undirnefnda og mætingu í stjórnarháttayfirlýsingu félagsins sem birta skal í sérstökum kafla í ársreikningi félagsins. Stjórn Hrings birti ekki fyrrgreindar upplýsingar í stjórnarháttayfirlýsingu sinni með ársreikningi fyrir árið 2013 þar sem eingöngu einn stjórnarmaður er í félaginu og engar undirnefndir voru starfandi í félaginu á árinu 2013.
- Grein 2.3 varðandi samstarf og markmiðasetningu kveður á um að stjórn félagsins skuli leitast við að eiga reglulega umræður um hvernig hún hyggst haga störfum sínum, hvar áherslur skuli liggja, hvaða samskipta- og verklagsreglur skuli hafðar í heiðri og hver meginmarkmið stjórnarstarfsins séu. Reglulegar umræður innan stjórnar Hrings hafa ekki farið fram þar sem stjórnin er skipuð einum stjórnarmanni.
- Grein 2.4 varðandi óháði stjórnarmanna kveður á um að meirihluti stjórnarmanna skuli vera óháður félaginu og daglegum stjórnendum þess. Að minnsta kosti tveir stjórnarmenn skulu jafnframt vera óháðir stórum hluthöfum félagsins. Stjórn Hrings er skipuð einum manni, eins og heimilt er samkvæmt lögum um einkahlutafélög og er stjórnarmaðurinn háður félaginu þar sem hann er framkvæmdastjóri móðurfélags þess og eina eiganda.
- Grein 2.5 varðandi mat á óháði stjórnarmanna kveður á um að stjórnin skuli sjálf meta hvort stjórnarmaður sé óháður gagnvart félaginu og/eða stórum hluthöfum þess, nema tilnefningarnefnd hafi verið falið það hlutverk. Stjórn félagsins skuli jafnframt meta óháði nýrra stjórnarmanna fyrir aðalfund félagsins og gera niðurstöðu sína aðgengilega hluthöfum. Framangreint mat hefur ekki farið fram með formlegum hætti innan stjórnar Hrings þar sem eingöngu einn stjórnarmaður er í félaginu og fyrir liggur að hann er háður félaginu.
- Grein 2.6 fjallar um að birta skuli tilteknar upplýsingar um stjórnarmenn í stjórnarháttayfirlýsingu. Hringur birti ekki tilteknar upplýsingar í stjórnarháttayfirlýsingu félagsins í ársreikningi fyrir árið 2013 en úr því verður bætt á árinu 2014.

- Grein 2.8 kveður á um að að stjórn skuli setja sér skriflegar starfsreglur þar sem fjallað er nánar um hlutverk og framkvæmd starfa stjórnarinnar. Stjórn Hrings hefur ekki sett sér skriflegar starfsreglur þar sem eingöngu einn stjórnarmaður er í félaginu.
- Grein 2.9 kveður á um að stjórn skuli árlega meta störf sín, stærð, samsetningu, verklag og starfshætti, svo og störf undirnefnda, frammistöðu framkvæmdastjóra og annarra daglegra stjórnenda. Stjórn skuli yfirfara og meta þróun félagsins og hvort hún sé í samræmi við markmið þess. Stjórn Hrings hefur ekki framkvæmt slíkt árangursmat þar sem stjórn félagsins er aðeins skipuð einum manni og engar undirnefndir voru starfandi í félaginu á árinu 2013.
- Grein 2.10 fjallar um siðferði og samfélagslega ábyrgð og kveður á um að æskilegt sé að stjórn félagsins setji sér, stjórnendum og starfsmönnum skrifleg viðmið um siðferði og stefnu um samfélagslega ábyrgð félagsins. Stjórn Hrings hefur ekki sett slík skrifleg viðmið þar sem stjórn er eingöngu skipuð einum manni, einn stjórnandi er í félaginu og engir starfsmenn.
- Grein 3.1 varðandi stjórnarformann kveður m.a. á um starfslýsingu stjórnarformanns. Ekki er stjórnarformaður í Hring og því hefur ekki verið útbúin starfslýsing fyrir hann í samræmi við leiðbeiningarnar.
- Grein 4 varðandi framkvæmdastjóra kveður á um að tiltekna upplýsingar séu birtar um framkvæmdastjóra í stjórnarháttayfirlýsingu félagsins. Hringur birti ekki upplýsingarnar í stjórnarháttayfirlýsingu sinni í ársreikningi fyrir árið 2013 en úr því verður bætt á árinu 2014.
- Grein 5 fjallar um stofnun undirnefnda stjórna. Stjórn Hrings hefur stofnað eina undirnefnd, endurskoðunarnefnd. Í ljósi eðli og umfangs starfsemi Hrings eru ekki talin ástæða til að hafa fleiri undirnefndir starfandi hjá félaginu.
- Grein 6.1 fjallar um þau efnisatriði sem birta skal í stjórnarháttayfirlýsingu í ársreikningi félagsins. Í stjórnarháttayfirlýsingu Hrings sem birt er í ársreikningi félagsins fyrir árið 2013 er ekki að finna öll þau efnisatriði sem talin eru upp í leiðbeiningunum samanber umfjöllun hér að framan.
- Grein 6.2 varðandi vefsíðu félagsins kveður m.a. á um að félagið skuli tileinka sérstökum hluta af vefsíðu sinni góðum stjórnarháttum og þar skuli birta tiltekna upplýsingar. Hringur er ekki með sérstakan hluta af vefsíðu sinni tileinkaðan góðum stjórnarháttum og á vefsíðu Hrings eru ekki birtar allar þær upplýsingar sem taldar eru upp í greininni.

### 5.2.2 Endurskoðunarnefnd

Stjórn Hrings skipaði þriggja manna endurskoðunarnefnd á árinu 2014. Í nefndinni sitja Vilhjálmur Egilsson, rektor Háskólans á Bifröst og stjórnarmaður í Hörpu TR, Kjartan Örn Ólafsson, eigandi og stofnandi Volta ehf. og stjórnarmaður í Hörpu TR og Sigurður Þórðarson fyrrverandi ríkisendurskoðandi. Sigurður er óháður félaginu en Vilhjálmur og Kjartan eru háðir því vegna setu sinnar í stjórn móðurfélags Hrings, Hörpu TR.

Markmið með skipan nefndarinnar er að hún sinni tilteknum verkefnum fyrir stjórn sem snúa að eftirliti án þess þó að það hafi áhrif á ábyrgð stjórnar og stjórnenda á þeim verkefnum. Nefndin sinnir m.a. eftirfarandi verkefnum:

- Eftirliti sem snýr að vinnuferlum við gerð reikningsskila,
- eftirliti með skipulagi og virkni innra eftirlits og áhættustýringar,
- eftirliti með endurskoðun ársreiknings og samstæðureiknings,
- meta óhæði endurskoðenda eða endurskoðunarfyrtækja,
- hafa eftirlit með störfum endurskoðenda,
- koma að vali á ytri endurskoðanda og endurskoðunarfyrtæki sem falin kann að vera endurskoðun með verksamningi.

Endurskoðunarnefnd greinir frá störfum sínum á stjórnarfundum í tengslum við uppgjör eða þegar tilefni er til.

### 5.3 Endurskoðendur

Í samþykktum Hrings er kveðið á um að á aðalfundi félagsins skuli kjósa einn endurskoðanda. Endurskoðanda má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna eða starfsmanna félagsins. Á aðalfundi Hrings 31. mars 2014 var Ríkisendurskoðun, kt. 540269-1819, Bríetartúni 7, 105 Reykjavík kosin endurskoðandi félagsins. Samkvæmt 4. gr. laga nr. 86/1997, um Ríkisendurskoðun er Ríkisendurskoðun heimilt að fela löggiltum endurskoðendum að vinna að einstökum verkefnum sem stofnuninni eru falin í fyrrgreindum lögum. Ríkisendurskoðun hefur falið PricewaterhouseCoopers ehf., kt. 690681-0139, Skógarhlíð 12, 105 Reykjavík og fyrir þeirra hönd Vigni Rafn Gíslasyni, kt. 140467-5379 að annast endurskoðun fyrir Hring. Vignir er aðili að Félagi löggiltra endurskoðenda og hefur ekki sagt sínu starfi lausu eða verið leystur frá störfum á því tímabili sem fjárhagslegar upplýsingar taka til í lýsingunni. Ríkisendurskoðun og PricewaterhouseCoopers ehf. hafa ekki sagt starfi sínu lausu, verið leyst frá störfum eða ekki verið endurkjörð á því tímabili sem fjárhagslegar upplýsingar taka til í lýsingunni.

## 6 FJÁRHAGSYFIRLIT

Sögulegar fjárhagsupplýsingar í lýsingunni ná yfir tímabilið 1. janúar 2012 - 30. júní 2014. Ársreikningar Hrings fyrir árin 2012 (tímabilið 1. janúar 2012 - 31. desember 2012) og 2013 (tímabilið 1. janúar 2013 - 31. desember 2013) og árshlutareikningur fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2014 (tímabilið 1. janúar 2014 – 30. júní 2014) eru hluti af útgefandalýsingunni og er að finna í kafla 9.

Ársreikningar árána 2012 og 2013 og árshlutareikningur fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2014 eru gerðir í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS), eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu, sbr. reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1606/2002, um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla og hafa lagagildi á Íslandi samkvæmt lögum nr. 3/2006, um ársreikninga.

PricewaterhouseCoopers ehf., kt. 690681-0139, Skógarhlíð 12, 105 Reykjavík, Íslandi, eru löggiltir endurskoðendur Hrings samkvæmt samningi við Ríkisendurskoðun og hafa endurskoðað ársreikninga Hrings fyrir árin 2012 og 2013. Ársreikningarnir innihalda áritun endurskoðanda og er áritun þeirra án fyrirvara eða afsals ábyrgðar. Árshlutareikningur fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2014 er kannaður af endurskoðendum Hrings. Í útgefandalýsingunni eru engar aðrar upplýsingar en þær sem byggja á ársreikningum Hrings endurskoðaðar.

Engar mikilvægar breytingar á fjárhags- eða viðskiptastöðu Hrings hafa átt sér stað frá lokum síðasta fjárhagstímabils sem lauk þann 30. júní 2014.

Engar verulegar óæskilegar breytingar hafa orðið á framtíðarhorfum Hrings síðan síðustu endurskoðuðu reikningsskil hans voru birt.

### 6.1 Rekstrarreikningur fyrir 2012, 2013 og fyrstu sex mánuði ársins 2014

Í eftirfarandi töflu er yfirlit yfir rekstrarreikning Hrings árin 2012, 2013, fyrstu sex mánuði ársins 2014 og til samanburðar sama tímabil árið 2013.

**Tafla 6.1: Rekstrarreikningur**

(fjárhæðir í þús.kr)	2013	2012	1.1.-30.6.2014	1.1.-30.6.2013
<b>Rekstargjöld</b>				
Aðkeypt þjónusta	- 1.277	- 1.069	- 1.515	- 588
Annar rekstrarkostnaður	- 19	- 291	- 394	-
<b>Rekstrartap</b>	- 1.296	- 1.361	- 1.908	- 588
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>				
Hreinar fjármunatekjur (-fjármagnsgjöld)	1.092	564	14	9
	1.092	564	14	9
<b>Heildarafkoma ársins</b>	- 204	- 796	- 1.923	- 597
Heildarafkoma (tap ársins) skiptist á eftirfarandi hátt:				
Eigendur félagsins	- 204	- 796	- 1.923	- 597



## 6.2 Efnahagsreikningur í árslok 2012, 2013 og 30. júní 2014

Í eftirfarandi töflu er yfirlit yfir efnahagsreikning í árslok 2012, 2013 og 30. júní 2014.

**Tafla 6.2: Efnahagsreikningur**

(fjárhæðir í þús.kr.)	31.12.2013	31.12.2012	30.6.2014
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Langtímakrafa á tengd félög	19.288.869	16.921.359	19.305.066
<b>Fastafjármunir samtals</b>	19.288.869	16.921.359	19.305.066
<b>Veltufjármunir</b>			
Næsta árs afborgun langtímakröfu á tengd félög	322.288	298.447	341.834
Kröfur á tengd félög	29.004	24.381	25.183
Skammtímakröfur og fyrirframgreiddur kostnaður	222	114	263
Handbært fé	12.006	102.461	-
<b>Veltufjármunir samtals</b>	363.520	425.403	367.280
<b>Eignir samtals</b>	19.652.389	17.346.762	19.672.346
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé:</b>			
Hlutfé	500	500	500
Ójafnað tap	- 1.526	- 1.322	- 3.449
	- 1.026	- 822	- 2.949
<b>Skuldir</b>			
Langtímaskuldir:			
Skuldir í íslenskum krónum	19.288.869	16.921.359	19.305.066
Skammtímaskuldir:			
Næsta árs afborgun af langtímaskuldum	322.288	298.447	341.834
Áfallnir vextir lantímalána			25.183
Skuldir við tengd félög	13.254	103.397	3.167
Aðrar skammtímaskuldir	29.004	24.381	45
	364.546	426.225	370.228
<b>Skuldir samtals</b>	19.653.415	17.347.584	19.675.295
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	19.652.389	17.346.762	19.672.346

### 6.3 Sjóðstreymi 2012, 2013 og á fyrstu 6 mánuðum ársins 2014

Í eftirfarandi töflu er yfirlit yfir sjóðstreymi 2012, 2013, fyrstu 6 mánuði ársins 2014 og til samanburðar sama tímabil árið 2013.

**Tafla 6.3: Sjóðstreymi**

(fjárhæðir í þús.kr)	<b>1.1.-31.12.2013</b>	<b>1.1.-31.12.2012</b>	<b>1.1.-30.6.2014</b>	<b>1.1.-30.6.2013</b>
<b>Rekstrarhreyfingar</b>				
Hreint veltufé til rekstrar:				
Tap ársins fyrir fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	- 1.296	- 1.361	- 1.908	- 588
Mótteknir vextir	1.012.207	519.634	351.624	837.118
Greiddir vextir	- 1.011.115	- 519.069	- 351.638	- 837.127
	1.092	564	14	9
(Hækkun) lækkun rekstrartengdra eigna:				
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	- 108	554	3.780	-
Lækkun rekstrartengdra skulda				
Skammtímaskuldir	-	11	3.776	-
	- 108	542	4	-
<b>Handbært fé til rekstrar</b>	<b>- 312</b>	<b>- 254</b>	<b>- 1.919</b>	<b>- 597</b>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>				
Nýtt lán til móðurfélags	- 19.503.035	-	-	- 19.503.035
Uppgreiðsla á eldra láni	17.240.273	-		
Innborganir frá móðurfélagi	306.301	329.613	162.120	17.385.721
	- 1.956.461	329.613	162.120	- 2.117.314
<b>Fjármögnunarahreyfingar</b>				
Andvirði útgáfu skuldabréfa	19.503.035	-		
Tekin ný langtímalán				19.503.035
Uppgreiðsla sambankaláns	- 17.240.273	-		
Afborganir langtímalána	- 306.301	- 329.613	- 162.120	- 17.385.721
Skammtímalán við tengda aðila			- 10.088	- 100.127
Skammtímalán, breyting	- 90.142	102.658		
	1.866.319	- 226.954	- 172.208	2.017.187
<b>(Lækkun) hækkun á handbæru fé</b>	<b>- 90.454</b>	<b>102.404</b>	<b>- 12.006</b>	<b>- 100.724</b>
Handbært fé í byrjun árs	102.461	56	12.006	102.461
<b>Handbært fé í árslok</b>	<b>12.006</b>	<b>102.461</b>	<b>-</b>	<b>1.737</b>

## 7 HLUTAFÉ OG HLUTHAFAR

### 7.1 Hlutfé

Hlutfé Hrings er að nafnvirði 500.000 krónur og er það allt greitt. Hlutfé í Hring er allt í einum flokki og er hver hlutur að fjárhæð ein króna eða margfeldi þar af. Hlutir skulu vera einn eða fleiri og skulu þeir hljóða á nafn. Eitt atkvæði fylgir hverri krónu hlutafjár. Samkvæmt 5. gr. samþykktu félagsins er heimilt að veðsetja hlutina í félaginu til tryggingar efndum á skuldabréfaflokki með auðkenni HARP 46 0217, sem gefinn var út vegna byggingar tónlistar- og ráðstefnuhúss Hörpu við Austurhöfnina í Reykjavík og hafa hlutirnir verið veðsettir í samræmi við framangreinda heimild. Óheimilt er að framselja hluti í félaginu nema þegar eigendaskipti verða að hlutum í félaginu vegna fullnustuaðgerða veðhafa sem eiga veðréttindi yfir hlutum félagsins.

### 7.2 Hluthafar

Harpa TR á allt hlutfé og atkvæðisrétt í Hring. Harpa TR er í eigu Ríkissjóðs Íslands (54%) og Reykjavíkurborgar (46%), sem eru um leið endanlegir eigendur Hrings.

## **8 SAMBYKKTIR**

Móttækð hjá RSK

22. apríl 2013

Fyrirtækjaskrá

# SAMÞYKKTIR

fyrir einkahlutafélagið

## Greiðslumiðlunin Hringur ehf.

### I. kafli.

#### Nafn, heimili og tilgangur félags

##### 1. gr.

Félagið er einkahlutafélag og er nafn þess Greiðslumiðlunin Hringur ehf.

##### 2. gr.

Heimilisfang félagsins er að Austurbakka 2, 101 Reykjavík.

##### 3. gr.

Tilgangur félagsins er að gefa út skuldabréfaflokk vegna byggingar tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu við Austurhöfnina í Reykjavík og annast mánaðarlegar afborganir af útgefnum skuldabréfum í samræmi við ákvæði samnings um rekstur og starfsemi Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss, dags. 16. apríl 2013.

### II. kafli

#### Hlutfé félagsins

##### 4. gr.

Hlutfé félagsins er að nafnvirði 500.000 (fimm hundruð þúsund) krónur 00/100. Hver hlutur er að fjárhæð ein króna eða margfeldi þar af. Hlutir skulu vera einn eða fleiri og skulu þeir hljóða á nafn. Eitt atkvæði fylgir hverri krónu.

##### 5. gr.

Heimilt er að veðsetja hlutina í félaginu til tryggingar efndum á skuldabréfaflokki með auðkenni Harp 46 0217 sem gefinn var út vegna byggingar tónlistar- og ráðstefnuhúss Hörpu við Austurhöfnina í Reykjavík.

Óheimilt er að framselja hluti í félaginu nema þegar eigendaskipti verða að hlutum í félaginu vegna fullnustuaðgerða veðhafa sem eiga veðréttindi yfir hlutum félagsins.

### IV. kafli.

#### Hluthafafundur.

##### 6. gr.

Æðsta vald í málefnum félagsins er í höndum hluthafans.

##### 7. gr.

Aðalfundur skal haldinn fyrir lok ágúst ár hvert. Hluthafinn skal taka viðeigandi ákvarðanir skv. 59. gr. laga um einkahlutafélög (ehfl.) og skrá þær í gerðabók skv. 2. mgr. 55. gr. ehfl. Hluthafafundur er boðaður með ábyrgðarbréfi eða með öðrum sannanlegum hætti.

64

V. kafli.  
Félagsstjórn

8. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð einum manni kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Jafnframt skal kjörinn einn varamaður til sama tíma.

VII. kafli.  
Reikningar og endurskoðun.

9. gr.

Á aðalfundi félagsins skal kjósa einn endurskoðanda. Skal endurskoðandi rannsaka allt reikningshald og reikninga félagsins fyrir hvert starfsár og leggja niðurstöður sínar fyrir aðalfund. Endurskoðanda má ekki kjósa úr hópl stjórnarmanna eða starfsmanna félagsins.

10. gr.

Starfsár og reikningsár er almanaksárið. Stjórnarmaður skal hafa lokið gerð ársreiknings og leggja hann fyrir endurskoðanda/skoðunarmann félagsins eigi síðar en einum mánuði fyrir aðalfund.

IX. kafli.  
Slið félags.

11. gr.

Félaginu skal sliðið þegar framlag ríkis og borgar til tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu rennur undir lok.

Þannig samþykkt í Reykjavík, 16. apríl 2013.

*Haraldur Guðmundsson*

## **9 ÁRSREIKNINGAR 2012, 2013 OG ÁRSHLUTAUPPGJÖR FYRIR FYRSTU SEX MÁNUÐI ÁRSINS 2014**

Þessi síða er vísitandi höfð auð.



# **Greiðslumiðlunin Hringur ehf**

**Ársreikningur 31. desember 2012**

## Efnisyfirlit

bls.

Skýrsla stjórnar .....	2
Áritun óháðs endurskoðenda .....	3
Rekstrarreikningur .....	4
Efnahagsreikningur .....	5
Yfirlit yfir breytingar á eigin fé .....	6
Sjóðstreymi .....	7
Skýringar .....	8 - 15

Greiðslumiðlunin Hringur ehf.  
Kennitala 470110-0740  
Austurbakka 2, 101 Reykjavík

## Skýrsla stjórnar

### Meginstarfsemi félagsins

Greiðslumiðlunin Hringur ehf. er hluti af samstæðu Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhús ohf. (Harpa ohf.) og hefur þann tilgang að taka lán til byggingar Tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu við Austurhöfn í Reykjavík og annast greiðslumiðlun lánsins í samræmi við samninga. Framlag ríkis og Reykjavíkurborgar vegna byggingar og fjármögnunar Hörpu gengur að öllu leyti til greiðslu á lántöku og er veðsett, á móti skuldum félagsins. Framlagið byggir á samningi um rekstur og starfsemi Hörpu þar sem Ríkissjóður Íslands og Reykjavíkurborg skuldinda sig til að greiða mánaðarlega framlag í 35 ár til Hörpu. Upphafsgreiðsla í mars 2011 og greiðslu lýkur árið 2046.

### Starfsemin á árinu

Það er álit stjórnar félagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í lok árs, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun félagsins, komi fram í ársreikningnum.

Varðandi fjárhagslega stöðu félagsins, framtíðarfjármögnun og viðskipti við tengda aðila vísast til skýringar nr. 7 í ársreikningnum.

### Jöfnun taps

Stjórnin vísar til ársreikningsins varðandi jöfnun taps.

### Eignaraðild

Í byrjun árs var Totus ehf. eini hluthafi félagsins. Totus sameinaðist móðurfélagi sínu Eignarhaldsfélaginu Portusi ehf. á miðju ári 2012. Nafni þess félags var síðan breytt í Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhús ohf., sem er því eigandi allra hluta í félaginu í árslok.


### Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar er ársreikningur félagsins saminn í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og gefa þeir að mati stjórnar glögga mynd af eignum og skuldum, fjárhagsstöðu og afkomu félagsins vegna ársins 2012.

Stjórn Greiðslumiðlunarinnar Hríngs ehf. og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2012 með áritun sinni.


Reykjavík, 29. apríl 2013.

Stjórn:



Halldór Guðmundsson, formaður

Framkvæmdastjóri:



Auður Arnadóttir

## Áritun óháðs endurskoðanda

### Til stjórnar og hluthafa Greiðslumiðlunarinnar Hrings ehf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Greiðslumiðlunarinnar Hrings ehf. fyrir árið 2012. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

#### Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

#### Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild og að ganga úr skugga um að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga.


Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

#### Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2012, efnahag þess 31. desember 2012 og breytingu á handbæru fé á árinu 2012, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar, komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum, sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 29. apríl 2013.

PricewaterhouseCoopers ehf



## Rekstrarreikningur ársins 2012

	Skýr	2012	2011
Aðkeypt þjónusta .....		(1.069.129)	(558.260)
Annar rekstrarkostnaður .....		<u>(291.482)</u>	<u>(72.527)</u>
<b>Rekstrartap</b>		<u>(1.360.611)</u>	<u>(630.787)</u>
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Hreinar fjármunatekjur (-fjármagnsgjöld) .....	2	<u>564.431</u>	<u>(55.394)</u>
		564.431	(55.394)
<b>Tap ársins</b>		<u><u>(796.180)</u></u>	<u><u>(686.181)</u></u>
Heildarafkoma (tap ársins) skiptist á eftirfarandi hátt:			
Eigendur félagsins .....		(796.180)	(686.181)

## Efnahagsreikningur 31. desember 2012

Eignir	Skýr	2012	2011
<b>Fastafjármunir</b>			
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Langtímakrafa á tengd félög .....	3,6	<u>16.921.358.595</u>	<u>16.525.845.095</u>
		16.921.358.595	16.525.845.095
<b>Veltufjármunir</b>			
Næsta árs afborgun langtímakröfu á tengd félög .....	3,6	298.447.420	272.721.085
Kröfur á tengd félög .....	6	24.381.103	47.829.675
Skammtímakröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....		113.624	14.075
Handbært fé .....		<u>102.460.789</u>	<u>56.301</u>
		425.402.936	320.621.136
<b>Eignir samtals</b>		<u><u>17.346.761.531</u></u>	<u><u>16.846.466.231</u></u>
		<b>2012</b>	<b>2011</b>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>			
Hlutfé .....	4	500.000	500.000
Ójafnað tap .....		<u>(1.322.406)</u>	<u>(526.226)</u>
		(822.406)	(26.226)
<b>Skuldir</b>			
Langtímaskuldir:			
Skuldir í íslenskum krónum .....		<u>16.921.358.595</u>	<u>16.525.845.095</u>
Skammtímaskuldir:			
Næsta árs afborgun af langtímaskuldum .....	5	298.447.420	272.721.085
Skuldir við tengd félög .....	6	103.396.819	738.577
Aðrar skammtímaskuldir .....		<u>24.381.103</u>	<u>47.187.700</u>
		426.225.342	320.647.362
<b>Skuldir samtals</b>		<u>17.347.583.937</u>	<u>16.846.492.457</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u><u>17.346.761.531</u></u>	<u><u>16.846.466.231</u></u>
Reikningsskilaaðferðir og mat	1, 2, 4		
Fjárhagsleg áhættustjórnun	3		
Aðrar upplýsingar	7 - 10		

## Yfirlit um breytingar á eigin fé frá 1. janúar til 31. desember 2012

	Hlutafé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
<b>Hreyfingar 2011:</b>			
Eigið fé í upphafi árs .....	500.000	159.955	659.955
Tap ársins .....		(686.181)	(686.181)
Staða í lok árs .....	<u>500.000</u>	<u>(526.226)</u>	<u>(26.226)</u>
 <b>Hreyfingar 2012:</b>			
Eigið fé í upphafi árs .....	500.000	(526.226)	(26.226)
Tap ársins .....		(796.180)	(796.180)
Staða í lok árs .....	<u>500.000</u>	<u>(1.322.406)</u>	<u>(822.406)</u>

## Sjóðstreymi 1. janúar til 31. desember 2012

	Skýr	2012	2011
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Tap ársins fyrir fjármagnsliði .....		(1.360.611)	(630.787)
Mótteknir vextir .....		1.312.974.683	889.354.863
Greiddir vextir .....		(1.312.410.252)	(889.410.257)
		564.431	(55.394)
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur .....		553.550	(371.271)
Hækkun rekstartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		(11.124)	709.712
		542.426	338.441
<b>Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)</b>		(253.754)	(347.740)
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>			
Lán til móðurfélags .....		0	(3.900.719.385)
Innborganir frá móðurfélagi .....		329.612.524	155.151.541
		329.612.524	(3.745.567.844)
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Tekin ný langtímalán .....		0	3.900.719.385
Afborganir langtímalána .....		(329.612.524)	(155.151.541)
Skammtímalán, breyting .....		102.658.242	0
		(226.954.282)	3.745.567.844
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>		102.404.488	(347.740)
Handbært fé í byrjun árs .....		56.301	404.041
<b>Handbært fé í árslok</b>		102.460.789	56.301



## Skýringar

### 1. Almennar upplýsingar

Greiðslumiðlunin Hringur ehf. er hluti af samstæðu Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf. og hefur þann tilgang að taka lán til byggingar Tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu við Austurhöfn í Reykjavík og annast greiðslu miðlun lánsins í samræmi við samninga.

Greiðslumiðlunin Hringur ehf. er með heimilisfesti á Íslandi. Heimilisfang er skráð að Austurbakka 2, 101 Reykjavík.

Félagið er hluti af samstæðu en móðurfélag þess er Harpa tónlistar- og ráðstefnuhús ohf., Austurbakka 2, 101 Reykjavík, Íslandi. Endanlegir eigendur Hrings ehf eru Ríkissjóður Íslands, 54%, og Reykjavíkurborg, 46%, í gegnum Hörpu ehf. Nánari upplýsingar um samstæðufélög er að finna í skýringu nr. 8.

Þessi ársreikningur var staðfestur af stjórn Greiðslumiðlunarinnar Hrings ehf. þann 29. apríl 2013.

### 2 Reikningsskilaaðferðir

#### 2.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur félagsins er í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu (ESB). Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsaðferð. Ársreikningurinn er birtur í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru í krónum.

Gerð reikningsskila í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að notað sé tiltekið reikningshaldslegt mat. Einnig er gerð sú krafa til stjórnenda að þeir leggi mat á ákveðin atriði í reikningsskilaaðferðum félagsins. Sérstaklega er greint frá mikilvægum matsaðferðum í skýringu nr. 4.

Ársreikningur fyrir árið 2011 var fyrsti ársreikningur félagsins sem gerður var í samræmi við Alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu. Upptaka félagsins á IFRS átti sér stað 1. janúar 2011, en fyrri ársreikningar voru gerðir í samræmi við lög um ársreikninga á Íslandi nr. 3/2006. Áhrif breytinganna á ársreikninga voru óverulegar og afkomuáhrif engin.

#### Aðrar breytingar á reikningsskilaaðferðum

Það voru engir IFRS staðlar eða túlkanir við IFRS sem tóku gildi þann 1. janúar 2012 eða eftir það ætla má að hafi veruleg áhrif á ársreikninginn. Félagið innleiddi ekki neina nýja eða breytta staðla eða túlkanir fyrir gildistíma sinn.

Eftirfarandi staðlar og túlkanir á gildandi stöðlum hafa verið gefnir út en höfðu ekki tekið gildi í upphafi reikningsársins þann 1. janúar 2012 og höfðu ekki verið innleiddir fyrir gildistíma sinn. Áhrif þessara nýju staðla á félagið hefur ekki verið metið.

Staðall/túlkun	Innihald	Gildistökufrími
IFRS 9	Fjármálagerningar: Flokkun og mat	1. janúar 2015
IFRS 10	Samstæðureikningsskil	1. janúar 2013
IFRS 11	Sameiginleg tilhögun	1. janúar 2013
IFRS 12	Skýringar við eignarhluti í öðrum fyrirtækjum	1. janúar 2013
IFRS 13	Mat á markaðsvirði	1. janúar 2013

## Skýringar

### 2.3 Starfsþættir

Starfsþáttur er skilgreindur sem aðgreinanlegur hluti í rekstri fyrirtækis sem aflar tekna og leggur út gjöld, og sem reiknuð er út rekstrarniðurstöðu fyrir sem stjórnendur félagsins yfirfara reglulega og nota til að taka ákvarðanir um það hvaða fjármuni á að leggja til starfsþáttarins, og meta í framhaldi af því fjárhagslegan árangur hans.

Félag sem er með verðbréf á opinberum hlutabréfamarkaði eða ætlar gefa út verðbréf sem verða þar í viðskiptum þurfa að aðgreina sína starfsþætti og birta starfsþáttaskýrslur í ársreikningi sínum. Greiðslumiðluninni Hringur ehf. hefur aðeins einn starfsþátt sem hægt er að aðgreina sérstaklega miðað við ofangreinda skilgreiningu, sem er að taka lán til byggingar Tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu við Austurhöfn í Reykjavík og annast greiðslumiðlun lánsins í samræmi við samninga. Því birtir félagið ekki sérstakt starfsþáttayfirlit þar sem stjórnendur félagsins skoða eingöngu niðurstöðu fyrir félagið í heild við ákvarðanir sínar.

### 2.4 Starfrækslugjaldmiðill og umreikningur

#### (a) Starfrækslugjaldmiðill og framsetningargjaldmiðill

Liðir í ársreikningnum eru metnir í gjaldmiðlum þess efnahagsmhverfis þar sem félagið starfar ("starfrækslugjaldmiðillinn"), sem er Ísland. Reikningsskilin eru því í íslenskum krónum sem er starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill félagsins.

#### (b) Umreikningur miðað við vísitölur

Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í ársbyrjun 2013. Áfallnar verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikningi.

#### (c) Viðskipti og stöður

Viðskipti í erlendum gjaldmiðli eru þýdd yfir í starfrækslugjaldmiðilinn á því gengi sem var á viðskiptadegi. Gengismunur sem verður til við að gera upp slík viðskipti og vegna þýðingar á peningalegum eignum og skuldum í erlendum gjaldmiðlum yfir á gengi í árslok er færður í rekstrarreikning, á gengismun meðal fjármagnsliða.

### 2.5 Fjáreignir

Samstæðan flokkar fjárfestingar sínar sem lán og viðskiptakröfur. Flokkunin fer eftir því í hvaða tilgangi fjárfestinganna var aflað. Stjórnendur ákvarða flokkun fjárfestinga þegar þær eru færðar í upphafi og endurmeta hana á sérhverjum reikningsskiladegi.

Lán og viðskiptakröfur eru fjáreignir sem ekki eru afleiður með föstum greiðslum eða greiðslum sem unnt er að ákvarða sem eru ekki skráðar á virkum markaði. Þær eru innifaldar í veltufjármunum, að undanskildum þeim sem eru með lengri binditíma en 12 mánuði eftir dagsetningu efnahagsreiknings. Slíkar fjáreignir eru flokkaðar sem fastafjármunir. Lán og viðskiptakröfur eru langtímakröfur, viðskiptakröfur og aðrar kröfur í efnahagsreikningi.

Kaup og sala fjárfestinga er færð á þeim viðskiptadegi sem samstæðan skuldbindur sig til að kaupa eða selja eignina. Fjárfestingar eru í upphafi færðar á gangvirði að viðbættum viðskiptakostnaði en þó ekki þær fjáreignir sem eru bókfærðar á gangvirði í rekstrarreikningi. Fjárfestingar eru færðar út þegar réttindi til að taka á móti sjóðstreymi vegna þeirra eru ekki lengur í gildi eða hafa verið yfirfærð eða samstæðan hefur yfirfært því sem næst alla áhættu og umbun vegna eignarhalds. Lán og viðskiptakröfur eru bókfærðar á afskrifuðu kostnaðarverði með því að nota aðferð virkra vaxta.

### 2.6 Virðisrýrnun krafna

Félagið metur á hverjum reikningsskiladegi hvort einhver hlutlæg merki séu um að virði lána og viðskiptakrafna hafi rýrnað. Virði lána og viðskiptakrafna er aðeins talið hafa rýrnað þegar fyrir liggja hlutlæg merki um virðisrýrnun vegna eins eða fleiri atburða sem orðið hafa eftir upphaflega skráningu eignarinnar („tapsatburður“) og slíkur eða slíkir atburðir hafa áhrif á framtíðarsjóðstreymi sem hægt er að áætla með áreiðanlegum hætti fyrir lán og viðskiptakröfur. Til hlutlægra merkja um rýrnun teljast greinanleg gögn um tapsatburði, svo sem verulegir fjárhagserfiðleikar lántakans, brot á samningi, eins og vanefnd afborgunar eða greiðslu vaxta eða höfuðstóls, einnig ef líklegt má teljast að lántakinn verði gjaldþrota eða þurfi að gangast undir fjárhagslega endurskipulagningu, eða gögn sýna mælanlega lækkan áætlaðs sjóðstreymis af safni af kröfum og lánnum frá upphaflegri tilurð þess jafnvel þó að enn sé ekki hægt að tengja lækkanina við einstakar kröfur eða lán í safninu, þar með taldar óhagstæðar breytingar á greiðslustöðu lántakenda í safninu eða almennt versnandi efnahagsleg skilyrði sem tengjast því safni lána.

## Skýringar

Félagið skilgreinir einstök mikilvæg lán og viðskiptakröfur og metur fyrst hvort hlutlæg merki séu um virðisrýmun þeirra, og metur síðan fyrir einstök eða mörg lán og kröfur sem ekki hafa verið skilgreind sem mikilvæg hvert fyrir sig. Ef félagið ákvarðar að engin hlutlæg merki séu um virðisrýmun fyrir mikilvæg lán og kröfur, telur hún það lán eða kröfu með safni lána eða krafna með svipaða útlánaáhættu og metur virðisrýmun þeirra saman. Einstakar mikilvægar eignir sem hafa fengið virðisrýmun eru ekki tekin með í sameiginlegu virðisrýmunarmati.

Ef fyrir eru hlutlæg merki um að virðisrýmunartap hafi orðið á útláni eða kröfum, er upphæð tapsins mismunurinn á bókfærðu verði eignarinnar og endurheimtanlegu virði hennar. Endurheimtanlegt virði er núvirði áætlaðs framtíðarsjóðsflæðis, núvirt með upprunalegum virkum vöxtum fjáreignarinnar. Bókfært virði eignarinnar er lækkað sem nemur virðisrýmuninni, með færslu á afskriftareikning og upphæð tapsins færð undir „Virðisrýmun útlána og krafna“ í rekstrarreikningi. Fyrir lán með breytilega vexti er notast við gildandi raunvexti við núvirðinguna til að ákvarða virðisrýmunartapið.

Fari svo, á síðara tímabili, að upphæð virðisrýmunartapsins lækki og ástæðu þess megi tengja hlutlægt við atvik sem varð eftir að upprunalega virðisrýmunin var skráð, þá er virðisrýmunartapinu sem áður var skráð snúið við með leiðréttingu á afskriftareikninginn. Upphæð leiðréttingarinnar er færð í rekstrarreikning undir „Virðisrýmun útlána og krafna“.

### 2.7 Jöfnun fjáreigna og fjárskulda

Fjáreignum og fjárskuldbindingum er jafnað saman og nettófjárhæðin færð í efnahagsreikning þegar, og aðeins þegar, til staðar er lagalegur réttur til jöfnunar og ætlunin er að gera upp á nettógrunni, eða innleysa eignina og gera skuldbindinguna upp samtímis.

### 2.8 Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar miðað við upphaflegan reikning að frádregnum niðurfærslum. Niðurfærslur viðskiptakrafna eru byggðar á mati á einstökum kröfum. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum félagsins.

### 2.9 Handbært fé og ígildi þess

Til handbærs fjár teljast sjóður, óbundnar bankainnistæður og skammtimafjárfestingar sem auðvelt er að skipta í reiðufé og eru með binditíma til þriggja mánaða eða skemur.

### 2.10 Eigið fé - hlutafé

Hlutafé er fært á nafnverði og yfirverði, ef slíkt er, á aðra varasjóði. Hlutafé í efnahagsreikningi samsvarar heildarhlutafé að frádregnu nafnverði eigin bréfa.

Viðbótarkostnaður sem rekja má beint til útgáfu nýrra hluta eða vilnunar er sýndur í eigin fé sem frádráttur frá andvirði útgáfunnar. Viðbótarkostnaður sem rekja má beint til útgáfu nýrra hluta eða vilnunar vegna yfirtöku á fyrirtæki er talinn með í kostnaðarverði yfirtökunnar sem hluti af kaupverði.

Ef eigið hlutafé félagsins (eigin hlutir) er keypt, þá er endurgjaldið, sem greitt er að meðöldum öllum viðbótarkostnaði, sem rekja má beint til kaupanna, dregið frá eigin fé. Ef þessir hlutir eru síðan seldir, endurútgefnir eða ráðstafað á annan hátt, er það endurgjald sem móttakið er fært á eigið fé, að frádregnum öllum viðbótarkostnaði sem rekja má til viðskiptanna.

### 2.11 Lántaka

Lántaka er í upphafi færð á gangvirði. Vextir, gengismunur og verðbætur færast í rekstrarreikning með aðferð virkra vaxta. Lántökukostnaður er eignfærður við lántöku og gjaldfærður eftir lánstíma.

Lántaka er flokkuð meðal skammtímaskulda nema samstæðan hafi óskilyrtan rétt til að fresta uppgjöri skuldarinnar í a.m.k. 12 mánuði eftir dagsetningu reikningsskíla.

### 2.12 Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru í upphafi færðar á gangvirði, og síðar á afskrifuðu kostnaðarvirði með aðferð virkra vaxta. Viðskiptaskuldir eru skuldbindingar til að greiða vörur eða þjónustu sem hafa verið keyptar nota í hefðbundnum rekstri félagsins. Viðskiptaskuldir eru flokkaðar sem skammtímaskuldir ef ætlað er að þær verði greiddar innan árs.

## Skýringar

### 2.13 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu skuldabréfaeignar og áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnistæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

### 3. Fjárhagsleg áhættustjórnun

Stjórn félagsins ber ábyrgð á að innleiða og hafa eftirlit með áhættustýringu þess. Stjórnin hefur falið framkvæmdastjóra umsjón með daglegri áhættustýringu félagsins.

#### (a) Útlánaáhætta

Útlánaáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi félagsins ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar. Lánsáhætta félagsins er einkum vegna langtímakröfu á tengt félag, Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhús ohf. Greiðsla þeirrar kröfu tengist að öllu leyti innlausn framlags frá íslenska ríkinu og Reykjavíkurborg vegna Hörpu á grundvelli samnings til 35 ára og er mótaðilaáhætta því í raun tengd ríki og Reykjavíkurborg

Félagið metur tapsáhættu langtímakröfur og annarra krafna og færir niðurfærslu á móti mögulegu tapi slíkra krafna ef slíkt á við.

Mesta mögulega tap vegna lánsáhættu án tillits til veða er bókfært verð allra fjáreigna félagsins.

#### (b) Lausafjárahætta

Lausafjárahætta er hættan á því að fyrirtækið geti ekki staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar eftir því sem þær gjaldfalla. Fjárhagsskuldbindingar félagsins felast fyrst og fremst í langtímaláni þess, en samningar fyrirtækisins um langtímakröfuna ganga út frá að alltaf sé til laust fé til greiðslu skuldarinnar. Fyrir liggur samningur til 35 ára við Ríkissjóð Íslands og Reykjavíkurborg um framlög sem ganga til greiðslu langtímalánsins.

Taflan hér að neðan greinir skuldir félagsins í flokka eftir gjalddögum þeirra. Fjárhæðir í töflunni vegna greiðslustreymis eru ónúvirtar samningsbundnar greiðslur afborgana og vaxta. Skuldir á gjalddaga innan 12 mánaða frá dagsetningu efnahagsreiknings eru á bókfærðu verði þar sem áhrif núvirðingar eru óveruleg. Fjárhæðir eru í þús. króna.

Staða 31. desember 2012	Bókf. verð	Greitt innan	Greitt eftir	Samtals
		12 mán.	12 mán.	
Langtímaskuldir .....	17.219.806	905.853	28.116.630	29.022.483
Skuldir við tengd félög .....	103.397	103.397	0	103.397
Aðrar skammtímaskuldir .....	24.381	24.381	0	24.381
	<b>17.347.584</b>	<b>1.033.631</b>	<b>28.116.630</b>	<b>29.150.261</b>
Staða 31. desember 2011	Bókf. verð	Greitt innan	Greitt eftir	Samtals
		12 mán.	12 mán.	
Langtímaskuldir .....	16.798.566	895.530	29.552.491	30.448.021
Skuldir við tengd félög .....	739	739	0	739
Aðrar skammtímaskuldir .....	47.188	47.188	0	47.188
	<b>16.846.492</b>	<b>943.456</b>	<b>29.552.491</b>	<b>30.495.947</b>

Við þá endurfjármögnun sem lýst er í skýringu nr. 7 mun framtíðargreiðslubyrði félagsins af langtímaskuldum breytast. Langtímakrafa í efnahagsreikningi mun innleysast með sama hætti.

## Skýringar

Taflan hér að neðan greinir framlag til fjármögnunar Hörpu frá Ríkissjóði Íslands og Reykjavíkurborg. Fjárhæðir eru ónúvirtar m.v. verðlag í lok árs 2012. Fjárhæðir í þús. króna.

Staða 31. desember 2012	Bókf. verð	Greitt innan	Greitt eftir	Samtals
		12 mån.	12 mån.	
Framlag frá Ríkissjóði og Reykjavíkurborg .....	982.748	1.004.282	33.308.680	34.312.962
<b>Staða 31. desember 2011</b>				
Framlag frá Ríkissjóði og Reykjavíkurborg .....	794.023	963.930	32.934.278	33.898.208

### (c) Vaxtaáhætta

Félagið býr við vaxtaáhættu af lántökum vegna breytilegra vaxta frá febrúar 2012 til apríl 2013. Við breytingu á fjármögnun úr sambankaláni í skuldabréfaútboð býr samstæðan ekki við sérstaka vaxtaáhættu af lántökum þar sem nýja fjármögnunin er með föstum vöxtum. Félagið býr ennig við verðtryggingaráhættu af lántökum vegna vísitölutengingar, en að teknu tilliti til að framlag frá ríki og borg er einnig vísitölutryggt þá er nettó áhætta af verðtryggingu engin.

### (d) Gjaldmiðlaáhætta

Félagið býr ekki við gjaldmiðlaáhættu af lántökum þar sem öll núverandi lán félagsins eru í íslenskum krónum.

### 3.1 Áhættustjórnun fjármögnunar

Markmið félagsins við stjórnun fjármögnunar er að tryggja að framlög ríkisins og Reykjavíkurborgar standi undir afborgunum og vöxtum af lántökum. Ekki er ætlast til að félagið skili arðsemi til hluthafa.

Fjármögnun samstæðunnar sundurliðast með eftirfarandi hætti:

	2.012	2.011
Lántökur .....	16.921.359	16.525.845
Frádrægið: handbært fé .....	(102.461)	(56)
Lántökur nettó .....	16.818.898	16.525.789
Eigið fé .....	(822)	(26)
Fjármögnun samtals .....	16.818.075	16.525.763

## 4. Mikilvægt reikningshaldslegt mat

Sífelld er verið að meta liði og byggir matið á skoðunum, reynslu fortíðar og öðrum þáttum, þ.m.t. framtíðarvæntingum sem álitid er að séu rökréttar miðað við aðstæður.

Félagið leggur mat á þætti er varða reikningsskilin og gefur sér forsendur varðandi framtíðina. Eðli máls samkvæmt getur raunveruleg niðurstaða orðið önnur en gefnar forsendur.

Við núverandi aðstæður eru engir matskenndir liðir í ársreikningi félagsins sem geta falið áhættu á verulegrí skekkju í mati á eignum og skuldum í reikningsskilum félagsins. Núverandi aðstæður byggjast á mati á mótaðilaáhættu á Ríkissjóði Íslands og Reykjavíkurborg.

## Skýringar

### 2. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

	2012	2011
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:		
Vaxtatekjur af greiðslumiðlun innan samstæðu .....	1.289.609.687	965.042.032
Vaxtatekjur af bankareikningi og öðrum vaxtaberandi eignum .....	569.523	74.056
Vaxtagjöld af sambankaláni .....	(1.289.609.687)	(965.042.032)
Dráttarvextir .....	(5.092)	(129.450)
	<u>564.431</u>	<u>(55.394)</u>

### 3. Langtímakröfur á tengd félög

Langtímakrafa á tengd félög er krafa á móðurfélagið Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhús ohf. Krafan endurspeglar langtímaskuld félagsins, en félagið hefur fengið sambankalán til fjármögnunar á Tónlistar- og ráðstefnuhúsi við Austurhöfn í Reykjavík. Lánið er endurlánað til Hörpu og eru kjör á milli félaga þau sömu og á sambankaláninu.

	2012	2011
Krafan kemur þannig fram í efnahagsreikningi:		
Afborganir næstu 12 mánaða, færðar meðal skammtímakrafna .....	298.447.420	272.721.085
Afborganir með gjalddaga eftir eitt ár eða síðar .....	16.921.358.595	16.525.845.095
	<u>17.219.806.015</u>	<u>16.798.566.180</u>

### 4. Hlutafé

Hlutir eru 500 þúsund, hver að virði 1 króna. Allt hlutafé er í eigu Hörpu tónlistar og ráðstefnuhúss ohf. og er að fullu greitt.

### 5. Langtímaskuldir

	2012	2011
Skuldir í íslenskum krónum:		
Verðtryggðar skuldir vextir 3,17% - 3,92% .....	17.333.254.695	16.916.707.855
	<u>17.333.254.695</u>	<u>16.916.707.855</u>
Lántökukostnaður færður til gjalda á líftíma láns .....	(113.448.680)	(118.141.675)
Langtímaskuldir samtals .....	<u>17.219.806.015</u>	<u>16.798.566.180</u>

Afborganir af langtímaskuldum félagsins í lok árs greinast þannig á næstu ár:

Árið 2013 .....	298.447.420
Árið 2014 .....	317.739.968
Árið 2015 .....	337.994.689
Árið 2016 .....	359.254.853
Árið 2017 .....	381.565.572
Síðar .....	15.524.803.513
	<u>17.219.806.015</u>

## Skýringar

### 5. Langtímaskuldir, frh.

Langtímaskuldir samtals 17.220 milljónir króna, koma þannig fram í efnahagsreikningi:

Afborganir næstu 12 mánaða, færðar meðal skammtímaskulda .....	298.447.420
Afborganir með gjalddaga eftir eitt ár eða síðar .....	16.921.358.595
	<u>17.219.806.015</u>

Langtímaskuld að fjárhæð 17.220 milljónir króna er sambankalán og eru þrjár stærstu viðskiptabankarnir á Íslandi lánveitendur, lánið er til 35 ára. Samkvæmt skilmálum lánsins var lánið óverðtryggt til 15. febrúar 2012, en frá þeim tíma er lánið verðtryggt með vísitölu neysluverðs og breytilegum vöxtum. Lánið er jafngreiðslulán (annuity lán), sem felur í sér að afborgun nafnverðs fer vaxandi eftir því sem líður á lánstímann. Áætluð afborgun næsta árs er 299 milljón króna, en áætluð heildargreiðsla með vöxtum og verðbótum er áætluð 906 milljónir króna.

Samanber upplýsingar í skýringu nr. 7 þá var á yfirstandandi ári gengið frá endurfjármögnun sambankaláns með verðtryggðri skuldabréfaútgáfu með föstum vöxtum að fjárhæð 19.500 milljónir króna. Endurgreiðslubyrði til framtíðar mun við skuldabréfaútgáfu breytast. Krafa á tengda aðila mun að sama skapi breytast.

### 6. Viðskipti við tengda aðila

Tengdir aðilar félagsins eru móðurfélag, stjórn félagsins, framkvæmdastjóri, nánir fjölskyldumeðlimir fyrrgreindra aðila og aðilar sem hafa umtalsverð áhrif sem stórir hluthafar í félaginu. Þessi skilgreining er byggð á settum reikningsskilareglum. Eftirfarandi viðskipti voru við móðurfélagið Hörpu á árinu:

	2012	2011
Vaxtatekjur (móðurfélagið Harpa) .....	1.289.609.687	965.042.032
Langtímakrafa á tengd félög (Harpa) .....	16.921.358.595	16.525.845.095
Næsta árs afborgun langtímakröfu á tengd félög (Harpa) .....	298.447.420	272.721.085
Langtímakrafa samtals .....	<u>17.219.806.015</u>	<u>16.798.566.180</u>
Kröfur á tengd félög, áfallnir vextir af langtímakröfu (Harpa) .....	24.381.103	47.176.575
Kröfur á tengda aðila (Austurhöfn-TR ehf.) .....	0	653.100
Skammtímarköfur á tengda aðila samtals .....	24.381.103	47.829.675
Kröfur á tengda aðila samtals .....	17.244.187.118	16.846.395.855
Skuldir við tengda aðila í árslok (Harpa) .....	103.396.819	738.577
<i>Hreyfingar á kröfum á tengda aðila á árinu</i>		
Lán til tengdra aðila, staða í upphafi árs .....	16.798.566.180	12.447.923.087
Ný langtímalán á árinu .....	0	4.623.936.308
Greiddar afborganir .....	(338.537.175)	(155.151.541)
Reiknaðir vextir, 3,17% - 3,92% ásamt verðtryggingu .....	1.289.609.687	983.633.959
Greiddir vextir .....	(510.144.569)	(936.457.383)
Dreifing lántökukostnaðar .....	4.692.995	(118.141.675)
Aðrar lánveitinar til tengdra (Austurhöfn-TR ehf.) .....	0	653.100
Lán til tengdra aðila, staða í lok árs .....	<u>17.244.187.118</u>	<u>16.846.395.855</u>

Engar launagreiðslur eða greiðslur fyrir stjórnarsetu voru á árinu.

## Skýringar

### 7. Aðrar upplýsingar

#### Veðsetningar

Á byggingu móðurfélags, Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss við Austurhöfn í Reykjavík, hvíla þinglýst veð og skuldbindingar til tryggingar skuldum Hríngs og annarra félaga innan samstæðu. Skuldir Hríngs voru að uppgreiðsluvirði um 17,2 milljarðar kr. í árslok 2012. Til tryggingar eru þinglýst tryggingarbréf með veði í byggingunni, Tónlistarhús 01-0101. Nafnverð tryggingarbréfa nemur 18,7 milljörðum króna. Tryggingarbréf er bundið vísitölu neysluverðs og nemur framreiknað verð til ársloka 22,3 milljörðum króna. Auk þess eru mánaðarleg framlög frá íslenska ríkinu og Reykjavíkurborg sett að veði til tryggingar á láni.

### 8. Skattamál

Félagið greiðir engan tekjuskatt vegna reksturs ársins 2012. Yfirfæranlegt tap félagsins nam í árslok 1.447 þús. króna og er nýtanlegt til ársins 2022.

Hagræði vegna skattalegs taps er ekki eignfært vegna óvissu um nýtingu.

Ójafnað rekstrartap í lok árs 2012 greinist þannig:

Tap ársins 2011, nýtanlegt til ársloka 2021 .....	668.281
Tap ársins 2011, nýtanlegt til ársloka 2022 .....	778.980
	<u>1.447.261</u>

### 9. Fjárhagsleg staða og endurfjármögnun

Á árinu 2012 samþykkti félagið, sem er félag innan samstæðu Hörpu, tilboð Landsbanka Íslands hf. um útboð og sölu á skuldabréfum ásamt sölutryggingu. Heildarfjárhæð skuldabréfaflokksins sem gefinn er út vegna þessa er að hámarki 19,5 milljarðar króna. Andvirði skuldabréfaútboðsins verður nýtt til greiðslu sambankaláns. Skuldabréfaútgáfa sem gengið var frá í apríl 2013 leiðir til þess að árleg greiðslubyrði vaxta og afborgunar mun breytast. Höfuðstóll skuldabréfanna er verðtryggður miðað við vísitölu neysluverðs og skuldabréfin bera 3,55% fasta vexti. Afborganir vaxta og höfuðstóls verða jafnar (annuitet), og greiðast 12 sinnum á ári í um 33 ár. Fyrsti gjalddagi er í maí 2013. Síðasti gjalddagi er þann 15. febrúar 2046. Skuldabréfin verða tryggð með veði í framlagi ríkis og borgar, fyrsta veðrétti í tónlistar- og ráðstefnuhúsinu Hörpu auk handveðsréttar í bankainnstæðum félagsins.

Endurfjármögnun samkvæmt skuldabréfaútboði ásamt óafturkræfu og skilyrðislausu framlagi ríkisins og Reykjavíkurborgar leiðir til þess að félagið getur staðið við skuldbindingar sínar.

### 10. Samstæða

Greiðslumiðlunin Hringur ehf. er hluti af samstæðu Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf. Eftirfarandi félög eru innifalin í samstæðu Hörpu ohf. í lok árs 2012.

Nafn	Lögheimili	Eignarhlú	Starfsemi
<i>Móðurfélag:</i>			
Harpa tónlistar- og ráðstefnuhús ohf	Reykjavík		Eignarhald fasteignar og rekstur
<i>Dótturfélög:</i>			
Greiðslumiðlunin Hringur ehf. ....	Reykjavík	100,0%	Lántaka vegna byggingar
Rekstrarfélagið Stæði slhf. ....	Reykjavík	77,1%	Rekstur bilastæðahúss



# **Greiðslumiðlunin Hringur ehf**

**Ársreikningur 31. desember 2013**

## Efnisyfirlit

bls.

Skýrsla stjórnar .....	2
Áritun óháðs endurskoðenda .....	3
Rekstrarreikningur .....	4
Efnahagsreikningur .....	5
Yfirlit yfir breytingar á eigin fé .....	6
Sjóðstreymi .....	7
Skýringar .....	8 - 15

Greiðslumiðlunin Hringur ehf.  
Kennitala 470110-0740  
Austurbakka 2, 101 Reykjavík

## Skýrsla stjórnar

### Meginstarfsemi félagsins

Greiðslumiðlunin Hringur ehf. er hluti af samstæðu Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf. og hefur þann tilgang að gefa út skuldabréfaflokk vegna byggingar tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu við Austurhöfn í Reykjavík og annast mánaðarlegar afborganir af útgefnum skuldabréfum í samræmi við ákvæði samnings um rekstur og starfsemi Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss. Framlag ríkis og Reykjavíkurborgar vegna byggingar og fjármögnunar Hörpu gengur til greiðslu á lántöku og er veðsett, á móti skuldum félagsins. Framlagið byggir á samningi um rekstur og starfsemi Hörpu þar sem Ríkissjóður Íslands og Reykjavíkurborg skuldbinda sig til að greiða mánaðarlega framlag í 35 ár til Hörpu. Upphafsgreiðsla var í mars 2011 og greiðslu lýkur árið 2046.

### Starfsemin á árinu

Á miðju árinu 2013 seldi félagið skuldabréf að nafnverði 19.500 milljónum króna og var gengi þess 100,9 og greiddi upp eldra sambankalán. Félagið lánaði sömu fjárhæð til móðurfélags síns, Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf.

Það er álit stjórnar félagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í lok árs, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun félagsins, komi fram í ársreikningnum.

Varðandi fjárhagslega stöðu félagsins, framtíðarfjármögnun og viðskipti við tengda aðila visast til skýringar nr. 9 og 7 í ársreikningnum.

### Jöfnun taps

Stjórnin vísar til ársreikningsins varðandi jöfnun taps.

### Eignaraðild

Harpa tónlistar- og ráðstefnuhús ohf. er eigandi alls hlutfjár bæði í upphafi og lok ársins.

### Fjárhagsleg áhættustjórnun

Félagið hefur sett sér markmið og stefnu gagnvart áhættustýringu. Nánar er vísað til skýringar nr. 3.

### Stjórnunarhættir

Stjórn félags innan samstæðu Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss leitast við að viðhalda góðum stjórnunarháttum og að fylgja „Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja“ sem Viðskiptaráð Íslands, NASDAQ OMX Iceland og Samtök atvinnulífsins gáfu út 2012. Stjórn Hörpu hefur sett sér starfsreglur þar sem valdsvið hennar er skilgreint og verksvið gagnvart framkvæmdastjóra. Í þessum reglum er meðal annars að finna reglur um fundarsköp, reglur um þagnarskyldu, upplýsingagjöf framkvæmdastjóra gagnvart stjórn og fleira. Stjórn félagsins ákveður starfskjör framkvæmdastjóra og hittir endurskoðendur reglulega.

### Yfirlýsing stjórnar


Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar er ársreikningur félagsins saminn í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla og ákvæði ársreikningalaga nr. 3/2006 og gefa þeir að mati stjórnar glögga mynd af eignum og skuldum, fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu félagsins vegna ársins 2013.

Samkvæmt mati stjórnar felst í ársreikningi og skýrslu stjórnar glögg yfirlit yfir þróun og árangur í rekstri félagsins, stöðu þess á árinu 2013 ásamt því að gerð er grein fyrir helstu áhættu- og óvissuþáttum sem félagið stendur frammi fyrir.


Stjórn Greiðslumiðlunarinnar Hrings ehf. og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2013 með áritun sinni.

Reykjavík, 31. mars 2014.

Stjórn:

  
Halldór Guðmundsson, formaður

Framkvæmdastjóri:

  
Auður Arnadóttir

## Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Greiðslumiðlunarinnar Hrings ehf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Greiðslumiðlunarinnar Hrings ehf. fyrir árið 2013. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

### Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

### Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild og að ganga úr skugga um að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga.


Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2013, efnahag þess 31. desember 2013 og breytingu á handbæru fé á árinu 2013, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar, komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum, sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 31. mars 2014.

PricewaterhouseCoopers ehf



## Rekstrarreikningur og yfirlit yfir heildarafkomu 2013

	Skýr	2013	2012
<b>Rekstragjöld</b>			
Aðkeypt þjónusta .....		(1.277)	(1.069)
Annar rekstrarkostnaður .....		(19)	(291)
<b>Rekstrartap</b>		<u>(1.296)</u>	<u>(1.361)</u>
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Hreinar fjármunatekjur (-fjármagnsgjöld) .....	4	<u>1.092</u>	<u>564</u>
		1.092	564
<b>Heildarafkoma ársins</b>		<u>(204)</u>	<u>(796)</u>
Heildarafkoma (tap ársins) skiptist á eftirfarandi hátt:			
Eigendur félagsins .....		(204)	(796)

## Efnahagsreikningur 31. desember 2013

Eignir	Skýr	2013	2012
<b>Fastafjármunir</b>			
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Langtímakrafa á tengd félög .....	5, 7	<u>19.288.869</u>	<u>16.921.359</u>
		19.288.869	16.921.359
<b>Veltufjármunir</b>			
Næsta árs afborgun langtímakröfu á tengd félög .....	5, 7	322.288	298.447
Kröfur á tengd félög .....	7	29.004	24.381
Skammtímakröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....		222	114
Handbært fé .....		<u>12.006</u>	<u>102.461</u>
		363.520	425.403
<b>Eignir samtals</b>		<u><u>19.652.389</u></u>	<u><u>17.346.762</u></u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>		<b>2013</b>	<b>2012</b>
<b>Eigið fé</b>			
Hlutfé .....		500	500
Ójafnað tap .....		<u>(1.526)</u>	<u>(1.322)</u>
		(1.026)	(822)
<b>Skuldir</b>			
Langtímaskuldir:			
Skuldir í íslenskum krónum .....	6	<u>19.288.869</u>	<u>16.921.359</u>
Skammtímaskuldir:			
Næsta árs afborgun af langtímaskuldum .....	6	322.288	298.447
Skuldir við tengd félög .....	7	13.254	103.397
Aðrar skammtímaskuldir .....		<u>29.004</u>	<u>24.381</u>
		364.546	426.225
<b>Skuldir samtals</b>		19.653.415	17.347.584
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u><u>19.652.389</u></u>	<u><u>17.346.762</u></u>
Reikningsskilaaðferðir og mat	1, 2, 4		
Fjárhagsleg áhættustjórnun	3		
Aðrar upplýsingar	7 - 9		

## Yfirlit um breytingar á eigin fé frá 1. janúar til 31. desember 2013

	Hlutfé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
<b>Hreyfingar 2012:</b>			
Eigið fé í upphafi árs .....	500	(526)	(26)
Tap ársins .....		(796)	(796)
Staða í lok árs .....	<u>500</u>	<u>(1.322)</u>	<u>(822)</u>
 <b>Hreyfingar 2013:</b>			
Eigið fé í upphafi árs .....	500	(1.322)	(822)
Tap ársins .....		(204)	(204)
Staða í lok árs .....	<u>500</u>	<u>(1.526)</u>	<u>(1.026)</u>

Hlutfé félagsins er að nafnverði 500.000 krónur. Hver hlutur er að fjárhæð ein króna. Eitt atkvæði fylgir hverri krónu. Allt útgefið hlutfé hefur verið greitt.

## Sjóðstreymi 1. janúar til 31. desember 2013

	Skýr	2013	2012
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé til rekstrar:			
Tap ársins fyrir fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....		(1.296)	(1.361)
Mótteknir vextir .....		1.012.207	519.634
Greiddir vextir .....		(1.011.115)	(519.069)
		1.092	564
(Hækkun) lækkun rekstartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur .....		(108)	554
Lækkun rekstartengdra skulda:			
Skammtímaskuldur .....		0	(11)
		(108)	542
<b>Handbært fé til rekstrar</b>		<b>(312)</b>	<b>(254)</b>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>			
	9, 5, 7		
Nýtt lán til móðurfélags .....		(19.503.035)	0
Uppgreiðsla á eldra láni .....		17.240.273	0
Innborganir frá móðurfélagi .....		306.301	329.613
		(1.956.461)	329.613
<b>Fjármögnunahreyfingar</b>			
Andvirði útgáfu skuldabréfa .....	9, 6	19.503.035	0
Uppgreiðsla sambankaláns .....	9, 6	(17.240.273)	0
Afborganir langtímalána .....	9, 6	(306.301)	(329.613)
Skammtímalán, breyting .....	7	(90.142)	102.658
		1.866.319	(226.954)
<b>(Lækkun) hækkun á handbæru fé</b>		<b>(90.454)</b>	<b>102.404</b>
Handbært fé í byrjun árs .....		102.461	56
<b>Handbært fé í árslok</b>		<b>12.006</b>	<b>102.461</b>



## Skýringar

### 1. Almennar upplýsingar

Greiðslumiðlunin Hringur ehf. er hluti af samstæðu Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf. og hefur þann tilgang að gefa út skuldabréfablokk vegna byggingar tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu við Austurhöfn í Reykjavík og annast mánaðarlegar afborganir af útgefnum skuldabréfum í samræmi við ákvæði samnings um rekstur og starfsemi Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss.

Greiðslumiðlunin Hringur ehf. er með heimilisfesti á Íslandi. Heimilisfang er skráð að Austurbakka 2, 101 Reykjavík.

Félagið er hluti af samstæðu en móðurfélag þess er Harpa tónlistar- og ráðstefnuhús ohf., Austurbakka 2, 101 Reykjavík, Íslandi. Endanlegir eigendur Hrings ehf eru Ríkissjóður Íslands, 54%, og Reykjavíkurborg, 46%, í gegnum Hörpu ehf. Nánari upplýsingar um samstæðufélög er að finna í skýringu nr. 7.

Þessi ársreikningur var staðfestur af stjórn Greiðslumiðlunarinnar Hrings ehf. þann 31. mars 2014.

### 2 Reikningsskilaaðferðir

#### 2.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur félagsins er í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu (ESB). Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsaðferð. Ársreikningurinn er birtur í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru í íslenskum krónum.

Gerð reikningsskila í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að notað sé tiltekið reikningshaldslegt mat. Einnig er gerð sú krafa til stjórnenda að þeir leggi mat á ákveðin atriði í reikningsskilaaðferðum félagsins. Sérstaklega er greint frá mikilvægum matsaðferðum í skýringu nr. 4.

Ársreikningur fyrir árið 2011 var fyrsti ársreikningur félagsins sem gerður var í samræmi við Alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu. Upptaka félagsins á IFRS átti sér stað 1. janúar 2011, en fyrri ársreikningar voru gerðir í samræmi við lög um ársreikninga á Íslandi nr. 3/2006. Áhrif breytinganna á ársreikninga voru óverulegar og afkomuáhrif engin.

#### Breytingar á reikningsskilaaðferðum

Það voru engir IFRS staðlar eða túlkanir við IFRS sem tóku gildi þann 1. janúar 2013 eða eftir það, sem ætla má að hafi veruleg áhrif á ársreikninginn. Félagið innleiddi ekki neina nýja eða breytta staðla eða túlkanir fyrir gildistíma sinn.

#### 2.3 Starfsþættir

Starfsþáttur er skilgreindur sem aðgreinanlegur hluti í rekstri fyrirtækis sem aflar tekna og leggur út gjöld, og sem reiknuð er út rekstrarniðurstöðu fyrir sem stjórnendur félagsins yfirfara reglulega og nota til að taka ákvarðanir um það hvaða fjármuni á að leggja til starfsþáttarins, og meta í framhaldi af því fjárhagslegan árangur hans.

Félag sem er með verðbréf á opinberum hlutabréfamarkaði eða ætlar gefa út verðbréf sem verða þar í viðskiptum þurfa að aðgreina sína starfsþætti og birta starfsþáttaskýrslur í ársreikningi sínum. Greiðslumiðluninni Hringur ehf. hefur aðeins einn starfsþátt sem hægt er að aðgreina sérstaklega miðað við ofangreinda skilgreiningu, sem er að taka lán til byggingar Tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu við Austurhöfn í Reykjavík og annast greiðslumiðlun lánsins í samræmi við samninga. Því birtir félagið ekki sérstakt starfsþáttayfirlit þar sem stjórnendur félagsins skoða eingöngu niðurstöðu fyrir félagið í heild við ákvarðanir sínar.

#### 2.4 Starfrækslugjaldmiðill og umreikningur

##### (a) Starfrækslugjaldmiðill og framsetningargjaldmiðill

Liðir í ársreikningnum eru metnir í gjaldmiðlum þess efnahagssumhverfis þar sem félagið starfar ("starfrækslugjaldmiðillinn"), sem er Ísland. Reikningsskilin eru því í íslenskum krónum sem er starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill félagsins.

##### (b) Umreikningur miðað við vísitölur

## Skýringar

Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í ársbyrjun 2014. Áfallnar verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikningi.

### (c) Viðskipti og stöður

Viðskipti í erlendum gjaldmiðli eru þýdd yfir í starfrækslugjaldmiðilinn á því gengi sem var á viðskiptadegi. Gengismunur sem verður til við að gera upp slík viðskipti og vegna þýðingar á peningalegum eignum og skuldum í erlendum gjaldmiðlum yfir á gengi í árslok er færður í rekstrarreikning, á gengismun meðal fjármagnsliða.

### 2.5 Fjáreignir

Samstæðan flokkar fjárfestingar sínar sem lán og viðskiptakröfur. Flokkunin fer eftir því í hvaða tilgangi fjárfestinganna var aflað. Stjórnendur ákvarða flokkun fjárfestinga þegar þær eru færðar í upphafi og endurmeta hana á sérhverjum reikningsskiladegi.

Lán og viðskiptakröfur eru fjáreignir, sem ekki eru afleiður, með föstum greiðslum eða greiðslum sem unnt er að ákvarða sem eru ekki skráðar á virkum markaði. Þær eru innifaldar í veltufjármunum, að undanskildum þeim sem eru með lengri binditíma en 12 mánuði eftir dagsetningu efnahagsreiknings. Slíkar fjáreignir eru flokkaðar sem fastafjármunir. Lán og viðskiptakröfur eru langtímakröfur, viðskiptakröfur og aðrar kröfur í efnahagsreikningi.

Kaup og sala fjárfestinga er færð á þeim viðskiptadegi sem samstæðan skuldbindur sig til að kaupa eða selja eignina. Fjárfestingar eru í upphafi færðar á gangvirði að viðbættum viðskiptakostnaði en þó ekki þær fjáreignir sem eru bókfærðar á gangvirði í rekstrarreikningi. Fjárfestingar eru færðar út þegar réttindi til að taka á móti sjóðstreymi vegna þeirra eru ekki lengur í gildi eða hafa verið yfirfærð eða samstæðan hefur yfirfært því sem næst alla áhættu og umbun vegna eignarhalds. Lán og viðskiptakröfur eru bókfærðar á afskrifuðu kostnaðarverði með því að nota aðferð virkra vaxta.

### 2.6 Virðisrýrnun lána og krafna

Félagið metur á hverjum reikningsskiladegi hvort einhver hlutlæg merki séu um að virði lána og viðskiptakrafna hafi rýrnað. Virði lána og viðskiptakrafna er aðeins talið hafa rýrnað þegar fyrir liggja hlutlæg merki um virðisrýrnun vegna eins eða fleiri atburða sem orðið hafa eftir upphaflega skráningu eignarinnar („tapsatburður“) og slíkur eða slíkir atburðir hafa áhrif á framtíðarsjóðstreymi sem hægt er að áætla með áreiðanlegum hætti fyrir lán og viðskiptakröfur. Til hlutlægra merkja um rýrnun teljast greinanleg gögn um tapsatburði, svo sem verulegir fjárhagserfiðleikar lántakans, brot á samningi, eins og vanefnd afborgunar eða greiðslu vaxta eða höfuðstóls, einnig ef líklegt má teljast að lántakinn verði gjaldþrota eða þurfi að gangast undir fjárhagslega endurskipulagningu, eða gögn sýna mælanlega lækun áætlaðs sjóðstreymis af safni af kröfum og lánnum frá upphaflegri tilurð þess jafnvel þó að enn sé ekki hægt að tengja lækunina við einstakar kröfur eða lán í safninu, þar með taldar óhagstæðar breytingar á greiðslustöðu lántakenda í safninu eða almennt versnandi efnahagsleg skilyrði sem tengjast því safni lána.

Félagið skilgreinir einstök mikilvæg lán og viðskiptakröfur og metur fyrst hvort hlutlæg merki séu um virðisrýrnun þeirra, og metur síðan fyrir einstök eða mörg lán og kröfur sem ekki hafa verið skilgreind sem mikilvæg hvert fyrir sig. Ef félagið ákvarðar að engin hlutlæg merki séu um virðisrýrnun fyrir mikilvæg lán og kröfur, telur hún það lán eða kröfu með safni lána eða krafna með svipaða útlánaáhættu og metur virðisrýrnun þeirra saman. Einstakar mikilvægar eignir sem hafa fengið virðisrýrnun eru ekki teknar með í sameiginlegu virðisrýrnunarmati, safna lána og krafna.

Ef fyrir eru hlutlæg merki um að virðisrýrnunartap hafi orðið á útláni eða kröfum, er upphæð tapsins mismunurinn á bókfærðu verði eignarinnar og endurheimtanlegu virði hennar. Endurheimtanlegt virði er núvirði áætlaðs framtíðarsjóðsflæðis, núvirft með upprunalegum virkum vöxtum fjáreignarinnar. Bókfært virði eignarinnar er lækkað sem nemur virðisrýrnuninni, með færslu á afskriftareikning og upphæð tapsins færð undir „Virðisrýrnun útlána og krafna“ í rekstrarreikningi. Fyrir lán með breytilega vexti er notast við gildandi raunvexti við núvirðinguna til að ákvarða virðisrýrnunartapið.

Fari svo, á síðara tímabili, að upphæð virðisrýrnunartapsins lækki og ástæðu þess megi tengja hlutlægt við atvik sem varð eftir að upprunalega virðisrýrnunin var skráð, þá er virðisrýrnunartapinu sem áður var skráð snúið við með leiðréttingu á afskriftareikninginn. Upphæð leiðréttingarinnar er færð í rekstrarreikning undir „Virðisrýrnun útlána og krafna“.

## Skýringar

### 2.7 Jöfnun fjáreigna og fjárskulda

Fjáreignum og fjárskuldbindingum er jafnað saman og nettófjárhæðin færð í efnahagsreikning þegar, og aðeins þegar, til staðar er lagalegur réttur til jöfnunar og ætlunin er að gera upp á nettögrunni, eða innleysa eignina og gera skuldbindinguna upp samtímis.

### 2.8 Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar miðað við upphaflegan reikning að frádregnum niðurfærslum vegna virðisrýmunar.

### 2.9 Handbært fé og ígildi þess

Til handbærs fjár teljast sjóður, óbundnar bankainnistæður og skammtímafjárfestingar sem auðvelt er að skipta í reiðufé og eru með binditíma til þriggja mánaða eða skemur.

### 2.10 Eigið fé - hlutfé

Hlutfé er fært á nafnverði og yfirverð, ef slíkt er, á aðra varasjóði. Hlutfé í efnahagsreikningi samsvarar heildarhlutfé að frádregnu nafnverði eigin bréfa.

Viðbótarkostnaður sem rekja má beint til útgáfu nýrra hluta eða vilnunar er sýndur í eigin fé sem frádráttur frá andvirði útgáfunnar. Viðbótarkostnaður sem rekja má beint til útgáfu nýrra hluta eða vilnunar vegna yfirtöku á fyrirtæki er talinn með í kostnaðarverði yfirtökunnar sem hluti af kaupverði.

Ef eigið hlutfé félagsins (eigin hlutir) er keypt, þá er endurgjaldið, sem greitt er að meðtöldum öllum viðbótarkostnaði, sem rekja má beint til kaupanna, dregið frá eigin fé. Ef þessir hlutir eru síðan seldir, endurútgefnir eða ráðstafað á annan hátt, er það endurgjald sem móttekið er fært á eigið fé, að frádregnum öllum viðbótarkostnaði sem rekja má til viðskiptanna.

### 2.11 Lántaka

Lántaka er í upphafi færð á gangvirði. Vextir, gengismunur og verðbætur færast í rekstarreikning með aðferð virkra vaxta. Lántökukostnaður er eignfærður við lántöku og gjaldfærður eftir lánstíma.

Lántaka er flokkuð meðal skammtímaskulda nema samstæðan hafi óskilyrtan rétt til að fresta uppgjöri skuldarinnar í a.m.k. 12 mánuði eftir dagsetningu reikningsskila.

### 2.12 Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru í upphafi færðar á gangvirði, og síðar á afskrifuðu kostnaðarvirði með aðferð virkra vaxta. Viðskiptaskuldir eru skuldbindingar til að greiða vörur eða þjónustu sem hafa verið keyptar nota í hefðbundnum rekstri félagsins. Viðskiptaskuldir eru flokkaðar sem skammtímaskuldir ef ætlað er að þær verði greiddar innan árs.

### 2.13 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu skuldabréfaeignar og áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnistæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

## 3. Fjárhagsleg áhættustjórnun

Stjórn félagsins ber ábyrgð á að innleiða og hafa eftirlit með áhættustýringu þess. Stjórnin hefur falið framkvæmdastjóra umsjón með daglegri áhættustýringu félagsins.

### (a) Útlánaáhætta

Útlánaáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi félagsins ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar. Lánsáhætta félagsins er einkum vegna langtímafröfu á tengt félag, Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhús ohf. Greiðsla þeirrar kröfu tengist að öllu leyti innlausn framlags frá íslenska ríkinu og Reykjavíkurborg vegna Hörpu á grundvelli samnings til 35 ára og er mótaðilaáhætta því í raun tengd ríki og Reykjavíkurborg

## Skýringar

Félagið metur tapsáhættu langtímakröfur og annarra krafna og færir niðurfærslu á móti mögulegu tapi slíkra krafna ef slíkt á við.

Mesta mögulega tap vegna lánsáhættu án tillits til veða er bókfært verð allra fjáreigna félagsins.

### (b) Lausafjárahætta

Lausafjárahætta er hættan á því að fyrirtækið geti ekki staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar eftir því sem þær gjaldfalla. Fjárhagsskuldbindingar félagsins felast fyrst og fremst í langtímaláni þess, en samningar fyrirtækisins um langtímakröfuna ganga út frá að alltaf sé til laust fé til greiðslu skuldarinnar. Fyrir liggur samningur til 35 ára við Ríkissjóð Íslands og Reykjavíkurborg um framlög sem ganga til greiðslu langtímalánsins.

Taflan hér að neðan greinir skuldir félagsins í flokka eftir gjalddögum þeirra. Fjárhæðir í töflunni vegna greiðslustreymis eru ónúvitar samningsbundnar greiðslur afborgana og vaxta. Skuldir á gjalddaga innan 12 mánaða frá dagsetningu efnahagsreiknings eru á bókfærðu verði þar sem áhrif núvirðingar eru óveruleg. Fjárhæðir eru í þús. króna.

Staða 31. desember 2013	Bókf. verð	Greitt innan	Greitt eftir	Samtals
		12 mán.	12 mán.	
Langtímaskuldir .....	19.611.157	1.019.575	32.626.389	33.645.964
Skuldir við tengd félög .....	13.254	13.254	0	13.254
Aðrar skammtímaskuldir .....	29.004	29.004	0	29.004
	<b>19.653.415</b>	<b>1.061.833</b>	<b>32.626.389</b>	<b>33.688.222</b>

Staða 31. desember 2012	Bókf. verð	Greitt innan	Greitt eftir	Samtals
		12 mán.	12 mán.	
Langtímaskuldir .....	17.219.806	905.853	28.116.630	29.022.483
Skuldir við tengd félög .....	103.397	103.397	0	103.397
Aðrar skammtímaskuldir .....	24.381	24.381	0	24.381
	<b>17.347.584</b>	<b>1.033.631</b>	<b>28.116.630</b>	<b>29.150.261</b>

Langtímakrafa í efnahagsreikningi mun innleysast með sama hætti.

Taflan hér að neðan greinir framlag til fjármögnunar Hörpu frá Ríkissjóði Íslands og Reykjavíkurborg. Fjárhæðir eru ónúvitar m.v. verðlag í lok árs 2013. Fjárhæðir í þús. króna.

Staða 31. desember 2013	Framlag	Greitt innan	Greitt eftir	Samtals
	2013	12 mán.	12 mán.	
Framlag frá Ríkissjóði og Reykjavíkurborg .....	1.027.799	1.040.623	33.473.387	34.514.010

### Staða 31. desember 2012

Framlag frá Ríkissjóði og Reykjavíkurborg .....	982.748	1.004.282	33.308.680	34.312.962
---	---------	-----------	------------	------------

### (c) Vaxtaáhætta

Félagið býr við vaxtaáhættu af lántökum vegna breytilegra vaxta frá febrúar 2012 til apríl 2013. Við breytingu á fjármögnun úr sambankaláni í skuldabréfaútboð býr samstæðan ekki við sérstaka vaxtaáhættu af lántökum þar sem nýja fjármögnunin er með föstum vöxtum. Félagið býr einnig við verðtryggingaráhættu af lántökum vegna vísitölutengingar, en að teknu tilliti til að framlag frá ríki og borg er einnig vísitölutryggt þá er nettó áhætta af verðtryggingu engin.

## Skýringar

### (d) Gjaldmiðlaáhætta

Félagið býr ekki við gjaldmiðlaáhættu af lántökum þar sem öll núverandi lán félagsins eru í íslenskum krónum. Það sama gildir um langtímakröfu á Ríkissjóð og Reykjavíkurborg vegna framlags.

### 3.1 Áhættustjórnun fjármögnunar

Markmið félagsins við stjórnun fjármögnunar er að tryggja að framlög ríkisins og Reykjavíkurborgar standi undir afborgunum og vöxtum af lántökum. Ekki er ætlast til að félagið skili arðsemi til hluthafa.

Fjármögnun samstæðunnar sundurliðast með eftirfarandi hætti:

	2013	2012
Lántökur .....	19.611.157	17.219.806
Frádragið: handbært fé .....	(12.006)	(102.461)
Lántökur nettó .....	19.599.150	17.117.345
Eigið fé .....	(1.026)	(822)
Fjármögnun samtals .....	19.598.124	17.116.523

## 4. Mikilvægt reikningshaldslegt mat

Sífelnt er verið að meta liði og byggir matið á skoðunum, reynslu fortíðar og öðrum þáttum, þ.m.t. framtíðarvæntingum sem álitíð er að séu rökréttar miðað við aðstæður.

Félagið leggur mat á þætti er varða reikningsskilin og gefur sér forsendur varðandi framtíðina. Eðli máls samkvæmt getur raunveruleg niðurstaða orðið önnur en gefnar forsendur.

Við núverandi aðstæður eru engir matskenndir liðir í ársreikningi félagsins sem geta falið áhættu á verulegri skekkju í mati á eignum og skuldum í reikningsskilum félagsins. Núverandi aðstæður byggjast á mati á mótaðilaáhættu á Ríkissjóð Íslands og Reykjavíkurborg.

## Skýringar

### 4. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

	2013	2012
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:		
Vaxtatekjur af greiðslumiðlun innan samstæðu .....	1.450.748	1.289.610
Vaxtatekjur af bankareikningi og öðrum vaxtaberandi eignum .....	1.110	570
Vaxtagjöld af sambankaláni og skuldabréfaútgáfu .....	(1.450.748)	(1.289.610)
Dráttarvextir .....	(18)	(5)
	<u>1.092</u>	<u>564</u>

### 5. Langtímakröfur á tengd félög

Langtímakrafa á tengd félög er krafa á móðurfélagið Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhús ohf. Krafan endurspeglar langtímaskuld félagsins, en félagið hefur selt skuldabréf á markaði til fjármögnunar á Tónlistar- og ráðstefnuhúsi við Austurhöfn í Reykjavík. Lánið er endurlánað til Hörpu ohf. og eru kjör á milli félaga þau sömu og á skuldabréfinu.

	2013	2012
Krafan kemur þannig fram í efnahagsreikningi:		
Afborganir næstu 12 mánaða, færðar meðal skammtímakrafna .....	322.288	298.447
Afborganir með gjalddaga eftir eitt ár eða síðar .....	19.288.869	16.921.359
	<u>19.611.157</u>	<u>17.219.806</u>

### 6. Langtímaskuldir

	2013	2012
Skuldir í íslenskum krónum:		
Verðtryggðar skuldir HARP 46 0217 vextir 3,55% .....	19.782.701	17.333.255
Lántökukostnaður færður til gjalda á líftíma láns .....	(171.544)	(113.449)
Langtímaskuldir samtals .....	<u>19.611.157</u>	<u>17.219.806</u>

Afborganir af langtímaskuldum félagsins í lok árs greinast þannig á næstu ár:

Árið 2014 .....	322.288
Árið 2015 .....	333.737
Árið 2016 .....	345.592
Árið 2017 .....	357.868
Árið 2018 .....	370.580
Síðar .....	<u>17.881.092</u>
	<u>19.611.157</u>

Langtímaskuldir samtals 19.611 milljónir króna, koma þannig fram í efnahagsreikningi:

Afborganir næstu 12 mánaða, færðar meðal skammtímaskulda .....	322.288
Afborganir með gjalddaga eftir eitt ár eða síðar .....	<u>19.288.869</u>
	<u>19.611.157</u>

## Skýringar

Langtímaskuld að fjárhæð 19.611 milljónir króna er skuldabréf félagsins útgefið hjá Kauphöll Ísland, Nasdaq OMX, undir auðkenninu HARP 46 0217. Samkvæmt skilmálum skuldabréfsins er lánið verðtryggt með visitölu neysluverðs og föstum vöxtum, 3,55%. Skuldabréfið er án uppgreiðsluheimildar.

Lánið greiðist með 394 jöfnum greiðslum (annuitet), sem felur í sér að afborgun nafnverðs fer vaxandi eftir því sem líður á lánstímann. Fyrsti gjalddagi var í maí 2013 og síðasti gjalddagi verður þann 15. febrúar 2046. Áætluð afborgun næsta árs er 322 milljón króna, en áætluð heildargreiðsla lánsins með vöxtum og verðbótum er áætluð 1.020 milljónir króna.

### 7. Viðskipti við tengda aðila

Tengdir aðilar félagsins eru móðurfélagið, stjórn félagsins, framkvæmdastjóri, nánir fjölskyldumeðlimir fyrrgreindra aðila og aðilar sem hafa umtalsverð áhrif sem stórir hluthafar í félaginu. Þessi skilgreining er byggð á settum reikningsskilareglum. Eftirfarandi viðskipti voru við móðurfélagið Hörpu á árinu:

	2013	2012
Vaxtatekjur (móðurfélagið Harpa) .....	1.450.748	1.289.610
Langtímakrafa á tengd félög (Harpa) .....	19.288.869	16.921.359
Næsta árs afborgun langtímakröfu á tengd félög (Harpa) .....	322.288	298.447
Langtímakrafa samtals .....	19.611.157	17.219.806
Kröfur á tengd félög, áfallnir vextir af langtímakröfu (Harpa) .....	29.004	24.381
Kröfur á tengda aðila samtals .....	19.640.161	17.244.187
Skuldir við tengda aðila í árslok (Harpa) .....	13.254	103.397
<i>Hreyfingar á kröfum á tengda aðila á árinu</i>		
Krafa á tengdra aðila, staða í upphafi árs .....	17.244.187	16.798.566
Ný krafa tengd endurfjármögnun .....	19.503.035	0
Uppgreiðsla á eldra láni vegna endurfjármögnunar .....	(17.240.273)	0
Greiddar afborganir .....	(306.301)	(329.613)
Reiknaðir vextir, 3,17% - 3,92% ásamt verðtryggingu .....	1.450.748	1.289.610
Greiddir vextir .....	(1.011.115)	(519.069)
Dreifing yfirverðs .....	(4.794)	0
Dreifing lántökukostnaðar .....	4.673	4.693
Kröfur á tengda aðila, staða í lok árs .....	19.640.161	17.244.187

Engar launagreiðslur eða greiðslur fyrir stjórnarsetu voru á árinu.

## Skýringar

### 8. Skattamál

Félagið greiðir enga skatta vegna reksturs ársins 2013. Yfirfæranlegt tap nam í árslok 1.630 þúsund króna og er nýtanlegt til ársins 2023.

Hagræði vegna skattalegs taps er ekki eignfært vegna óvissu um nýtingu.

Ójafnað rekstrartap frá fyrri árum greinist þannig:

Tap ársins 2011, nýtanlegt til ársloka 2021 .....	668
Tap ársins 2012, nýtanlegt til ársloka 2022 .....	777
Tap ársins 2013, nýtanlegt til ársloka 2023 .....	185
	<hr/>
	1.630

### 9. Fjárhagsleg staða og endurfjármögnun

Á árinu 2013 var samþykkt að gefa út verðtryggðan skuldabréfaflokk, að fjárhæð allt að 19,5 milljarðar króna og var öll fjárhæðin gefin út á árinu. Andvirði skuldabréfaútboðsins var nýtt til greiðslu sambankaláns. Skuldabréfaútgáfa sem gengið var frá í apríl 2013 leiðir til þess að árleg greiðslubyrði vaxta og afborgunar breytist. Skuldabréfin eru tryggð með veði í framlagi ríkis og borgar, fyrsta veðrétti í tónlistar- og ráðstefnuhúsinu Hörpu auk handveðsréttar í bankainnstæðum félagsins.

Íslenska ríkið og Reykjavíkurborg hafa skuldbundið sig til að greiða fasta árlega fjárhæð, sem bundin er vísitölu neysluverðs og er greiðsla vegna kaupa á þeirri þjónustu sem felst í því annars vegar að Harpa tónlistar- og ráðstefnuhús ohf. eigi tónlistar- og ráðstefnuhús og hins vegar reki aðstöðu í tónlistar- og ráðstefnuhúsinu Hörpu. Framlagið greiðist mánaðarlega í 35 ár frá 15. mars 2011. Framlagið greiðist inn á veðsettan bankareikning Hríngs og verður ávallt fyrst nýtt til að greiða mánaðarlegar afborganir af skuldabréfum í skuldabréfaflokki félagsins.

Endurfjármögnun samkvæmt skuldabréfaútboði ásamt óafturkræfu og skilyrðislausu framlagi Ríkissjóðs og Reykjavíkurborgar leiðir til þess að félagið getur staðið við skuldbindingar sínar.



## **Greiðslumiðlunin Hringur ehf.**

**Samandreginn árslutareikningur  
30. júní 2014**

## Efnisyfirlit

bls.

Árshlutaskýrsla stjórnar .....	2
Könnunaráritun óháðs endurskoðenda .....	3
Rekstrarreikningur .....	4
Efnahagsreikningur .....	5
Yfirlit yfir breytingar á eigin fé .....	6
Sjóðstreymi .....	7
Skýringar .....	8 - 11

Greiðslumiðlunin Hringur ehf.  
Kennitala 470110-0740  
Austurbakka 2, 101 Reykjavík

## Árshlutaskýrsla stjórnar

### Meginstarfsemi félagsins

Greiðslumiðlunin Hringur ehf. er hluti af samstæðu Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhús ohf. (Harpa ohf.) og hefur þann tilgang að taka lán til byggingar Tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu við Austurhöfn í Reykjavík og annast greiðslumiðlun lánsins í samræmi við samninga. Framlag ríkis og Reykjavíkurborgar vegna byggingar og fjármögnunar Hörpu gengur að öllu leyti til greiðslu á lántöku og er veðsett, á móti skuldum félagsins. Framlagið byggir á samningi um rekstur og starfsemi Hörpu þar sem Ríkissjóður Íslands og Reykjavíkurborg skuldbinda sig til að greiða mánaðarlega framlag í 35 ár til Hörpu. Upphafsgreiðsla var í mars 2011 og greiðslu lýkur árið 2046.

### Starfsemin á árinu

Samkvæmt rekstrarreikningi nam tap félagsins á tímabilinu 1.9 milljón króna og eigið fé var neikvætt um 2,9 milljónir króna. Að öðru leyti vísast til árshlutareiknings um rekstur félagsins á tímabilinu og fjárhagsstöðu í lok þess.

### Yfirlýsing

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra er árshlutareikningur félagsins saminn í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, og gefur glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu félagsins þann 30. júní 2014 ásamt fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2014.

Það er álit stjórnar og framkvæmdastjóra að árshlutareikningur félagsins ásamt ofangreindri árshlutaskýrslu gefi skýra mynd af stöðu félagsins, lýsi helstu áhættu- og óvissuþáttum og greini frá meiri háttar viðskiptum við tengda aðila.

Stjórn Greiðslumiðlunarinnar Hríngs ehf. og framkvæmdastjóri staðfesta hér með árshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2014 með áritun sinni.


Reykjavík, 29. ágúst 2014

Stjórn:



Halldór Guðmundsson, formaður

Framkvæmdastjóri:



Auður Árnadóttir

## Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Greiðslumiðlunarinnar Hrings ehf.

### Inngangur

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn árslutareikning Greiðslumiðlunarinnar Hrings ehf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2014. Samandregni árslutareikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um breytingu á eigin fé, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu samandregna árslutareikningsins í samræmi við lög og alþjóðlega reikningsskilastaðla, eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu. Ábyrgð okkar felst í þeirri ályktun sem af könnun okkar leiðir.

### Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árslutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit um endurskoðun.

### Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að meðfylgjandi samandreginn árslutareikningur sé í öllum meginatriðum gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

Reykjavík, 29. ágúst 2014

PricewaterhouseCoopers ehf.

Vignir Rafn Gíslason  
löggitur endurskoðandi



## Rekstrarreikningur og yfirlit yfir heildarafkomu tímabilið 1. janúar til 30. júní 2014

	Skýr	2014 1.1 - 30.6	2013 1.1 - 30.6
<b>Rekstrarkostnaður</b>			
Aðkeypt þjónusta .....		(1.514.568)	(587.743)
Annar rekstrarkostnaður .....		<u>(393.900)</u>	<u>0</u>
<b>Rekstrartap</b>		<u>(1.908.468)</u>	<u>(587.743)</u>
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Hreinar fjármunatekjur (-fjármagnsgjöld) .....	4	<u>(14.225)</u>	<u>(9.343)</u>
		(14.225)	(9.343)
<b>Heildarafkoma, tap tímabilsins</b>		<u><u>(1.922.693)</u></u>	<u><u>(597.086)</u></u>
<b>Heildarafkoma (tap tímabilsins) skiptist á eftirfarandi hátt:</b>			
Eigendur félagsins .....		(1.922.693)	(597.086)

## Efnahagsreikningur 30. júní 2014

Eignir	Skýr	30.6.2014	31.12.2013
<b>Fastafjármunir</b>			
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Langtímakrafa á tengd félög .....	5	<u>19.305.066.472</u>	<u>19.288.868.966</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Næsta árs afborgun langtímakröfu á tengd félög .....	5	341.833.695	322.287.675
Kröfur á tengd félög, áfallnir vextir langtímakröfu .....	7	25.182.611	29.003.859
Skammtímakröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....		263.190	222.057
Handbært fé .....		0	12.006.442
		<u>367.279.496</u>	<u>363.520.033</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>19.672.345.968</u>	<u>19.652.388.999</u>
 <b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>			
Hlutfé .....		500.000	500.000
Ójafnað tap .....		(3.448.634)	(1.525.941)
		<u>(2.948.634)</u>	<u>(1.025.941)</u>
<b>Skuldir</b>			
Langtímaskuldir:			
Skuldir í íslenskum krónum .....	6	19.305.066.472	19.288.868.966
Skammtímaskuldir:			
Næsta árs afborgun af langtímaskuldum .....	6	341.833.695	322.287.675
Áfallnir vextir langtímalána .....		25.182.611	29.003.859
Skuldir við tengd félög .....	7	3.166.791	13.254.440
Aðrar skammtímaskuldir .....		45.033	0
		<u>370.228.130</u>	<u>364.545.974</u>
<b>Skuldir samtals</b>		19.675.294.602	19.653.414.940
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>19.672.345.968</u>	<u>19.652.388.999</u>
 <b>Reikningsskilaaðferðir og mat</b>	1, 2, 3		
<b>Aðrar upplýsingar</b>	7 - 8		

## Yfirlit um breytingar á eigin fé frá 1. janúar til 30. júní 2014

	Hlutfé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
<b>Hreyfingar 2013:</b>			
Eigið fé 1. janúar 2013 .....	500.000	(1.322.406)	(822.406)
Heildarafkoma, tap tímabilsins .....		(597.086)	(597.086)
Staða 30. júní 2013 .....	<u>500.000</u>	<u>(1.919.492)</u>	<u>(1.419.492)</u>
<b>Hreyfingar 2014:</b>			
Eigið fé 1. janúar 2014 .....	500.000	(1.525.941)	(1.025.941)
Heildarafkoma, tap tímabilsins .....		(1.922.693)	(1.922.693)
Staða 30. júní 2014 .....	<u>500.000</u>	<u>(3.448.634)</u>	<u>(2.948.634)</u>

## Sjóðstreymi 1. janúar til 30. júní 2014

	2014	2013
Skýr	1.1 - 30.6	1.1 -30.6
<b>Rekstrarhreyfingar</b>		
Hreint veltufé frá rekstri:		
Rekstrartap fyrir fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	(1.908.468)	(587.743)
Mótteknir vextir og verðbætur .....	351.623.546	837.118.080
Greiddir vextir og verðbætur .....	(351.637.771)	(837.127.423)
	(14.225)	(9.343)
Lækkun rekstrartengdra eigna:		
Viðskiptakröfur og aðrar skammtimacröfur .....	3.780.115	0
Lækkun rekstrartengdra skulda:		
Skammtímaskuldir .....	(3.776.215)	0
	3.900	0
<b>Handbært fé (til rekstrar) frá rekstri</b>	(1.918.793)	(597.086)
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>		
Lán til móðurfélags .....	0	(19.503.034.987)
Innborganir frá móðurfélagi .....	162.119.997	17.385.721.107
	162.119.997	(2.117.313.880)
<b>Fjármögnunarahreyfingar</b>		
Tekin ný langtímalán .....	0	19.503.034.987
Afborganir langtímalána .....	(162.119.997)	(17.385.721.107)
Skammtímalán við tengda aðila, breyting .....	(10.087.649)	(100.126.966)
	(172.207.646)	2.017.186.914
<b>(Lækkun) hækkun á handbæru fé</b>	(12.006.442)	(100.724.052)
Handbært fé í byrjun árs .....	12.006.442	102.460.789
<b>Handbært fé í árslok</b>	0	1.736.737



# Skýringar

## 1. Almennar upplýsingar

Greiðslumiðlunin Hringur ehf. er hluti af samstæðu Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf. (Hörpu ohf) og hefur þann tilgang að taka lán til byggingar Tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu við Austurhöfn í Reykjavík og annast greiðslumiðlun lánsins í samræmi við samninga.

Greiðslumiðlunin Hringur ehf. er með heimilisfesti á Íslandi. Heimilisfang er skráð að Austurbakka 2, 101 Reykjavík.

Stjórn félagsins samþykkti þessi reikningsskil 29. ágúst 2014.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

Helstu reikningsskilaaðferðir sem beitt var við gerð þessara reikningsskila eru tilgreindar hér á eftir. Þessum aðferðum var beitt á samræmdan hátt á bæði tímabilin sem sett eru fram, nema annað sé tekið fram.

### 2.1 Grundvöllur reikningsskila

Samandreginn árs hlutareikningur Greiðslumiðlunarinnar Hringur ehf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2014 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árs hlutareikninga IAS 34. Samandregni árs hlutareikningurinn inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í ársreikningi og ætti því að lesa með hliðsjón af ársreikningi félagsins fyrir árið 2013.

Gerð árs hlutareikninga í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að notaðar séu tilteknar aðferðir við reikningshaldslegt mat. Stjórnendur félagsins þurfa jafnframt að ákvarða notkun tiltekinna reikningsskilaaðferða. Sérstaklega er greint frá þessum aðferðum í skýringu nr. 3.

### 2.2 Starfsþáttaskýrslur

Starfsþáttur er skilgreindur sem aðgreinanlegur hluti í rekstri fyrirtækis sem aflar tekna og leggur út gjöld, og sem reiknað er út rekstrarniðurstöðu sem stjórnendur félagsins yfirfara reglulega og nota til að taka ákvarðanir um það hvaða fjármuni á að leggja til starfsþáttarins, og meta í framhaldi af því fjárhagslegan árangur hans.

Félag sem er með verðbréf á opinberum hlutabréfamarkaði eða ætlar gefa að út verðbréf sem verða þar í viðskiptum þurfa að aðgreina sína starfsþætti og birta starfsþáttaskýrslur í ársreikningi sínum. Greiðslumiðluninni Hringur ehf. hefur aðeins einn starfsþátt sem hægt er að aðgreina sérstaklega miðað við ofangreinda skilgreiningu, sem er að taka lán til byggingar Tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu við Austurhöfn í Reykjavík og annast greiðslumiðlun lánsins í samræmi við samninga. Því birtir félagið ekki sérstakt starfsþáttayfirlit þar sem stjórnendur félagsins skoða eingöngu niðurstöðu fyrir félagið í heild við ákvarðanir sínar.

## 3. Mikilvæg atriði sem varða reikningshaldslegt mat

Við gerð þessa samandregna árs hlutareiknings voru aðferðir stjórnenda félagsins við að beita reikningsskilaaðferðum þær sömu og notað var við gerð ársreiknings félagsins 31. desember 2013.

Félagið leggur mat á þætti er varða reikningsskilin og gefur sér forsendur varðandi framtíðina. Eðli máls samkvæmt getur raunveruleg niðurstaða orðið önnur en gefnar forsendur.

Við núverandi aðstæður eru engir matskenndir liðir í ársreikningi félagsins sem geta falið áhættu á verulegri skekkju í mati á eignum og skuldum í reikningsskilum félagsins. Núverandi aðstæður byggjast á mati á mótaðilaáhættu á Ríkissjóð Íslands og Reykjavíkurborg.

## Skýringar

### 4. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:	30.6.2014	30.6.2013
Vaxtatekjur af greiðslumiðlun innan samstæðu Hörpu ohf. ....	545.753.001	839.677.077
Vaxtagjöld af sambankaláni .....	(545.753.001)	(839.677.077)
Dráttarvextir .....	(14.225)	(9.343)
	<u>(14.225)</u>	<u>(9.343)</u>

### 5. Langtímakröfur á tengd félög

Langtímakrafa á tengd félög er krafa á móðurfélagið Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhús ohf. Krafan endurspeglar langtímaskuld félagsins, en félagið hefur selt skuldabréf á markaði til fjármögnunar á Tónlistar- og ráðstefnuhúsi við Austurhöfn í Reykjavík. Lánið er endurlánað til Hörpu ohf. og eru kjör á milli félaga þau sömu og á skuldabréfinu.

Krafan kemur þannig fram í efnahagsreikningi:	30.6.2014	31.12.2013
Afborganir næstu 12 mánaða, færðar meðal skammtímakrafna .....	341.833.695	322.287.675
Afborganir með gjalddaga eftir eitt ár eða síðar .....	19.305.066.472	19.288.868.966
	<u>19.646.900.167</u>	<u>19.611.156.641</u>

### 6. Langtímaskuldir

	30.6.2014	31.12.2013
Skuldir í íslenskum krónum:		
Verðtryggðar skuldir HARP 46 0217 vextir 3,55% .....	19.815.014.703	19.782.700.755
Lántökukostnaður færður til gjalda á líftíma láns .....	(168.114.536)	(171.544.114)
Langtímaskuldir samtals .....	<u>19.646.900.167</u>	<u>19.611.156.641</u>

Afborganir af langtímaskuldum félagsins í lok árs greinast þannig á næstu ár:

Árið 2014/15 .....	341.833.695
Árið 2015/16 .....	354.178.466
Árið 2016/17 .....	366.968.728
Árið 2017/18 .....	380.220.550
Árið 2018/19 .....	393.950.576
Síðar .....	17.809.748.151
	<u>19.646.900.167</u>

Langtímaskuldir samtals 19.647 milljónir króna, koma þannig fram í efnahagsreikningi:

Afborganir næstu 12 mánaða, færðar meðal skammtímaskulda .....	341.833.695
Afborganir með gjalddaga eftir eitt ár eða síðar .....	19.305.066.472
	<u>19.646.900.167</u>

## Skýringar

### 6. Langtímaskuldir, frh.

Langtímaskuld að fjárhæð 19.647 milljónir króna er skuldabréf félagsins útgefið hjá Kauphöll Ísland, Nasdaq omx, undir auðkenninu HARP 46 0217. Samkvæmt skilmálum skuldabréfsins er lánið verðtryggt með visitölu neysluverðs og föstum vöxtum, 3,55%. Skuldabréfið er án uppgreiðsluheimildar.

Lánið er jafngreiðslulán (annuity lán), sem felur í sér að afborgun nafnverðs fer vaxandi eftir því sem líður á lánstímann. Áætluð afborgun næsta árs er 341 milljón króna, en áætluð árleg heildargreiðsla með vöxtum og verðbótum miðað við visitölu í lok júní 2014 er áætluð 1.033 milljónir króna.

### 7. Viðskipti við tengda aðila

Tengdir aðilar félagsins eru móðurfélag, stjórn félagsins, framkvæmdastjóri, nánir fjölskyldumeðlimir fyrrgreindra aðila og aðilar sem hafa umtalsverð áhrif sem stórir hluthafar í félaginu. Þessi skilgreining er byggð á settum reikningssskilareglum. Eftirfarandi viðskipti voru við móðurfélagið Hörpu á árinu:

	30.6.2014	31.12.2013
Vaxtatekjur (móðurfélagið Harpa ohf.) .....	545.753.001	1.450.748.359
Langtímakrafa á tengd félög (Harpa ohf.) .....	19.305.066.472	19.288.868.966
Næsta árs afborgun langtímakröfu á tengd félög (Harpa ohf.) .....	341.833.695	322.287.675
Langtímakrafa samtals .....	19.646.900.167	19.611.156.641
Kröfur á tengd félög, áfallnir vextir af langtímakröfu (Harpa ohf.) .....	25.182.611	29.003.859
Kröfur á tengda aðila samtals .....	19.672.082.778	19.640.160.500
Skuldir við tengda aðila í árslok (Harpa ohf.) .....	3.166.791	13.254.440
<i>Hreyfingar á kröfum á tengda aðila á árinu</i>		
Krafa á tengda aðila, staða í upphafi tímabils .....	19.640.160.500	17.244.187.118
Ný krafa tengd endurfjármögnun .....		19.503.034.987
Uppgreiðsla á eldra láni vegna endurfjármögnunar .....		(17.240.272.854)
Greiddar afborganir .....	(162.119.997)	(306.301.072)
Reiknaðir vextir, 3,17% - 3,92% ásamt verðtryggingu .....	545.753.001	1.450.748.359
Greiddir vextir .....	(351.623.546)	(1.011.115.112)
Dreifing yfirverðs .....	(3.516.758)	(4.793.820)
Dreifing lántökukostnaðar .....	3.429.578	4.672.894
Krafa á tengda aðila, staða í lok tímabils .....	19.672.082.778	19.640.160.500

Engar launagreiðslur eða greiðslur fyrir stjórnarsetu voru á tímabilinu.

## Skýringar

### 8. Fjárhagsleg staða og endurfjármögnun

Á árinu 2013 var samþykkt að gefa út verðtryggðan skuldabréfaflokk, að fjárhæð allt að 19,5 milljarðar króna og var öll fjárhæðin gefin út á árinu. Andvirði skuldabréfaútbóðsins var nýtt til greiðslu sambankaláns. Skuldabréfaútgáfa sem gengið var frá í apríl 2013 leiðir til þess að árleg greiðslubyrði vaxta og afborgunar breytist. Skuldabréfin eru tryggð með veði í framlagi ríkis og borgar, fyrsta veðrétti í tónlistar- og ráðstefnuhúsinu Hörpu auk handveðsréttar í bankainnstæðum félagsins.

Íslenska ríkið og Reykjavíkurborg hafa skuldbundið sig til að greiða fasta árlega fjárhæð, sem bundin er visitölu neysluverðs og er greiðsla vegna kaupa á þeirri þjónustu sem felst í því annars vegar að Harpa tónlistar- og ráðstefnuhús ohf. eigi tónlistar- og ráðstefnuhús og hins vegar reki aðstöðu í tónlistar- og ráðstefnuhúsinu Hörpu. Framlagið greiðist mánaðarlega í 35 ár frá 15. mars 2011. Framlagið greiðist inn á veðsettan bankareikning Hringa og verður ávallt fyrst nýtt til að greiða mánaðarlegar afborganir af skuldabréfum í skuldabréfaflokki félagsins.